



Hörgársveit

Aðalskipulag 2012-2024



GREINARGERÐ

9.12.2015

HÖRGÁRSVEIT

Aðalskipulag 2012-2024



LANDMÓTUN®

Unnið fyrir Hörgársveit

Landmótun sf. Hamraborg 12, 200 Kópavogur

Greinagerð: Yngvi Þór Loftsson Óskar Örn Gunnarsson Margrét Ólafsdóttir

LJÓSMYNDIR

Hörgársveit, Hörg.

Landmótun. L.M.



Mynd á kápu. Ljósmynd. H.V.


FYLGISKJÖL

Uppdráttur Hörgársveit - Aðalskipulag 2012-2024, dagsett 9.12.2015

Umhverfisskýrsla Aðalskipulag 2014-2026, dagsett 9.12.2015

Aðalskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í
sveitarstjórn þann 9.12.2015

  
Aðalskipulag þetta var staðfest af Skipulagsstofnun þann 17.12.2015


  

Auglýsing um gildistöku aðalskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 11. 1. 2016.

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	5
1.1	MARKMIÐ AÐALSKIPULAGS	5
1.2	SAMRÁÐ	6
1.2.1	Samráð við íbúa og hagsmunaaðila	6
1.2.2	Samráð við stofnanir og fyrirtæki	6
1.3	FYRIRLIGGJANDI SKIPULAGSÁÆTLANIR OG AÐRAR ÁÆTLANIR	7
1.4	HELSTU BREYTINGAR FRÁ GILDANDI AÐALSKIPULAGI	8
1.5	AFGREIÐSLA EFTIR AUGLÝSINGU	9
1.6	KORTAGRUNNAR OG UPPDRÆTTIR	20
2	MEGINÞÆTTIR AÐALSKIPULAGS.....	20
2.1	LÝSING AÐALSKIPULAGS	20
3	DREIFBÝLI	22
3.1	BYGGÐ	22
3.1.1	Íbúðarbyggð.....	22
3.1.2	Frístundabyggð	22
3.1.3	Opin svæði	24
3.1.4	Afþreyingar- og ferðamannasvæði	25
3.1.5	Kirkjugarðar	25
3.1.6	Umhverfisáhrif byggð.....	25
3.2	ATVINNA.....	26
3.2.1	Landbúnaðarsvæði.....	26
3.2.2	Samfélagsþjónusta	30
3.2.3	Verslun- og þjónusta.....	31
3.2.4	Athafnasvæði.....	32
3.2.5	Iðnaðarsvæði.....	33
3.2.6	Hafnarsvæði	33
3.2.7	Efnistöku- og efnislosunarsvæði	33
3.2.8	Umhverfisáhrif atvinnu	35
3.3	UMHVERFI	35
3.3.1	Óbyggð svæði.....	35
3.3.2	Vatnsvernd	36
3.3.3	Verndarsvæði vegna strandmengunar og mengunar í ám og vötnum.....	38
3.3.4	Strandsvæði	38
3.3.5	Friðlýst svæði.....	39
3.3.6	Önnur náttúruvernd	39
3.3.7	Minjavernd.....	41
3.3.8	Hverfisverndarsvæði.....	46
3.3.9	Skógræktar- og landgræðslusvæði.....	51
3.3.10	Náttúruvá	54
3.3.11	Umhverfisáhrif umhverfi.....	57
3.4	SAMGÖNGUR OG GRUNNKERFI	57
3.4.1	Vegir.....	57
3.4.2	Göngu- og hjólaleiðir.....	59
3.4.3	Reiðleiðir	59

3.4.4	Grunnkerfi og helgunarsvæði.....	62
3.4.5	Vatnsveita	62
3.4.6	Hitaveita.....	62
3.4.7	Fráveita.....	62
3.4.8	Rafveita.....	62
3.4.9	Fjarskipti.....	63
3.4.10	Umhverfisáhrif samgöngur	63
4	ÞÉTTBÝLI	64
4.1	BYGGÐ	64
4.1.1	Íbúðarbyggð.....	64
4.1.2	Frístundabyggð	66
4.1.3	Íþróttasvæði.....	66
4.1.4	Afþreyingar og ferðamannasvæði	67
4.1.5	Opin svæði	67
4.1.6	Umhverfisáhrif byggðar	67
4.2	ATVINNA	67
4.2.1	Verslun og þjónusta.....	67
4.2.2	Samfélagsþjónusta	68
4.2.3	Athafnasvæði.....	68
4.2.4	Iðnaðarsvæði.....	69
4.2.5	Hafnarsvæði	69
4.2.6	Umhverfisáhrif atvinnu	69
4.3	NÁTTÚRA OG VERNDARSVÆÐI	70
4.3.1	Óbyggð svæði.....	70
4.3.2	Náttúruverndarsvæði	70
4.3.3	Þjóðminjavernd	70
4.3.4	Hverfisverndarsvæði.....	70
4.3.5	Umhverfisáhrif náttúra og verndarsvæði	70
4.4	SAMGÖNGUR OG VEITUR	71
4.4.1	Vegir.....	71
4.4.2	Rafveita.....	72
4.4.3	Hitaveita.....	72
4.4.4	Vatnsveita	72
4.4.5	Fráveita.....	72
4.4.6	Umhverfisáhrif grunnkerfi	73
5	HEIMILDIR.....	74
5.1	RITAÐAR HEIMILDIR:	74
5.2	VEFSÍÐUR:	74
6	VIÐAUKI 2.....	76
6.1	FRÍÐUÐ HÚS Á GILDISSTÍMA AÐALSKIPULAGINS SKV. LÖGUM UM MENNINGARMINJAR NR.80/2012.....	76



Mynd 1-1. Sveitarfélög á Eyjafjarðarsvæðinu. (Heimild: Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024.

Að stuðla að **hagkvæmri þróun byggðar** á svæðinu, m.a. að taka frá byggingaland fyrir vöxt þéttbýlis og að leggja fram áætlun sem gæti stuðlað að hagstæðum búsetuskilyrðum. Þessu markmiði verði náð með því að efla þætti sem m.a. varða atvinnulíf, menntun, félagslega aðstöðu og samgöngur.

Að stuðla að **auknum og fjölbreyttum atvinnutækifærum** með nægu framboði lóða undir iðnað, ferðaþjónustu og aðra atvinnustarfsemi og með aukinni nýsköpun.

Að stuðla að hagkvæmri nýtingu orku- og auðlinda.

Að standa vörð um **landbúnað** á svæðinu til að sveitir haldist í blómlegri byggð.

Að leita hagkvæmstu lausna í **vegagerð** og stuðla að umferðar- og rekstraröryggi, samtengingu byggðar, m.a. vegna skólaaksturs og atvinnu utan býla.

Að stuðla að **góðum samgöngum** í byggðarluginu.

Að stuðla að **varðveislu náttúruminja og söguminja** og annarra umhverfislegra gæða sem styrkir m.a. ferðaþjónustu.

Að styrkja stoðir og **auka vægi ferðaþjónustu** á svæðinu sem byggir á sérstöðu svæðisins.

Að standa vörð um vernd **grunnvatns** sem nytjavatns fyrir íbúa og fyrir atvinnustarfsemi.

Að stuðla að **gróðurvernd og landgræðslu** og að landnýting verði í samræmi við landgæði og ástand lands.

1 INNGANGUR

Hörgársveit er sveitarfélag við Eyjafjörð. Það var stofnað 12. júní 2010 með sameiningu Hörgárbyggðar og Arnarneshrepps. Hörgárbyggð var áður stofnuð 1. janúar 2001 með sameiningu Skriðuhrepps, Öxnadalshrepps og Glæsibæjarhrepps. Sveitarfélagið nær yfir Galmatrönd, Hörgárdal, Öxnadal og Kræklingahlíð. Aðalskipulag Hörgársveitar 2012-2024 tekur til alls lands innan staðarmarka sveitarfélagsins. Heildarstærð skipulagssvæðis er um 893 km².

Í þessari greinargerð er nánari lýsing á tillöguuppdrætti og stefnumörkun fyrir þá landnotkun sem stefnt er að á svæðinu. Hver landnotkunarflokkur hefur sinn ákveðna lit og tákn á uppdrætti og gilda þær reglur og viðmiðanir sem lýst er nánar í greinargerð.

Greinargerðin skiptist í fimm kafla; Kafli 1; Inngangur, kafli 2; Meginþættir skipulagsáætlunar, kafli 3; Stefnumörkun í dreifbýli, kafli 4; Stefnumörkun í þéttbýli, kafli 5; Heimildir og kaflar 6-7; Viðaukar. Forsendur og umhverfisskýrsla eru settar fram í sérhefti.

1.1 MARKMIÐ AÐALSKIPULAGS

LEIÐARLIÓS

Skipulagið skal stuðla að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu, m.a. með því að skapa sem best skilyrði fyrir atvinnulíf og mannlíf og að gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða.

MEGINMARKMIÐ

Aðalskipulag Hörgársveitar 2012-2024 miðast við að sjá fyrir nægu landrými fyrir mismunandi starfsemi á tímabilinu 2012-2024.

Lögð er áhersla á eftirfarandi almenn markmið sem eru síðan útfærð nánar í :

Að skráð verði þekkt **hættusvæði**, t.d. þar sem jarðskjálfta-, ofanflóða- eða annars konar flóðahætta er til staðar. Nánar verði unnið úr gögnum um hugsanlega náttúruvá síðar meir með gerð jarðfræðikorta.

Að stuðla að því að nýting lands, auðlinda og mannauðs sé í samræmi við markmið sjálfbærrar þróunar.

Að benda skýrt á gildi **skógræktar** enda er líklegt að um verði að ræða umtalsverða breytingu á landnotkun vegna skógræktar, bæði almennrar skógræktar og nytjaskógræktar, þ.e. bændaskóga.

1.2 SAMRÁÐ

Haft var samráð við aðila sem á einn eða annan hátt tengjast þeim þáttum sem aðalskipulagið tekur til. Hér á eftir er gerð grein fyrir samráði sem skilyrt er skv. skipulagsreglugerð, gr. 3.2.

1.2.1 Samráð við íbúa og hagsmunaaðila

Haldnir hafa verið þrír íbúafundir í tengslum við aðalskipulagsvinnuna.

Íbúafundur í janúar 2012. Kynning í upphafi vinnu, opið hús og hópavinna.

Íbúafundur í maí 2012. Drög að tillögu kynnt á almennum íbúafundi.

Íbúafundur í apríl 2013 og 8. apríl 2015. Tillaga kynnt fyrir samþykkt sveitarstjórnar um auglýsingu.

Fundur með reiðveganefnd vegna reiðvega.

Fundur með landeigendum á Moldhaugahálsi vegna iðnaðar-, efnistöku- og safnasvæðis.

1.2.2 Samráð við stofnanir og fyrirtæki

Samráð var haft við eftirfarandi stofnanir en tillaga að aðalskipulagi var send til umsagnar í janúar 2013 og svo aftur í desember 2014. Eftirfarandi aðilar fengu tillöguna til umsagnar samkvæmt eftirfarandi efnisflokkum:

Samgöngur. Fundur með Vegagerðinni 26. janúar 2012, um samgöngur og fyrirhugaðar framkvæmdir, tillaga send til umsagnar janúar 2013 og desember 2014.

Hafnarsvæði. Fundur með Hafnasamlagi Norðurlands vegna hafnarsvæðis við Dysnes. Tillaga send til umsagnar janúar 2013 og desember 2014.

Náttúruverndarsvæði og aðrar náttúruminjar. Landupplýsingagögn vegna friðlýstra svæða og svæða á náttúruminjasrá fengin frá UST. Tillaga send til umsagnar janúar 2013 og desember 2014.

Ofanflóð. Fundað með Náttúrufræðistofnun á Akureyri vegna vinnu við ofnaflóðaskráningu í Hörgársveit.

Friðlýstar minjar og skráning fornminja. Samráð við Minjastofnun Íslands vegna fyrirliggjandi fornleifaskráningar. Upplýsingar frá húsafriðunarnefnd vegna friðaðra húsa. Tillaga send til umsagnar janúar 2013 og desember 2014.

Efnistökusvæði. Samráð við Vegagerðina varðandi skráningar á efnistökusvæðum. Upplýsingar fengnar frá Vegagerðinni um núverandi efnistökusvæði.

Veitur. Samráð við Landsnet um meginflutningskerfi raforku og við Rarik um dreifikerfi raforku. Tillaga send til umsagnar janúar 2013 og desember 2014.

Samráð við nágrannasveitarfélög. Vegna landnotkunar á sveitarfélagsmörkum við Akureyri og Dalvík. Fundir með ráðgjöfum vegna svæðisskipulags Eyjafjarðar. Tillaga send til umsagnar til aðliggjandi sveitarfélaga í janúar 2013 og desember 2014.

Skógrækt. fundur með Norðurlandsskógum um samningssvæði Norðurlandsskóga. Tillaga send til umsagnar janúar 2013 og desember 2014.

Ýmislegt. Fundur hjá Búgarði vegna svæðisskiptingar.



Mynd 1-2. Frá íbúafundi 25. janúar 2012.

1.3 FYRIRLIGGJANDI SKIPULAGSÁÆTLANIR OG AÐRAR ÁÆTLANIR

Fyrir liggja nokkrar eldri skipulagsáætlanir sem ná til þess svæðis sem Hörgársveit nær yfir.

Aðalskipulag Hörgárbyggðar 2006-2026 með síðari staðfestum breytingum, var staðfest af ráðherra 2. febrúar 2009. Við gildistöku Aðalskipulags Hörgársveitar 2012-2024 mun falla úr gildi Aðalskipulag Hörgárbyggðar 2006-2026.

Aðalskipulag Arnarneshrepps 1997-2017 með síðari staðfestum breytingum, var staðfest af ráðherra 7. desember 1998.

Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024 var staðfest af Skipulagsstofnun 21. janúar 2014. Það tók gildi með birtingu í Stjórnartíðindum 4. febrúar 2014. Eftirfarandi markmið eru sett fram í svæðisskipulagi Eyjafjarðar um rafveitur:

Tryggja skal flutningsleiðir raforku að Eyjafirði og milli landshluta til þess að sjá almenningi og atvinnulífi fyrir nægri orku til daglegra nota.

Lega og gerð flutningslína raforku skal taka mið af umhverfi, flugöryggi og verndun góðs ræktunarlands.

Ennfremur segir í svæðisskipulaginu; „Fyrir liggja drög að legu nýrra flutningslína (132 kV og hærri spennu). Unnið er að stefnumótun á landsvísi um kosti við gerð flutningslína raforku og áhættugreiningu m.t.t. flugöryggis á Akureyrarflugvelli. Ekki eru forsendur á þessu stigi til þess að ganga frá legu þeirra og gerð í svæðisskipulagi. Þegar tillögur og skipulagskostir liggja fyrir skulu þeir metnir með hliðsjón af áhrifum á samfélag og umhverfi og tillaga um gerð og legu auglýst sem breyting á Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024.“

Aðalskipulag Hörgársveitar 2012-2024 tekur mið af og byggir á grunni þeirrar stefnumörkunar sem fram kemur í Aðalskipulagi Hörgárbyggðar, Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024 og Aðalskipulagi Arnarneshrepps 1997-2017.

Eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir eru í gildi í Hörgársveit:

Deiliskipulag jarðarinnar Skúta og hluta úr landi Moldhauga og Tréstaða, gildistaka 22. janúar 2014.

Deiliskipulag í landi Gloppu í Öxnadal, gildistaka 29. mars 2012.

Deiliskipulag í landi Syðri-Reistarár á Galmaströnd, gildistaka 23. desember 2011.

Deiliskipulag í landi Garðshorns á Þelamörk, gildistaka 23. desember 2011.

Þrastarhóll: frístundabyggð, gildistaka 19. apríl 2011.

Hjalteyri: íbúðabyggð, gildistaka 2. mars 2011.

Sílastaðir 2: ferðaþjónustuhús, gildistaka 3. febrúar 2011.

Arnarnes: frístundabyggð, gildistaka 13. janúar 2011.

Staðartunga: íbúðarhús, gildistaka 10. desember 2010.

Hlaðir: fjós viðbyggingar, gildistaka 24. mars 2010.

Skjaldarvík: dælustöð vegna hitaveitu, gildistaka 22. janúar 2010.

Moldhaugar: skáli fyrir ferðaþjónustu, gildistaka 16. september 2009.

Neðri-Rauðilækur: íbúðarhús, gildistaka 14. september 2009.

Lækjarvellir: athafna-, verslunar- og þjónustusvæði, gildistaka 11. febr. 2008.

Steðji: frístundabyggð og skógræktarlóðir, gildistaka 20. júlí 2007.

Fagravík í landi Pétursborgar: frístundabyggð, 29. desember 2004.

Birkihlíð: íbúðabyggð, 2. október 2003.

Skógarhlíð, nyrðri hluti: íbúðabyggð, 16. mars 1994.

Hagaskógur í landi Glæsibæjar: frístundabyggð, 28. mars 1990.

Aðrar áætlanir

Í Samgönguáætlun 2011 - 2022 er grunnet vegakerfis skilgreint, þar segir: „Grunnet vegakerfisins nær til allra byggðakjarna með um það bil 100 íbúa eða fleiri. Það nær jafnframt til þeirra staða sem eru mikilvægastir fyrir félagslega og efnahagslega þróun íslensks samfélags þ.m.t. fyrir flutninga fólks og vöru, ferðaþjónustu og flutninga til og frá landinu. Netið er samfellt, liggur um þéttbýlisstaði þar sem svo háttar til og helstu samgönguæðar í stærstu þéttbýlistöðum teljast til netsins. Til grunnnetsins teljast einnig helstu flugvellir og flugleiðir, helstu hafnir, ferju- og siglingaleiðir meðfram ströndinni og inn í hafnir. Á sama hátt teljast siglingaleiðir og flugleiðir til og frá landinu til grunnnets samgöngukerfisins“.

Í Samgönguáætlun 2011-2022 kemur fram að fyrirhugaðar eru vegabætur í Hörgársveit þar sem gert er ráð fyrir breytingu á núverandi vegum.

Í Samgönguáætlun tilheyra Hringvegur, Ólafsfjarðarvegur og Hörgárdalsvegur grunneti vegakerfis.

1.4 HELSTU BREYTINGAR FRÁ GILDANDI AÐALSKIPULAGI

Skipulag þetta er fyrsta heildar aðalskipulagið fyrir sameinað sveitarfélag Arnarneshrepps og Hörgárbyggðar. Gildandi aðalskipulag Arnarneshrepps 1997-2017 var unnið samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 en Aðalskipulag Hörgárbyggðar 2006-2026 var unnið samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997. Aðalskipulag Hörgársveitar 2012-2024 er unnið samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Landnotkun úr eldri skipulagsáætlunum er aðlöguð nýjum landnotkunarflokkun. Breyttar kröfur eru með nýjum lögum og voru þær áherslur sem voru í aðalskipulagi Arnarneshrepps töluvert frábrugðnar þeim áherslum sem eru í dag. Til þess að móta eina stefnu fyrir hið sameinaða sveitarfélagið var ákveðið að setja markmið og leiðir fyrir hvern landnotkunarflokk.

Helsta breytingin á landnotkun eru að felld er út Blöndulína 3 sem loftlína og Dysneslínur 1 og 2. Efnistökusvæðum hefur verið fækkað og sett fram breytt stefna um efnistökusvæði í Hörgá og íbúðarbyggð á Gásum er felld út. Afmörkun þéttbýlis og landnotkun innan Hjalteyrar er breytt frá gildandi aðalskipulagi Arnarneshrepps, gerð er breyting á afmörkun og skilgreiningu á iðnaðarsvæðinu á Dysnesi og svæðið skilgreint betur eftir nokkun. Undirgöng eru sett undir Ólafsfjarðarveg fyrir ríðandi vegfarendur.

1.5 AFGREIÐSLA EFTIR AUGLÝSINGU

(Sbr. 2 og 3 mgr. 30. gr. laga nr. og 30 gr. laga nr. 123/2010)

Tillaga að aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 var auglýst frá 24. ágúst 2015 með athugasemdarfresti til 8. október 2015. Auglýst var í Lögbirtingarblaðinu, Fréttablaðinu, Dagskránni Akureyri, heimasíðu sveitarfélagsins og fréttabréfi útgefnu af sveitarfélaginu. Skipulagsgögn voru aðgengileg á skrifstofu sveitarfélagsins, á heimasíðu sveitarfélagsins og hjá Skipulagsstofnun. Á auglýsingatíma bárust 8 athugasemdir og tvær umsagnir. Tillagan var sent til umsagnaraðila í desember 2014 og var brúðist við þeim umsögnum skv. meðfylgjandi samantekt.

Aðalskipulag Hörgársveitar 2012-2024		
Samantekt athugasemda og umsagna og viðbrögð við þeim:		
Í eftirfarandi samantekt er gerð grein fyrir þeim umsögnum og athugasemdum sem bárust frá umsagnaraðilum.		
Aðili og dagsetning	Umsögn, úrdráttur	Viðbrögð við umsögnum
Akrahreppur	<i>Umsögn barst ekki.</i>	
Akureyrarkaupstaður	Átta ábendingar, misveigamiklar. Akureyrarbær bendir á að leita þarf umsagnar Norðurorku. Bent er á misræmi þar sem stofnhitaveitulögn frá Arnarnesi/Hjalteyri er ekki sýnd á uppdrætti. Bent er á að skynsamlegast meðhöndlun fráveitu frá byggð Lónsbakka sé sú að tengja hana inn á kerfi Akureyrarbæjar Akureyrarbær bendir á að huga þurfi að raflögnum vegna uppbyggingar á Dysnesi. Akureyrarbær bendir á að viðtækara samráð verði haft vegna efnistöku í landi sveitarfélagsins og leggur áherslu á að efnis- og athafnasvæði á Moldhaugahálsi verði snyrtilegt og lítt áberandi frá þjóðvegi 1. Bent er á að í fyrirliggjandi drögum að Landsskipulagsstefnu er framtíð skógræktar sett í samhengi við útivist og landbúnað og að hún falli að landslagsgerðum.	Tillagan verður send Norðurorku til umsagnar. Núverandi nýleg fráveitumannvirki við Lónsbakka anna fráveitu frá núverandi og fyrirhugaðri byggð á svæðinu. Í aðalskipulagstillögunni eru nýjar línur ekki sýndar á skipulaguppdrætti þar sem ekki eru forsendur á þessu stigi til þess að ganga frá legu þeirra og gerð, sbr. gildandi svæðisskipulag Eyjafjarðar Akureyrarbær er umsagnaraðili um tillögur að aðalskipulagi. Nú er verið að vinna að umhverfismati fyrir efnistöku í Hörgá sem Akureyrarbær mun væntanlega gefa umsögn um. Í gildandi deiliskipulagi fyrir svæðið á Moldhaugnahálsi eru gerðar strangar kvaðir um að minnka sýnileika og sjónræn áhrif af efnistökusvæðinu. Hörgársveit sem eftirlitsaðili mun sjá til þess að því verði framfylgt. Sett eru fram sérgreind markmið fyrir skógrækt sem eru í samræmi við þá stefnu sem koma fram í drögum að landskipulagsstefnu.

	<i>Bent er á að skilja megi texta um Byggðalínu þannig að Hörgársveit æski þess að svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar ákvarði legu raflína um sveitarfélagið.</i> <i>Bent er á að göngu-, hjóla- og reiðstígatengingar við land Akureyrarbæjar er óljósar auk þess sem vegtenging frá þéttbýlinu við Lónsbakka er ekki rétt staðsett samkvæmt gildandi deiliskipulagi svæðisins.</i>	Sveitarfélagið telur sig ekki hafa forsendur til að ákvarða legu á raflínunum á uppdrætti, þar sem forsendur liggja ekki fyrir um legu þeirra og gerð. Þegar það liggur fyrir verður gerð breyting á aðalskipulagi. Skipulagsreglugerð kveður á um hvernig göngu-, hjóla- og reiðstígar eru auðkenndir sú auðkenning er ekki nógu skýr.
Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti	<i>Umsögn barst ekki</i>	
Eyjafjarðarsveit	<i>Umsögn barst ekki</i>	
Dalvíkurbyggð	<i>Vakin er athygli á hverfisvernd á Þorvaldsdal</i>	Bætt hefur verið við texta í greinargerð um að Þorvaldsdalur sé hverfisverndaður í Dalvíkurbyggð.
Fiskistofa	<i>Ekki sérstök athugasemd, minnt á að framkvæmdir í eða við veiðivatn eru háðar leyfi Fiskistofu.</i>	Áður en gefin verða út framkvæmdaleyfi til efnistöku eða annarra framvæmda í eða við veiðivötn, verður haft samband við Fiskistofu.
Hafnasamlag Norðurlands	<i>Bréf með umsögn ekki komið, en skv. tölvupósti gerði stjórnin ekki athugasemd „að svo stöddu“.</i>	
Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra	<i>Gæta að vatnsbólum á Vaglaeyrum vegna efnistöku úr Hörgá</i> <i>Tímasetja úrbætur á fráveitukerfi á Hjalteyri</i>	Efnistaka úr Hörgá er háð mati á umhverfisáhrifum þar sem áhrif efnistöku á vatnsból metin ítarlega. Ströng skilyrði verða gerð þegar kemur að leyfisveitingu. Framkvæmdir til úrbóta eru hafnar, áætlað að þeim ljúki á árinu 2015

	<i>Vakin athygli á reglugerð um kortlagningu hávaða</i>	Umferð um Þjóðveg 1 á skipulagssvæðinu nær ekki þeim mörkum sem sett eru fram um kortlagningu hávaða en kortleggja þarf hávaða frá stórum vegi t.d. Þjóðvegi þar sem meira en 3.000.000 ökutækja fara um á ári. Umferð t.d. á Hringvegi í Kræklingahlíð er 1457 bílar á dag að meðaltali (ÁDU) sem gerir ríflega 530.000 á ári og er það vel undir mörkum þess sem reglugerð 1000/2005 um kortlagningu hávaða og aðgerðaráætlanir kveður á um.
Landsnet	<i>Endurskoðað aðalskipulag Hörgárbyggðar, sem samþykkt var af umhverfisráðherra 2. febrúar 2009, gerði ráð fyrir Blöndulínu</i> <i>Sú skipulagsáætlun fékk umfjöllun í samræmi við lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana þar sem m.a. var fjallað um valkosti. Þá fylgdi tillögu að breytingu á aðalskipulaginu vegna breytinga á legu Blöndulínu 3 umhverfisskýrsla um umhverfisáhrif vegna Blöndulínu 3. Af þessu er ljóst að Blöndulína 3 og lega hennar um sveitarfélagið hefur á skipulagsstigi farið í gegnum lögformlegt mat samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana.</i> <i>Þá hefur Blöndulína 3 farið í gegnum mat á umhverfisáhrifum framkvæmda í samræmi við lög nr. 106/2000. Í því mati var einnig umfjöllun um valkosti. Skipulagsstofnun gaf út álit sitt um mat á umhverfisáhrifum Blöndulínu 3 þann 29. janúar 2013. Í álitinu kemur ekkert fram um að undirbúningsferlinu hafi valkostaumræðu verið áfátt.</i> <i>Kerfisáætlun Landsnets 2014-2023 hefur sætt mati samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.</i> <i>Í svæðisskipulagi er sett fram stefna tveggja eða fleiri sveitarfélaga um byggðaðróun og þá þætti landnotkunar sem þörf er talin á að samræma vegna sameiginlegra hagsmuna hlutaðeigandi sveitarfélaga. Sveitarfélögum ber ekki skylda til að</i>	Aðalskipulag Hörgársveitar er nýtt aðalskipulag og í henni er sett fram stefna um Blöndulínu 3 sem er í samræmi við þá stefnu sem sveitarfélög hafa sett sér í sameiginlegu svæðisskipulagi fyrir Eyjafjarðarsvæðið. Þar segir; „Fyrir liggja drög að legu nýrra flutningslína (132 kV og hærri spennu). Unnið er að stefnumótun á landsvísu um kosti við gerð flutningslína raforku og áhættugreiningu m.t.t. flugöryggis á Akureyrarflugvelli. Stefnt er að því að flutningsleiðir raforku með 132 kV og hærri spennu verði skilgreindar í Svæðisskipulagi Eyjafjarðar. Ekki eru forsendur á þessu stigi til þess að ganga frá legu þeirra og gerð í svæðisskipulaginu í heild. Þegar tillögur og skipulagskostir liggja fyrir skulu þeir metnir með hliðsjón af áhrifum á samfélag og umhverfi og tillaga um gerð og legu auglýst sem breyting á Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024.“

	<i>kveða á um raforkumál í svæðisskipulagi.</i> <i>Alþingi hefur til umfjöllunar tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína. Í tillögunni er m.a. að finna viðmið um það hvenær skuli leggja raflínur í jörð og hvenær reisa þær sem loftlínur. Sömuleiðis liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum þar sem m.a. er lagt til að kveðið verði í raforkulögum um stöðu kerfisáætlunar gagnvart skipulagi sveitarfélaga.</i> <i>....Tjón af því að fella út af skipulagi framkvæmd, sem þar hefur verið ákveðin, kann því að vera tilfinnanlegt fyrir Landsnet og raforkukerfi landsmanna. Þá telur Landsnet að sveitarstjórn beri að gæta þess að ákvörðun byggji á málefnalegum sjónarmiðum.</i> <i>Tillaga að aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 felur í sér að í fyrsta skipti er í óþökk framkvæmdaraðila gerð tillaga um að fella út af skipulagi framkvæmd á vegum Landsnets, sem farið hefur í gegnum alla lögboðna undirbúningsferla í samstarfi við viðkomandi sveitarstjórn. Verði aðalskipulag afgreitt á þann hátt að Blöndulína 3 sé ekki sýnd á aðalskipulagsuppdraetti verði vart hjá því komist í ljósi hagsmuna almennra raforkunotenda, að Landsnet þurfi að skoða réttarstöðu sína og hvort láta eigi reyna á réttmæti ákvörðunarinnar í ljósi hagsmuna félagsins og raforkunotenda almennt.</i>	
Minjastofnun Íslands	<i>Vísað er til umsagnar frá 2013</i>	Minjastofnun gerir ekki athugasemdir.
Norðurlandsskógar	<i>Engar athugasemdir</i>	
Samgöngustofa (Vegagerðin og Siglingastofnun)	<i>Ekki athugasemdir „umfram það sem þegar er fram komið frá Siglingastofn-un“</i>	
Skógrækt ríkisins	<i>Gerð athugasemd við að eingöngu verði horft til svæða til skógræktar sem henta illa til annarra nota</i>	
Skagafjörður	<i>Umsögn barst ekki</i>	

Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar	<i>Umsögn barst ekki</i>	
Umhverfisstofnun	<i>Umsögn um skógrækt og efnistöku úr Hörgá</i>	Engar breytingar á greinargerð eða á uppdrætti.
Norðurorka	<i>Núverandi vinnslusvæði hitaveitunnar á Arnarnesi þarf að marka inn á aðalskipulagið. Um er að ræða borsvæði og athafnasvæði. Eðlilegt er þó að marka svæðið stærra þar sem mögulega verða boraðar fleiri vinnsluholur innan heitasta geira markaðs jarðhita.</i> <i>Núverandi stofnlögn hitaveitu frá Arnarnesi að Akureyri þarf að marka inn á aðalskipulagið.</i> <i>Norðurorka áætlað í framtíð að leggja nýja stofnlögn hitaveitu frá Arnarnesi/Ytri-Vík að Akureyri, eðlilegt væri að áætlaðrar stofnlagnar væri getið í greinargerð með aðalskipulagi. Áætlað er að ný stofnlögn verði lögð meðfram þjóðvegum, að Akureyri. Norðurorka telur réttmætt við gerð aðalskipulags að fá tækifæri til að marka áætlaðri stofnlögn sess í aðalskipulagi.</i> <i>Eðlilegt væri að marka inn á aðalskipulag mögulegt virkjunar/vinnslusvæði við Laugareyrar fremst í Hörgárdal.</i> <i>Ekki er ljóst miðað við skipulagsuppdrátt hvort allar stofnlagnir eru merktar frá Laugalandi og Vöglum að Akureyri þ.e. stofnlagnir hitaveitu og tvær aðskildar stofnlagnir neysluvatns.</i>	Svæðið verður skilgreint á uppdrætti og getið í greinargerð Uppdráttur verður lagfærður og stofnlögn hitaveitu getið í greinargerð. Nýrrar lagnar verður getið í greinargerð. Ekki liggja fyrir upplýsingar frá Norðurorku um staðsetningu. Mælikvarði uppdráttar leyfir ekki að sýna tvær samhliða lagnir þannig að sýnd er ein brotalína fyrir umrædda stofnlögn.

Athugasemdir bárust frá 8 aðilum en skipulags- og umhverfisnefnd fór yfir athugasemdirnar og samþykkti tillögur að svörum og viðbrögðum á fundi 27. október 2015. Sveitarstjórn samþykkti tillögur að umsögnum á fundi 29. október 2015 með eftirfarandi bókun:

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti tillögu að aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 í samræmi við svör og viðbrögð við athugasemdum sem bárust og fram koma í fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar að undanskyldu í því að í stað svars nefndarinnar við athugasemdum 5 og 9 komi eftirfarandi svar:

„Svæði sem skilgreind eru sem aðrar náttúruminjar á náttúruminjaskrá verða teknar út af skipulagsuppdraetti en í staðinn verður gerður skýringaruppdráttur sem settur verður inn í greinargerð sem sýnir afmörkun þessara svæða. Afmörkun svæðis 505 verður leiðrétt m.t.t. athugasemdar og sýnd á umræddum skýringaruppdraetti. Texti um svæðið helst óbreyttur þar sem hann telst vera réttur. „Skipulagsfulltrúa og sveitarstjóra er falið að annast gildistöku aðalskipulagsins í samræmi við 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Þann 9. desember var tekið er fyrir erindi frá Skipulagsstofnun, dags. 23. nóvember 2015, með athugasemdum við aðalskipulag sveitarfélagsins sem samþykkt var á fundi sveitarstjórnar 29. október 2015. Á þeim fundi var tekið fyrir sérstaklega athugasemd Sifjar Konráðsdóttir og eftirfarandi bókað:

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkir að nýju tillögu að aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 í samræmi við svör og viðbrögð við athugasemdum Skipulagsstofnunar.

Skipulagsfulltrúa og sveitarstjóra er falið að annast gildistöku aðalskipulagsins í samræmi við 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Þeim sem gerðu athugasemdir var send eftirfarandi svör við athugasemdum en með þeim breytingum sem sveitartjórn bókaði við liði 5 og 9:

Tvær umsagnir bárust:

1. Skipulagsstofnun, 9. september 2015.

- a. Gerð er athugasemd við umfjöllun um strandsvæði.

Svar: Bætt verður við í greinargerð umfjöllun um strandsvæði.

- b. Gerð er athugasemd við umfjöllun um stefnu um byggingar eða mannvirki á landbúnaðarsvæðum en bent er á texta sem er reglugerðarheimild sem á ekki við að birta í aðalskipulagi.

Svar: Reglugerðartexti verður felldur út úr greinargerð.

- c. Bent er á að vísun í lög um mat á umhverfisáhrifum taki mið af þeim breytingum sem hafa tekið gildi á árinu.

Svar: Texti verður leiðréttur.

- d. Yfirfara þarf myndir í umhverfisskýrslu.

Svar: Myndir verða leiðréttar m.t.t. athugasemdar.

2. Norðurorka, 8. september 2015.

- a. Óskað er eftir að getið verði nýrrar hitaveitulagnar í greinargerð aðalskipulags.

Svar: Eftirfarandi texta verður bætt við í greinargerð aðalskipulags;

Þar sem jarðhitarannsóknir hafa leitt í ljós að gjöfult jarðhitasvæði er á Arnarnesi við Hjalteyri er gert ráð fyrir frekari nýtingu á því í framtíðinni. Takmarkandi þáttur í nýtingu svæðisins er aðveituæðin sem lögð var 2003 og er flutningsgeta hennar nánast fullnýtt, sem krefst nýrrar aðveitulagnar. Einnig er jarðhitasvæði við Ytri-vík/Syðri-haga þar sem nýting fyrir Akureyri gæti komið til álita. Núverandi lögn frá Arnarnesi er lögð undir botn Hörgár á móts við Skipalón. Staðsetning lagnarinnar veldur áhættu í rekstri þar sem lögnin getur verið óaðgengileg til viðhalds vegna aðstæðna við ána.

Norðurorka gerir því ráð fyrir að á gildistíma aðalskipulagsins verði lögð ný hitaveitulögn frá Arnarnesi á Hjalteyri til Akureyrar. Einnig er gert ráð fyrir að lögnin verði á seinni stigum framlengd frá Arnarnesi til norðurs að sveitarfélagsmörkum Dalvíkurbyggðar. Áætlað er að nýja lögnin verði að mestu í veghelgunarsvæði Ólafsfjarðarveggar og mögulega Bakkavegar þegar komið er norður fyrir Moldhaugaháls en óljósara er með lagnaleið frá Akureyri að dælustöð í Skjaldavík. Þverun Hörgár mun þá verða á brú sem auðveldar viðhald, eftirlit og eykur rekstraröryggi. Norðurorka mun þegar nánari tilhögun liggur fyrir sækja leyfi fyrir lögninni til hlutaðeigandi landeigenda og Vegagerðarinnar.

Átta athugasemdir bárust:

3. Sigurður Aðalsteinsson, 1. október 2015.

- a. Gerð er athugasemd við að hvergi sé getið þeirra landnotkunar sem lýtur að skotveiðum.....

Svar: Ekki er sett stefna um skotveiði í greinargerð aðalskipulags en almennt er hún heimil með leyfi landeiganda á svæðinu sem setur reglur þar um.

- b. Tryggja þarf að slík landnotkun valdi sem minnstu ónæði fyrir aðra og raski alls ekki næturró íbúanna. Einnig þarf að hyggja að hugsanlegri truflun skotveiða á kvikfénað.

Svar: Þar sem fyrir hendi eru hverfisverndarsvæði verða sett inn ákvæði um stýringu á skotveiðum.

4. Walter Ehrat, 3. október 2015.

- a. Gerð er athugasemd við að tilgreind stærð tjaldsvæðis við Mela sé 1,4 ha. Lóð Mela er einungis 0,3 ha. Það þarf að koma skýrar fram um hvaða landsvæði er að ræða sem er hugsað fyrir tjaldsvæði. Þar sem suður og austur af Melum er ræktarland sem núverandi eigandi ætlar sér að rækta upp og nýta til landbúnaðs.

Svar: Um er að ræða einungis afmörkun tjaldsvæðis. Stærð svæðis verður leiðrétt í greinargerð og afmörkun athuguð m.t.t. landbúnaðarsvæðisins.

5. Ólafur Valsson, 4. október 2015.

- a. Aðalskipulagsuppráttur er fylgir tillögunni er ekki í fullu samræmi við lýsingu svæðis nr. 505 á náttúruminjaskrá, sem tekin er upp í greinargerð með henni, í kafla 3.3.5. á bls. 25. Misræmið sem um ræðir varðar Hólahóla. Óskast upprátturinn leiðréttur í endanlegri gerð hans til samræmis við texta náttúruminjaskrár og með vísan til neðangreindra og meðfylgjandi gagna.

Til skýringar um uppruna villunnar er tekið fram að aðalskipulagsuppráttur í aðalskipulagi Hörgárbyggðar 2006 til 2026 er einnig rangur að þessu leyti, þ.e. mörk svæðis nr. 505 á náttúruminjaskrá eru einnig ranglega færð inná þann upprátt. Ástæða þessa mun eftir því sem næst verður komist óopinber kortagrunnur Umhverfisstofnunar, sem tekinn var úr umferð fyrir allmörgum árum vegna þess hversu óáreiðanlegur hann var, var notaður sem heimild. Sá grunnur var rangur frá upphafi að því er varðaði mörk svæðis nr. 505 að því leyti að hann tók ekki tillit til þess að Hólahólar eru austan Öxnadalssár. Svæðið nær samkvæmt þessu og í samræmi við texta náttúruminjaskrár austur fyrir Öxnadalssá. Texti skrárinnar ræður. Hólahólar eru samkvæmt þessu hluti af svæði nr. 505 á náttúruminjaskrá. Ber að haga aðalskipulagsupprætti til samræmis við þá staðreynd.

Svar: Afmörkun svæða á náttúruminjaskrá er fengin frá Umhverfisstofnun. Það er ekki á valdi sveitarfélagsins að breyta afmörkun svæða á náttúruminjaskrá, þar sem þau eru mögulega röng. Til breytingar á þeim mörkum þá mun sveitarfélagið senda inn erindi til Umhverfisstofnunar sem verður að samþykkja tillögu að breytingu.

Á vegum Umhverfisstofnunar hefur verið unnið að leiðréttingu afmörkun svæðanna sbr. eftirfarandi umsögn 14.mars 2013.

„Náttúruminjar. Breyting á mörkum svæðis nr. 505 Hraunsvatn og Vatnsdalur er til athugunar hjá Ust.“

Í aðalskipulagi Hörgárbyggðar var sem dæmi bætt við eftirfarandi texta í greinargerðina og því fylgt eftir með beiðni um breytingar:

„Í náttúruminjaskrá Umhverfisstofnunar er ósamræmi á milli texta og uppráttar á svæði 507. Sveitarstjórn mun óska eftir að mörkum verði breytt í samræmi við tillögur um hverfisvernd á svæðinu þar sem tekið er tillit til verndargildis svæðisins“.

6. Sókn lögmannsstofa, 5. október 2015.

Gerð er athugasemd við Hlíðarveg 818, ofan Þjóðveg 1 og innan marka Hörgársveitar.

Við skoðun skipulagsuppráttar er lega reiðvegur og gönguleiða um Hlíðarveg 818, með sama sniði og í fyrra skipulagi. Í greinargerð með nýja aðalskipulaginu (bls. 47) kemur fram að megin reiðleiðir verði greiðfærar og malarbornar þar sem þess gerist þörf. Þessi afstaða felur í sér að Hlíðarvegur 818 verður ekki lagður bundnu slitlagi á meðan gert er ráð fyrir reiðleið á svæðinu.

Uppbygging Hlíðarveg 818 og tilhögun reiðvega uppbyggingar á svæðinu varðar beina hagsmuni íbúa og eigenda við veginn. Það er búið í 8 húsum við Hlíðarveg. Fullorðnir íbúar eru 20 talsins. Af þessum 20 þurfa 10 daglega að sækja vinnu eða skóla inn á Akureyri. Eitt býlið Hraukbær, er eitt stærsta svínabú landsins og er þangað umferð vegna aðkeypts vinnuafis. Þá eru þungaflutningar til eða frá býli daglegur viðburður.

Uppbygging sérstaks reiðvegur myndi án efa kalla á að landeigendur á svæðinu þurfa að láta land af hendi undir veginn. Slíkt er ekki sjálfgefið og raunhæfasti kosturinn til að tryggja uppbyggingu reiðvega er að aðalskipulag geri ráð fyrir honum annarsstaðar.

Þá er afstaðan sú að reiðvegur á svæðinu virðist einkum nýttast hestamönnum á Akureyri. Þá hefur átt sér stað uppbygging reiðvega neðan Þjóðveg 1 og það virðist í raun ákjósanlega fyrir hestamenn að reiðvegur frá hesthúsasvæði Akureyrar tengist því kerfi um sem stysta leið. Slík tenging getur verið innan marka Akureyrarkaupstaðar. Nýting Hlíðarveg sem reiðvegur er í raun ekki heppilegt fyrir hestamenn, enda felur það í sér áframhald vegarins út eftir, verður meðfram Þjóðvegi 1 á stórum kafla. Meiri líkur eru á veglegri uppbyggingu reiðvega ef aðalskipulag gerir ráð fyrir einum reiðvegi neðan Þjóðveg.

.....lagning sérstaks reiðvegur meðfram Hlíðarvegi 818 yrði kostnaðarsöm, enda þyrfti að brúa fjölmörg ræsi á þeirri leið. Það getur verið ódýrari kostur og í öllu falli metnaðarfullri að gera ráð fyrir reiðleið niður með Lónsá og undir Þjóðveg 1, með tengingu við reiðleiðir neðan vegar.

Þjónkun við hagsmuni hestamanna á Akureyri virðist að nokkru marki halda malarveginum Hlíðarvegi 818 í gíslingu, þ.e. ekki er lagt bundið slitlag á veginn vegna nýtingar hans sem reiðleið í dag.

Tillaga að nýju aðalskipulagi passar illa við aðalskipulag Akureyrarbæjar. Þannig virðast reiðvegir Akureyrar neðan Þjóðveg 1 ekki falla að reiðvegi Hörgársveitarmegin. Hið sama getur átt við aðra þætti, t.d. gönguleiðir. Eðlilegt er að sveitarfélögin fjalli sameiginlega um þessi mál og verður Hörgársveit þá að gæta að hagsmunum íbúa Hörgársveitar.

Sveitarfélög bera ábyrgð á kostnaði við uppbyggingu reiðvega, það er því ástæðulaust fyrir lítið sveitarfélag að gera ráð fyrir uppbyggingu reiðvega bæði neðan og ofan Þjóðveg 1. Ekki er fjallað um stefnu sveitarfélags um gerð og frágang héraðsvega.

Ber að skilja skipulagsupprátt aðalskipulags þannig að gert sé ráð fyrir reiðvegi á svæðinu, eða merki textinn (lega eingöngu til skýringar) að vel komi til greina að leggja reiðveg annarsstaðar?

Hefur Hörgársveit fyrirætlanir um uppbyggingu reiðvegar við Hlíðarveg 818 eða er kunnugt um að lagning slíks vegar standi til af hálfu annars aðila?

Hvaða samráð hefur verið haft við Akureyrarkaupstað um framtíðaruppbyggingu reiðvega nærri sveitarfélagamörkum?

Hefur verið athugað, s.s. í samvinnu við Akureyri, hvort fjárhagslega sé hagkvæmara að framtíðaruppbygging reiðvega frá hesthúsasvæði Akureyrar, verði með þeim hætti að tenging reiðvega við Hörgársveit verði neðan Þjóðveg 1.

Hver er afstaða Hörgársveitar til þess að Hlíðarvegur 818 verði lagður bundnu slitlagi nú?

Þá er jafnframt óskað eftir því að haldinn verði fundur með umbjóðendum mínum um stöðu málsins.

Svar: Lega reiðleiða í skipulagstillögunni var unnin í samráði við reiðveganefnd sem sett var á laggirnar í vinnu við aðalskipulagið.

Í gildandi aðalskipulagi Akureyrarbæjar 2005 – 2018 er gert ráð fyrir reiðleið í landi Akureyrar meðfram Lóninu en sú leið heldur ekki áfram eftir að kemur niður að Þjóðvegi nr 1 við Berghól. Einnig er gert ráð fyrir reiðleið meðfram Hlíðarvegi 818. Eðlilegt má telja að reiðleiðin meðfram Lóninu fari niður í Krossanesborgir og út með sjónum og tengist þar þeirri reiðleið sem Hörgársveit hefur nú þegar ásamt landeigendum/ íbúum staðið að uppbyggingu á. Meðan ekki hefur náðst samkomulag við Akureyri um slíka tengingu á sveitarfélagamörkum er áfram gert ráð fyrir reiðleið meðfram Hlíðarvegi 818.

Sú reiðleið skal vera samsíða núverandi vegi og því ekki verið að tala um að nýta Hlíðarveg sjálfan sem reiðveg. Skipulagstillagan er því ekki að koma í veg fyrir að hann verði lagður bundnu slitlagi.

Veghelgunarsvæði tengivega er 15 m frá miðlínu samkvæmt vegalögum og yrðu reiðvegir líklega innan þeirra marka.

Við vinnu við gerð aðalskipulags Hörgárbyggðar á sínum tíma var í gangi samráðsnefnd á milli Akureyrarkaupstaðar og Hörgárbyggðar þar sem landnotkun á sveitarfélagamörkum.

7. Þórður Þórðarson, 8. október 2015.

- a. Þar sem landbúnaður hefur tekið miklum breytingum síðustu áratugi og búin eru orðin færri en stærri, þurfa þau miklu meira landrými fyrir starfsemi sína og þörfin fyrir aðgengi að meira landi mun þ.a.l. aukast. Það þarf að taka skýrt fram í skipulaginu að landbúnaðarland verði ekki tekið undir aðra starfsemi.

Svar: Í markmiðum aðalskipulags um landbúnaðarsvæði kemur skýrt fram að verðmætt landbúnaðarland verði ekki tekið undir aðra landnotkun og þannig tryggt að breytingar á landnotkun og landskipti skerði almennt ekki möguleika til notkunar góðs landbúnaðarlands til búvöruframleiðslu í framtíðinni.

- b. Athafnasvæði. Dysnes. Enn skýtur upp hugmyndum um uppbyggingu iðnaðarsvæðis á Dysnesi sem búið er að vera í umræðu síðan 1967. Ekkert er í farvatninu annað en skýjaborgir. Þær hugmyndir sem eru nú uppi munu gjörbreyta ásjáð fjarðarins og verða óafturkræfar. Það ætti að vera okkur íbúum sveitarfélagsins víti til varnaðar að gera ekki sömu skipulagsmistök og voru gerð á Moldhaugahálsi. Þau mistök munu verða óafturkræf um aldur og æfi. Mun betra er að byggja upp það athafnasvæði sem fyrirhugað er að byggja á Dysnesi, nær Akureyri sem þá félli að stækkun Akureyrar til norðurs.

Svar: Uppbygging á Dysnesi skapar aukinn fjölbreytileika í atvinnu í sveitarfélaginu. Gerð er skýr krafa í aðalskipulagi og deiliskipulagi um að milda ásjáð svæðisins.

- c. Friðland. Friðland út frá Hörgárásum er í skipulaginu alltof stórt og þjónar ekki neinum tilgangi.

Svar: Afmörkunar friðlýstra svæða er fengin frá Umhverfisstofnun. Það er ekki á valdi sveitarfélagsins að breyta afmörkun þeirra, þar sem þau eru mögulega röng. Til breytingar á þeim mörkum þá mun sveitarfélagið senda inn erindi til Umhverfisstofnunar sem verður að samþykkja tillögu að breytingu.

- d. Skógrækt. Ýtt er undir skógrækt í sveitarfélaginu en skógrækt er mjög vandmeðfarið eins og dæmin sanna. Skógreitir eru oft illa hirtir og sjálfsáð tré eru víða sem illgresi í löndum bænda.

Svar: Í greinargerð aðalskipulags eru settar fram skýr ákvæði um að takmarka skógrækt við þau svæði sem henta illa til annarra nota og skógrækt skerði ekki svæði sem eru mikilvæg vegna sérstæðs náttúrufars, dýralífs, fornleifa eða söguminja. Ennfremur skal hugað að því að trjá- og skógrækt spilli ekki útsýnisstöðum, byrgi ekki ásynd fjalla og fossa eða valdi snjóöfnun á vegum.

8. Sif Konráðsdóttir, 11. október 2015.

Óskað er eftir að felld verði úr aðalskipulagstillögu með öllu 12 hektara svæði fyrir frístundabyggð í landi Hrauns í Öxnadal. Til vara er óskað eftir að svæði fyrir frístundabyggð í landi Hrauns sé óbreytt frá gildandi aðalskipulagi.

Ekki er eftirspurn er eftir 20 húsa frístundabyggð í Öxnadal

Forsendum fyrir frístundabyggðar-tillögunni er ekki lýst í aðalskipulagstillögu og hvorki er fjallað um hvernig hún fer saman við aðra stefnumótun aðalskipulags-tillögunnar, svo sem um náttúruvernd eða landbúnaðarnot, eða lög nr. 44/1999.

Engir valkostir eru settir fram við frístundabyggðartillöguna í samræmi við lög nr. 105/2006

Ekkert umhverfismat skv. lögum nr. 105/2006 hefur farið fram á frístundabyggðartillögunni

Meðferð skipulagsvalds, líkt og hér er ætlað að fari fram til að uppfylla skilyrði í einkaréttarlegum samningi um viðtöku hlutafjár í einkahlutafélagi árið 2012, fer í bága við lögbundið skipulagshlutverk sveitarfélagsins skv. lögum nr. 123/2010, og lögum 138/2011, sbr. og lög nr. 37/1993 og lög nr. 105/2006

Í kafla 3.1.2 í greinargerð með aðalskipulagstillögu er fjallað um frístundabyggð í dreifbýli. Í töflu á bls. 9 getur að líta lista um svæði undir frístundabyggð. Nr. F-7 á þeim lista er svæði sem nefnt er „Valsnes“. Þetta svæði er í landi jarðarinnar Hrauns í Öxnadal. Í öllum öðrum tilvikum er frístundabyggð í aðalskipulagstillögu kennd við bæjarnafn, og til samræmis við það væri því nafn svæðis „Hraun“ en ekki „Valsnes“.

Svar: Texta í greinargerð þar sem frístundabyggð er kennd við Valsnes verður breytt og nefnt eftir jörðinni Hraun.

Úr tillögunni sem nú liggur fyrir er unnt að lesa, en einungis með samanburði við núgildandi aðalskipulag, að gert sé annars vegar ráð fyrir að stækka skipulagt svæði undir frístundabyggð í landi Hrauns í Öxnadal úr 5 hekturum í 12 hektara og að leyfð verði þar 20 sumarhús í stað 10 húsa skv. gildandi skipulagi, og hins vegar að staðsetning frístundabyggðar verði skilgreind uppi í fjallshlíð í landi jarðarinnar (en ekki á Valsnesi). Í tillögunni er hvergi, hvorki í greinargerð, forsendum né umhverfisskýrslu, að finna umfjöllun um þessa breytingu og þetta aukna svæði úr heimalandi Hrauns, sem alls er 77 hektarar, sem skipuleggja á undir frístundabyggð fast upp við fólkvanginn í Hrauni. Ekki er hægt að lesa úr gögnunum að hér sé um breytingu að ræða frá gildandi skipulagi eins og áður sagði. Þó er svæði það sem færi undir frístundabyggð annars vegar tekið úr landbúnaðarnotum og hins vegar er um að ræða svæði sem er á náttúrminjaskrá. Er því bæði um umtalsverða breytingu á landnotum að ræða og umtalsverðan hluta alls heimalandsins. Fram kemur í aðalskipulagstillögu að milli 60 og 70 sumarhús séu nú þegar í sveitarfélaginu og flest þeirra séu einstök hús inná jörðum í einkaeigu, sjá kafla 3.1.2. Ef yrði af 20 sumarhúsa byggð í landi Hrauns í Öxnadal, myndi því sumarhúsum í sveitarfélaginu við það eitt fjölga mjög verulega og myndi framkvæmd slíkrar áætlunar breyta heildaryfirbragði sveitarinnar á ýmsan hátt væntanlega.

Svar: Um er að ræða stækkun um 7 ha og fjölgun frístundahúsa um 10. Það var mat sveitarfélagsins að þess konar stækkun svæðisins væri ekki þess eðlis að meta þyrftu áhrif hennar á umhverfið sérstaklega og því ekki nein umfjöllun um það í umhverfisskýrslu. Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir aukningu á svæðum fyrir frístundabyggð í sveitarfélaginu.

Tillagan er í beinu ósamræmi við það sem kemur fram í kafla 3.2.1 um landbúnaðarsvæði, í greinargerð á bls. 14, þar sem segir að áður en ákvörðun sé tekin um breytta landnotkun á landbúnaðarsvæðum skuli virði þess m.t.t. ræktunargildi metið. Þetta er sagt m.a. eiga við um svæði það er svæði eru tekin undir frístundabyggð. Ekkert slíkt mat hefur þó farið fram í þessu tilviki og er tillagan því í ósamræmi við stefnumótun um landbúnaðarsvæði

Svar: Að einhverju leyti munu núverandi tún fara undir frístundabyggð en þó skal horft til þess við deiliskipulag af svæðinu að þéttleiki verði þannig að lítill hluti af túnum fari undir frístundabyggð en aðliggjandi melar verði nýttir undir byggð og tún fái að halda sér að mestu.

Vegna eðlis þess lands sem um er að ræða gerir tillagan einnig samkvæmt ofansögðu ráð fyrir svo mikilli breytingu frá gildandi aðalskipulagi að meira en fullt tilefni hefði verið til að geta hennar í kafla 1.4 um helstu breytingar frá gildandi skipulagi. Ella er almenningin í raun gert ókleyft að gera sér grein fyrir breytingunni og er það í andstöðu við tilgang laga nr. 105/2000 og 123/2010.

Svar: Í kafla 1.4 um helstu breytingar frá gildandi aðalskipulagi er ekki greint frá umræddri stækkun enda var það mat sveitarfélagsins að umrædd stækkun væri einungis minniháttar.

Efnislega er tillagan einnig frekar óljós hvað varðar þessa 12 hektara frístundabyggð. Af nafni hennar í greinargerð verður ekki einu sinni ráðið að um sé að ræða jörðina Hraun, sem þó skipar, að því er almennt má ætla, töluverðan sess í vitund þjóðarinnar sem og íbúa Hörgársveitar. Ekkert segir í tillögunni um að þessi frístundabyggð yrði á svæði á náttúrminjaskrá. Þá mætti ætla af nafni því sem svæðinu er gefið, Valsnes, að umrætt svæði sé ekki uppi fjalli heldur á Valsnesi, sem er niður við Öxnadal. Þetta síðastnefnda er mikilvægt þar sem í fyrnefnda tilvikinu yrði um mun meiri röskun á jarðfræði og ásynd að ræða (sjá Mynd 2 í VIÐAUKA I) heldur en væri á Valsnesi, svæðinu niður við Öxnadal, sem er nær röskuðu svæði, bæði

rétt og þjóðvegi, og minna áberandi frá vegi. Ofan og sunnan við umrædda 12 hektara eru Hraunshraun og Einbúi, en þau náttúrufrýfirbæri njóta landslagsverndar. Ekkert segir heldur í tillögunni um að nokkrir hektarar af ræktuðu landi færu undir frístundabyggðina.

Svar: Nafn svæðisins verður breytt úr Valsnesi í Hraun. Svæði á náttúruminjasrá hefur í dag ekkert lögformlegt gildi og svæðið er fyrir utan fólkvanginn Hraun. Skv. gr. 4.5.3. í skipulagsreglugerð skal gera grein fyrir svæðum á náttúruminjasrá, sem ekki hefur verið tekin ákvörðun um að friðlýsa eða setja hverfisvernd á, á þemaupprætti. Svæði á náttúruminjasrá eru sýnd á skýringarmynd 3-5 í kafla 3.3.6 í greinargerð og þá eingöngu til skýringar. Að einhverju leyti munu núverandi tún fara undir frístundabyggð en þó skal horft til þess við deiliskipulag af svæðinu að þéttleiki verði þannig að lítill hluti af tünnum fari undir frístundabyggð en aðliggjandi melar verði nýttir undir byggð og tún fái að halda sér að mestu.

Örðugt er, að öllu samanlögðu, að koma auga á málefnaleg og lögmæt rök fyrir núverandi tillögu Hörgársveitar um umfangsmikla frístundabyggð í landi Hrauns í Öxnadal. Hvorki texti greinargerðar, forsendna né umhverfisskýrslu varpar neinu ljósi á hana. Slík framsetning er einnig andstæð markmiðum og ákvæðum laga nr. 123/2010 og laga nr. 105/2006 m.a.

Svar: Rök sveitarfélagsins fyrir aukinni frístundabyggð á svæðinu er m.a. sú að mikill áhugi er á frístundabyggð á þessu svæði og því er verið að mæta þeirri eftirspurn.

Sveitarfélagi ber að fara að lögum við meðferð skipulagsvalds síns. Einn þáttur þess er að sveitarfélagi er óheimilt að gera einkaréttarlega samninga um meðferð þess skipulagsvalds. Kaupsamningur er Hörgársveit gerði við Íslandsbanka og dagsettur er 26. nóvember 2012 um afsal bankans á hlutafé í Hrauni í Öxnadal ehf. sem er eigandi jarðarinnar Hrauns, var skilyrtur við afsal á umræddu 12 hektara svæði, er skilið var undan jörðinni við afsal hlutafjárins, og að heimiluð yrði heimiluð 20 húsa sumarhúsabyggð í skipulagi. Ljóst er að forsendur Hörgársveitar fyrir tillögu um frístundabyggðina í aðalskipulagi er skilyrði sem Íslandsbandi setti í kaupsamningi árið 2012 fyrir afsali sínu á hlutbréfum í einkahlutafélagið. Skilyrðið um að 12 hektara spilda er afsöluð var Íslandsbanka yrði skipulögð sem frístundabyggð fyrir 20 sumarhús er ólöglegt og myndi kaupsamningurinn þannig ógildur að þessu leyti ef á reyndi. Rétt er að geta þess að um aðgang almennings að samningnum fjallaði úrskurðarnefnd um upplýsingamál í úrskurði sínum í máli A-506/2013 þar sem sagði m.a. "Úrskurðarnefndin lítur til þess að um er að ræða upplýsingar sem lúta með beinum hætti að ráðstöfun opinberra fjárhagslegra hagsmuna og skipulagi lands innan marka sveitarfélagsins." Í úrskurðinum kemur skýrt fram að í kaupsamningnum hafi komið fram skilyrði Íslandsbanka fyrir afsali hlutafjárins. Í því skilyrði fólst að Hörgársveit myndi afsala bankanum 12 hektara svæði er það myndi í aðalskipulagi skilgreina sem frístundabyggð. Slík meðferð á skipulagsvaldi sveitarfélags stent ekki lög þar sem það sviptir almenning lögbundnum rétti sínum til að hafa áhrif á ákvarðanir meðan allir möguleikar eru opnir. Til stuðnings framangreindu er vísað til dóms Hæstaréttar í máli nr. 436/2010 og álits Umboðsmanns Alþingis í málinu nr. 5434/2008 að því er varðar heimildir sveitarstjórna til samningagerðar við þriðju aðila er hafa áhrif á ákvarðanir þeirra í skipulagsmálum og lögmæti slíkra samningsákvæða.

Svar: Sveitarfélagið tók þá ákvörðun að stækka umrætt svæði fyrir frístundabyggð þar sem mikill áhugi er á frístundabyggð á þessu svæði, en ekki vegna þess samnings sem um ræðir í athugasemdinni.

Í ljósi alls ofangreinds verður að ætla að skynsamlegast sé að falla að svo stöddu frá öllum hugmyndum í aðalskipulagi um sumarhúsabyggð í landi Hrauns í Öxnadal. Í ljósi ofangreinds er og uppi verulegur vafi um lögmæti samninga Hörgársveitar við Íslandsbanka árið 2012, að því leyti sem Hörgársveit skuldbatt sig í samningi einkaréttarlegs eðlis til þess að fara með tilteknum hætti með skipulagsvald sitt í framtíðinni að því er varðaði þá 12 hektara spildu er sveitarfélagið afsalaði til Íslandsbanka á móti hlutabréfum í einkahlutafélaginu Hrauni í Öxnadal og skuldaskiptum þess einkahlutafélags við Íslandsbanka. Áskilinn er allur réttur í þessu sambandi. Beðist er velvirðingar að athugasemdir þessar berast einum virkum degi eftir lok athugasemdafrests.

Svar: Sveitarfélagið telur ekki ástæðu til að falla frá auglýstri tillögu um aukna frístundabyggð í landi Hrauns. Svæðið helst því óbreytt frá auglýstri tillögu.

9. Bjarni Guðleifsson, 13. október 2015.

- a. Hólahólar og Hraunshraun eru mynduð í fleiri en einu berghlaupi, bæði úr Hólafjalli og Drangafjalli. Berghlaupin hafa stíflað rennsli Öxnadalsár en áin síðan brotið sér leið gegnum hraunin. Landamerki jarðanna tveggja eru um Öxnadalsá en hólsvæðið, Hólahólar og Hraunshraun, mynda þó eina landslagsheild. Hraunið úr Drangafjalli nær austur yfir ána, en hólarnir austan ár bera nafnið Hólahólar þó upprunnir séu úr Drangafjalli.

Mörk Hólahóla eru því til vesturs um Öxnadalsá, til norðurs þverá, til austurs um fjallsegg Hólafjalls (en þaðan er berghlaupið úr Hólafjalli runnið) og til suðurs syðstu hólarnir nærri Engimýrabænum.

Ekki fer á milli mála að í fyrstu hugmyndum um verndun svæðisins er átt við bæði Hraunshraun og Hólahóla. Í fyrstu náttúruminjasrá segir: "Svæðið nær yfir vatnasvið Vatnsdals auk Hraunshrauns og Hólahóla...". Helgi Hallgrímsson skrifar í Náttúruminjalýsingu Eyjafjarðar árið 1985: "Þessi berghlaupssamfella er eflaust einhver sú merkilegasta sem til er hér á landi..."

Svar: Umhverfisstofnun gefur út mörk svæða á náttúruinjakrá sem eru nýttar við aðalskipulagsgerð. Til breytingar á þeim mörkum þá mun sveitarfélagið senda inn erindi til Umhverfisstofnunar sem verður að samþykkja tillögu að breytingu. Rétt er að benda á að athugasemd þessi barst eftir að auglýstum athugasemdafresti lauk.

10. Hörður Blöndal, 7. september 2015.

- a. Í greinargerðinni þar sem fjallað er um opin svæði (bls. 10-11) passar lýsing á reit OP9 ágætlega við reit OP8 á uppdrættinum.

Svar: Texta í greinargerð verður víxlað, svæði OP8 verður fyrir útivistarskóg í landi Óss OP9 verður fyrir Freyjulund í landi Grundar.

1.6 KORTAGRUNNAR OG UPPDRÆTTIR

Skipulagsgögnin eru unnin á stafræna kortagrunna frá Landmælingum Íslands í mkv. 1:50.000 og Loftmynda ehf.

Auk skipulagsuppdráttar er skipulagsáætlunin sett fram á nokkrum séruppdráttum til þess að skýra forsendur og helstu þætti aðalskipulagsins. Skipulagsuppdrættir eru þessir:

Nr. 1. Sveitarfélagsuppdráttur af Hörgársveit, mkv. 1:50.000.

Nr. 2. Þéttbýlisuppdráttur af Lónsbakka, mkv. 1:10.000.

Nr. 3. Þéttbýlisuppdráttur af Hjalteyri, mkv. 1:10.000.

Til þess að auðvelda lestur skipulagsgagna eru helstu efnisþættir aðalskipulags dregnir saman til skýringar á sérstökum uppdráttum sem felldir eru inn í greinagerð. Skipulagsuppdrættir gilda ef ósamræmi er milli skýringaruppdrátta og skipulagsuppdrátta.

Vegna mælikvarða á sveitarfélagsuppdrætti eru svæði sem eru 5 ha eða minni táknuð með hring en ekki afmörkuð..

Mynd nr. 2-1 sýnir möguleg byggingarsvæði til lengri framtíðar í þeim hluta sveitarfélagsins sem er næst Akureyri og er niðurstaða samstarfshóps sveitarfélaganna um þróunar byggðar og veltenginga á sveitarfélagsmörkum.

Sveitarfélagamörk eru skv. uppdrætti aðalskipulags Hörgárbyggðar 2006-2026 og svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018.

2 MEGINÞÆTTIR AÐALSKIPULAGS

2.1 LÝSING AÐALSKIPULAGS


Miklar breytingar hafa orðið í landnotkun á síðari árum. Landbúnaður hefur minnkað þó nokkuð í sveitarfélaginu þó svo að landbúnaður hafi minnkað þó nokkuð í sveitarfélaginu er hann fjölbreyttur s.s sauðfjárrækt, mjólkurframleiðsla og hrossarækt. Eitt svínabú er í sveitarfélaginu og kartöflurækt er stunduð á tveimur jörðum.

Tvö þéttbýli eru skilgreind í Hörgársveit, Lónsbakki og Hjalteyri en líta ber á svæðið við Blómsturvelli og Brávelli sem eðlilegt framhald þéttbýlismyndunar á Akureyri þar sem nálægðin er mikil. Með tíð og tíma gæti þar orðið til skólahverfi í samstarfi við Akureyrarbæ. Ekki er gert ráð fyrir uppbyggingu á þessu svæði fyrir utan íbúðarsvæði við Blómsturvelli en skoða þarf vandlega framtíðarlandnotkun á svæðinu m.t.t. framtíðarhagsmuna svæðisins sem mögulegt íbúðarsvæði, sjá mynd 2-1.. Gert er ráð fyrir aukinni aðsókn í frístundalóðir í sveitarfélaginu.

Atvinnulíf í sveitarfélaginu er nokkuð fjölbreytt. Fyrir utan hefðbundinn landbúnað þá eru staðsettir í Hörgársveit nokkrir stórir atvinnurekendur, Húsasmiðjan-Blómaval og Sláturhús B. Jensen. Auk þess er þar að finna ferðaþjónustu, grunnskóla, leikskóla og verkstæði.

Í Hörgársveit eru tvö svæði friðlýst skv. náttúruverndarlögum og 4 svæði eru undir annars konar vernd.

Fjöldi sögu- og fornminja er í sveitarfélaginu og eru þau mikilvægustu auðkennd á uppdrætti í flokki hverfisvernd vegna fornleifa. Alls eru 9 minjar friðlýstar skv. þjóðminjalögum, 4 hús eru friðlýst. Auk þess er fjöldi minja sem hafa verið skráðir og njóta verndar sökum aldurs.



Mynd 2-1. Möguleg byggingarsvæði til lengri framtíðar.

3 DREIFBÝLI

3.1 BYGGÐ

3.1.1 Íbúðarbyggð

MARKMIÐ:

Stuðlað verður að hagkvæmri þróun íbúðarbyggðar í dreifbýli og gæta skal umhverfissjónarmiða við skipulagningu nýrra svæða fyrir íbúðarbyggð. Íbúðarbyggð verður ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna náttúrufars, náttúruauðlinda, sögu eða almenns útivistargildis. Eftir föngum skal komist hjá því að íbúðarbyggð verði reist á góðu ræktunarlandi og landi sem hentar vel til landbúnaðarframleiðslu.

LEIÐIR:

Komið verði til móts við mismunandi þarfir með fjölbreyttu framboði íbúðagerða og lóða.

Áður en deiliskipulagsvinna hefst skal gera úttekt á fornminjum á viðkomandi svæði og leita umsagnar Minjastofnunar Íslands.

Gera skal úttekt á náttúrufari áður en deiliskipulagsvinna hefst til að koma í veg fyrir að mikilvægar jarðmyndanir og gróðursvæði, s.s. votlendi eða tegundir á valista, verði fyrir áhrifum framkvæmda.

Taka skal tillit til landslags, söguslóða gróðurfars og útsýnisstaða við skipulag íbúðarbyggðar. Slík byggð skal þar sem það á við taka mið af yfirbragði sveitarinnar.

Heimilt er að afmarka lóðir og reisa íbúðarhús á bújörðum auk þeirra íbúðarhúsa sem tilheyra búrekstrinum. samkvæmt ákveðnum reglum í aðalskipulagi sbr. kafla 3.2.1, landbúnaðarsvæði. Uppbyggingarheimildir eru m.a. háðar stærð jarða. Ný íbúðarhús skulu, eftir því sem við verður komið, nýta sömu heimreið og viðkomandi jörð og vera í ákveðnum tengslum og samhengi við aðra byggð. Markmiðið er að ekki verði fjölgað tengingum við þjóðveg, að þjónusta við ný hús tengist þeirri þjónustu sem þegar er veitt og að nýjum húsum verði komið fyrir í samræmi við byggingarhefðir og yfirbragð sveitarinnar. Forðast skal stök hús á víðavangi. Allar nýbyggingar skulu vera í samræmi við samþykkt deiliskipulag. Nánar er fjallað um stefnumörkun um íbúðarhús á bújörðum í kafla 3.2.1.

Ásókn hefur verið í íbúðarhúsalóðir í sveitarfélaginu á undanförunum árum en vöntun á byggingarlandi í þéttbýli hefur hamlað því að hægt hefur verið að svara eftirspurninni og þ.a.l. gefið ranga mynd af íbúðarþróun þess. Með íbúðarsvæði á Blómsturvallasvæðinu er gert ráð fyrir að unnt verði að sinna eftirspurn eftir sjávarlóðum í næsta nágrenni við þéttbýli.

Nr.	Heiti	Lýsing	Fjöldi lóða	Þéttleiki byggðar(lóðir/ha)
ÍB-1	Blómsturvallasvæðið	Gert er ráð fyrir lágreistri íbúðabyggð á um 7,7 ha svæði. Lóðir verða um 600-1.000 fm.	77	10

3.1.2 Frístundabyggð

MARKMIÐ:

Gæta skal umhverfissjónarmiða við skipulagningu nýrra svæða fyrir frístundabyggð. Frekari uppbygging á eldri frístundabyggðarsvæðum verður háð því skilyrði að hún verði í samræmi við skipulag. Á nýjum svæðum skulu lóðir jafnan verða á stærðarbilinu 0,5 - 2 ha og nýtingarhlutfall skal ekki vera hærra en 0,03. Skipulagsákvæði eru nánar útfærð í yfirlitstöflu og í deiliskipulagi.

Heimilt er að byggja ákveðinn fjölda frístundahúsa og fer fjöldi lóða eftir stærð landspilda (sbr. Tafla 2 í kafla 3.2.1). Bygging fjögurra eða fleiri frístundahúsa verður einungis á svæðum sem í aðalskipulagi eru skilgreind fyrir frístundabyggð. Leitast skal við að fjölga sem minnst vegtengingum við hringveginn og forðast skal að taka gott landbúnaðarland undir frístundabyggð. Bygging frístundahúsa verði í takmörkuðum mæli heimil á bújörðum samkv. ákveðnum reglum í aðalskipulagi sveitarfélagsins.

LEIÐIR:

Við deiliskipulagsvinnu skal fara fram deiliskráning fornleifa og leita umsagnar Minjastofnunar Íslands.

Frístundabyggð skal vera sem mest á samfelldum svæðum innan hverrar jarðar, þannig að vegir og veitur nýtist sem best.

Að jafnaði er gert ráð fyrir að um ¼ hluti lands á sumarhúsasvæðum verði til almennrar útivistar.

Gera skal úttekt á náttúrfari áður en deiliskipulagsvinna hefst til að koma í veg fyrir að mikilvæg gróðursvæði, s.s. votlendi eða tegundir á válista, verði fyrir áhrifum framkvæmda.

Taka skal tillit til landslags, sögu slóða, gróðurfars og útsýnisstaða við skipulag frístunda-húsabyggðar. Slík byggð skal þar sem það á við taka mið af yfirbragði sveitarinnar.

Í deiliskipulagi svæða fyrir frístundabyggð skal gera grein fyrir þéttleika byggðar, fjölda og stærð lóða og aðkomu. Ennfremur skal þar kveðið á um stærð og gerð húsa, form, efnisnotkun, útlit og litaval nýbygginga eftir því sem við á.

Frístundabyggð skal rísa sem mest á samfelldum svæðum. Við deiliskipulagningu skal leitast við að samnýta aðkeyrslu frá þjóðvegi, bílastæði, lagnir, rotþrær, göngustíga og útivistarsvæði. Gera þarf sérstaklega grein fyrir sorphirðu í deiliskipulagi hvers svæðis.

Í deiliskipulagi skal m.a. sýna gönguleiðir og merkja útsýnisstaði og aðra staði, sem máli skipta fyrir almenna útivist eftir því sem við á, þannig að komist verði hjá því að lóðir loki leiðum eða svæðum sem hafa gildi fyrir almenning og viðkomandi svæði í heild.

Skipulagsáætlunin sýnir frístundabyggð með ljósfjólubláum lit og eru aðeins sýnd þau svæði þar sem gert er ráð fyrir 4 eða fleirum húsum á samfelldu svæði innan sömu jarðar. Öll veiðihús og orlofshúsabyggð eru felld undir frístundabyggð og auðkennd á sveitarfélagsupprætti. Skipulagið nær bæði til þegar byggðra svæða og óbyggðra svæða. Í sveitarfélaginu eru á sjöunda tug sumarhúsa. Í flestum tilvikum er um að ræða einstök hús inn á jörðum í einkaeign.

Allt vatnasvið Hörgár er skilgreint sem fjarsvæði vatnsverndar. Innan fjarsvæðisins er skilgreind nokkur svæði undir frístundabyggð þarfa því allar framkvæmdir á svæðum fyrir frístundabyggð frekari fyrirmæli Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra til þess að tryggja öryggi vatnsverndarsvæða.

Í töflu hér á eftir er yfirlit yfir frístundabyggðarsvæði. Svæði sem eru auðkennd með hringtákni á skipulagsupprætti geta verið allt að 5 ha að stærð.

Svæði með þremur frístundahúsum eða færri eru ekki sýnd á skipulagsupprætti. Heimilt er að byggja ákveðinn fjölda frístundahúsa og fer fjöldi lóða eftir stærð landspilda (sbr. Tafla 2 í kafla 3.2.1) án þess að breyta aðalskipulagi. Bygging fjögurra eða fleiri frístundahúsa verður einungis á svæðum sem í aðalskipulagi eru skilgreind fyrir frístundabyggð.

Varðandi staðsetningu svæða fyrir frístundabyggð þarf frá upphafi að vera ljóst að eitt getur ekki yfir alla gengið og sveitarstjórn getur ekki orðið við öllum óskum um uppbyggingu svæða fyrir frístundabyggð. Val svæða er mjög háð aðstæðum á jörðunum en þar vega þýngst sjónarmið náttúruverndar, landflokun og byggðarmynstur.

Á svæðum fyrir frístundabyggð getur verið þjónustuaðstaða í smáum stíl og smáverlanir tengdar viðkomandi svæði. Óheimilt er að skrá lögheimili í frístundahúsum í hreppnum enda heilsársbúseta á frístundasvæðum ekki leyfileg samkvæmt landslögum.

Svæði undir frístundabyggð eru þessi:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
F-1	Hagakógur	Samkvæmt deiliskipulagi frá 1990 er gert ráð fyrir 8 frístundahúsum á um 9 ha svæði. Á svæðinu eru 3 hús af 8 risin.
F-2	Krossastaðir	Stærð svæðis 86 ha. Lóðir 0,5-2 ha og nýtingarhlutfall 0,03.
F-3	Steðji	Samkvæmt deiliskipulagi frá 2007 er gert ráð fyrir 41 frístundahúsi, auk 12 skógræktarlóða, á rúmlega 25 ha svæði. Á svæðinu eru 8 hús risin.
F-4	Staðartunga	Samkvæmt deiliskipulagi er gert ráð fyrir 20-24 húsum. Svæðið er um 23 ha. Eitt hús er risið á svæðinu.
F-5	Baugasel	Eyðibýli í Barkárdal notað sem gönguskáli. Baugasel er gamalt býli sem fór í eyði 1965 en Ferðafélagið Hörgur, hefur unnið að lagfæringu gömlu bæjarhúsanna. Bærinn er torfbær með tveim timburburstum og er frambærinn óþiljaður með moldargólfi en baðstofan þiljuð í hólf og gólf. Þar eru nokkur rúmstæði, borð og gashitun.
F-6	Auðnir 2	Stærð svæðis um 30 ha. Gert er ráð fyrir 8-10 lóðum og skógrækt á svæðinu.
F-7	Hraun	Gert er ráð fyrir um 20 sumarhúsum á um 12 ha svæði. Það tengist frá heimreið að Hrauni um túnslóða til norðausturs. Yfirbragð og þéttleiki verður nánar skilgreint í deiliskipulagi.
F-8	Þrastarhóll	Gert er ráð fyrir allt að 7 frístundahúsum skv. samþykktu deiliskipulagi frá 2010.

F-9	Arnarnes	Gert er ráð fyrir frístundabyggð í bland við skógrækt á um 60 ha svæði. Lóðarstærð 0,5-1,5 ha.
F-10	Fagriskógur	Gert er ráð fyrir allt frístundabyggð á um 15 ha svæði.



Mynd 3-1. Mynd frá Baugaseli í Barkárdal. (Ljósmynd fengin af heimasíðu Ferðafélagsins Hörgs.

3.1.3 Opin svæði

MARKMIÐ:

Stefnt er að því að efla starfsemi á sviði útivistar og ferðaþjónustu.

LEIÐIR:

Gert er ráð fyrir að starfsemi á núverandi svæðum til sérstakra nota geti eflst, eins og nánar verður skilgreint í deiliskipulagi.

Útivistarsvæði í sveitarfélaginu verði gerð aðgengileg fyrir almenning.

Í flokki opinna svæða í sveitarfélaginu eru allt útivistarskógar. Allt vatnasvið Hörgár er skilgreint sem fjarsvæði vatnsverndar. Innan fjarsvæðisins er skilgreind nokkur opin svæði þurfa því allar framkvæmdir á þeim svæðum frekari fyriræmi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra til þess að tryggja öryggi vatnsverndarsvæða.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jörð
OP-1	Ásláksstaðir	Skógræktarreitur sem nýttur er til útivistar. Stærð svæðis 56 ha.	Ásláksstaðir
OP-2	Laugaland	Skógræktarsvæði Skógræktarfélags Eyfirðinga. Stærð svæðis er um 100 ha og er skógurinn nýttur sem útivistarsvæði.	Laugaland

OP-3	Vagfir á þelamörk	Þjóðarskógur í umsjón Skógræktar ríkisins. Stærð svæðis er um 90 ha og er svæðið nýtt til útivistar.	Vagfir
OP-4	Miðhálsstaðir	Skógræktarsvæði í eigu Skógræktarfélags Eyfirðinga. Svæðið er notað sem útivistarsvæði. Stærð svæðis er um 70 ha.	Miðhálsstaðir
OP-5	Jónasarlundur	Skógræktarsvæði og minningarlandur. Stærð svæðis 3,6 ha og er svæðið nýtt sem áningarstaður og útivistarsvæði.	Steinsstaðir
OP-6	Gásir	Um er að ræða þjónustuhús, salernisaðstöðu og bílastæði í tengslum við tilgátubúðir og safnasvæði við Gásir. Stærð svæðis er um 1 ha.	Gásir
OP-7	Hvammur	Skógræktarreitur í landi Hvamms og og Hofs. Skógræktarsvæðið er nýtt sem útivistarsvæði. Stærð svæðis allt að 5 ha.	Hvammur/Hof
OP-8	Grund	Útivistarskógur. Stærð svæðis 36 ha	Grund
OP-9	Ós	Opið svæði í landi Grundar þar sem Freyjulundur er. Skógræktarreitur. Stærð svæðis er allt að 5 ha.	Ós

3.1.4 Afþreyingar- og ferðamannasvæði

MARKMIÐ

Að auka þjónustu og afþreyingu fyrir ferðamenn á svæðinu.

LEIÐIR

Uppbygging ferðamannastaða og skilgreining verndarsvæða kalla á aukna þjónustu.

Að leitað verði eftir nýjum tækifærum á sviði viðskiptatengdrar ferðaþjónustu.

Að fjölga gistinguöguleikum innan svæðisins.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jörð
AF-1	Melar	Tjaldsvæði, stærð svæðis 0,3 ha.	Hallfríðarstaðir
AF-2	Moldhaugaháls	Vélasafn.	Moldhaugar

3.1.5 Kirkjugarðar

MARKMIÐ

Að tryggt verði grafartækt land innan sveitarfélagsins.

LEIÐIR

Kirkjugarður á Möðruvöllum verður megin kirkjugarður sveitarfélagsins.

Tveir kirkjugarður er á Möðruvöllum, sá eldri stendur við Möðruvallakirkju og nýi garðurinn sunnar.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jörð
K-1	Möðruvellir	Eldri kirkjugarður stendur við kirkjuna en sá nýi nokkru sunnar og var tekinn í notkun árið 1951.	Möðruvellir

3.1.6 Umhverfisáhrif byggð

Umfjöllun um jákvæð og neikvæð áhrif markmiða aðalskipulagsins varðandi íbúðarsvæði snéri að því að koma til móts við fjölgun íbúa í sveitarfélaginu með góðu framboði af svæðum fyrir íbúðarbyggð sem eru í góðum tengslum við núverandi þjónustu-, samgöngu- og veitukerfi. Stuðlað verði að fjölbreyttu framboði íbúðagerðar og lóða. Áform sveitarfélagsins um

Íbúðarbyggð eru líkleg til að hafa jákvæð áhrif á samfélag en óveruleg áhrif á náttúrufarslega þætti og auðlindir. Ekki er talið að stefna sveitarfélagsins um frístundabyggð hafi veruleg áhrif í för með sér þar sem ekki er lögð til veruleg fjölgun svæða. Afþreyingar- og ferðamannasvæðin og íþróttasvæðin eru af þeim toga og eru þess umfangs að þau eru ekki talin hafa umtalsverð áhrif í för með sér heldur frekar til þess fallin að auka þjónustustig sveitarfélagsins og bæta aðgengi íbúa og ferðamanna að útivist og afþreyingu.

3.2 ATVINNA

Meginmarkið aðalskipulags um atvinnu er að að stuðla að auknum og fjölbreyttum atvinnutækifærum með nægu framboði lóða undir iðnað, ferðaþjónustu og aðra atvinnustarfsemi og með aukinni nýsköpun. Enn fremur að standa vörð um landbúnað á svæðinu til að sveitir haldist í blómlegri byggð. Leitast verður við að styrkja stoðir og auka vægi ferðaþjónustu á svæðinu sem byggir á sérstöðu svæðisins til að mynda með auknum gistimöguleikum. Sjá kafla 1.1.

3.2.1 Landbúnaðarsvæði

MARKMIÐ

Gert er ráð fyrir að góð landbúnaðarsvæði verði nýtt áfram til landbúnaðar. Gert er ráð fyrir að landbúnaður verði áfram stundaður á bújörðum, með eðlilegum þróunarmöguleikum ýmissa atvinnugreina sem henta slíkum svæðum til rekstrar. Stöðu landbúnaðar sem atvinnugreinar þarf að styrkja og leita leiða til uppbyggingar ýmissa stoðgreina hans. Með því er stefnt að þróun hefðbundinna búgreina í sátt við umhverfi sitt.

Stuðlað verði að aukinni lífrænni ræktun í hinum ýmsu greinum landbúnaðarins, bæði í hefðbundnum greinum svo og í nýjum búgreinum. Stuðlað verði að eflingu mjólkurframleiðslu á svæðinu. Stefnt að eflingu skógræktar á svæðinu til viðarframleiðslu, útivistar, skjóls og landbóta. Land verður metið eftir landgæðum og nýtingarmöguleikum. Verðmætt akuryrkjaland verði ekki tekið undir aðra landnotkun og þannig tryggt að breytingar á landnotkun og landskipti skerði almennt ekki möguleika til notkunar góðs landbúnaðarlands til búvöruframleiðslu í framtíðinni.

LEIÐIR

Að landbúnaður á svæðinu sé stundaður í sátt við náttúruna og misbjóði henni ekki með ofbeit, mengun eða á annan hátt.

Að bætt verði merking á lögbýlum, eyðibýlum og söguslóðum innan svæðisins


Að stutt verði við hlunnindabúskap í héraðinu með markvissri meindýraeyðingu.

Leitað verði eftir auknum ríkisframlögum til skógræktar.

Jarðeigendur verði hvattir til að taka þátt í Norðurlandsskógum. Einkum verði horft til svæða inn til dala, sem henta illa til annarra nytja, s.s. fyrir byggingarland.

Í Hörgársveit er landbúnaður undirstöðuatvinnugrein þar sem stundaður er hefðbundinn búskapur með sauðfé, nautgripi og hross. Landbúnaðarsvæði eru skilgreind upp að 400 m.y.s.

Skilgreina skal í deiliskipulagi nýjar lóðir fyrir frístundahús, íbúðarhús og nýbyggingar fyrir ferðaþjónustu og aðra atvinnustarfsemi en landbúnað samkvæmt nánari ákvæðum í kafla 3.1.1 og 3.1.2. Ekki eru sett sérstök ákvæði eða stærðarmörk um landbúnaðarbyggingar í aðalskipulagi. Nýrækt krefst ekki breytingar á aðalskipulagi en taka skal mið af verndarákvæðum vegna náttúrufars og menningarminja þar sem það á við.



Mynd 3-2. Landbúnaðarsvæði í Hörgársveit.

Jarðamörk og eignamörk eru ekki sýnd á aðalskipulagsuppdraetti. Vísað til greina 5.3.2.13 og 5.11.12 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 um deiliskipulag og byggingar- og framkvæmdaleyfi á landbúnaðarsvæðum.

Á opnum svæðum utan girðinga og ræktarlanda verða hefðbundnar landnyttjar landbúnaðarins heimilar með þeim takmörkunum sem felast í ákvæðum um verndarsvæði þar sem það á við. Svæðin eru auk þess opin til almennrar útivistar. Mannvirkjagerð skal þar vera í lágmarki og miðast fyrst og fremst við reiðvegi og merktar gönguleiðir. Um land jarða og lögbýla á landbúnaðarsvæðum gilda að einnig ákvæði jarðalaga og ábúðarlaga.

Áður en ákvörðun er tekin um breytta nýtingu á hefðbundnu landbúnaðarlandi skal meta virði svæðisins m.t.t. ræktunargildis. Þetta á m.a. við þegar fyrir liggur tillaga um að nýta svæði undir skógrækt eða breyta landnotkun á landbúnaðarsvæðum í t.d. frístundabyggð. Frávik frá meginstefnu geta komið til álita ef með því næst mikilvægur árangur á öðrum sviðum í samræmi við önnur markmið sveitarstjórnar. Til viðmiðunar skal land metið m.t.t. eftirfarandi flokkunar:

Flokkur 1. Gott ræktunarland á samfelldu sléttu svæði. Þessi svæði eru einkum á láglandi, en einnig annað land sem auðvelt er til jarðvinnslu með tilliti til jarðvegsgerðar og aðgengi. Í þessum flokki er að jafnaði mikilvægasta landbúnaðarlandið og er því ekki ætlað til annarskonar landnotkunar en landbúnaðar.

Flokkur 2. Rýrt og óslétt land sem hentar verr til ræktunar. Ekki eins mikilvægt ræktunarland og því frekar hægt að fá undanþágu um að nýta það til annars s.s. skógræktar eða frístundabyggðar.



Mynd 3-3. Mynd frá Hörgárdal. (Ljósmynd. Landmótun sf)

Byggingar á landbúnaðarsvæðum

Á landbúnaðarsvæðum er fyrst og fremst gert ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri. Landbúnaðarsvæði eru skilgreind upp í 400 m hæð og er það gert vegna skógræktar. Ekki eru þó heimilaðar byggingar tengdar búrekstri ofar 200 m heldur gilda þar ákvæði um óbyggð svæði. Möркуð er sú stefna að ekki þurfi að gera grein fyrir virkjunum undir 200 kW í aðalskipulagi og eru þær því ekki sýndar á aðalskipulagsuppdraetti. skipBygging nýrra vatnsaflsvirkjana 200 kw eða stærri krefst breytinga á aðalskipulagi enda kunna þær að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og eru tilkynningar skyldar samkv. flokki B í lögum um mat á umhverfisáhrifum liður 3.22.

Heimilt er að afmarka lóðir og reisa allt að þrjú íbúðarhús þar sem aðstæður leyfa á lögbýlum auk þeirra annarra sem tilheyra búrekstrinum. Ný íbúðarhús skulu nýta sömu heimreið og lögbýlið og vera í ákveðnum tengslum og samhengi við aðra byggð. Markmiðið er að ekki verði fjölgað tengingum við þjóðveg, að þjónusta við ný hús tengist þeirri þjónustu sem þegar er veitt og að nýjum húsum verði komið fyrir í samræmi við byggingarhefðir og yfirbragð sveitarinnar. Forðast skal stök hús á víðavangi. Þar sem 4 eða fleiri íbúðarlóðir eru samliggjandi án þess að tengjast rekstri viðkomandi jarðar skal afmarka íbúðarsvæði. Heimilt er að byggja frístundahús og íbúðarhús, sem ekki tengjast búrekstri á landbúnaðarsvæðum bújarða, án þess að breyta þurfi aðalskipulagi og fer fjöldi húsa eftir stærð lands sbr. eftirfarandi töflu:

Landstærðir	Heiti	Nýtingarhlutfall	Heimildir með tilliti til aðalskipulags
0,5 til 3 ha	Íbúðarlóðir	0,05	Heimilt er að byggja íbúðarhús, gestahús og bílskúr í samræmi við nýtingarhlutfall. Hesthús og aðrar byggingar til landbúnaðar eru að jafnaði ekki heimilar á lóðum sem eru minni en 2 ha.
3 – 10 ha	Landspildur/smábýli	0,05	Heimilt er að byggja 1 íbúðarhús, 1 frístundahús auk annarra bygginga m.a. til landbúnaðarnota í samræmi við nýtingarhlutfall.
10 – 25 ha	Landspildur/Bújarðir	0,05	Heimild fyrir 2 íbúðarhúsum og 2 frístundahúsum auk annarra bygginga m.a. til landbúnaðarnota í samræmi við nýtingarhlutfall. Sérhæfðar byggingar fyrir aðra atvinnustarfsemi en landbúnað: 1.500 m ² (nýjar byggingar og þær sem fyrir eru).
> 25 ha	Landspildur/Bújarðir		Heimild fyrir 3 íbúðarhúsum og 3 frístundahúsum auk annarra bygginga m.a. til landbúnaðarnota. Sérhæfðar byggingar fyrir aðra atvinnustarfsemi en landbúnað: 1.500 m ² (nýjar byggingar og þær sem fyrir eru).

Tafla 3-1. Byggingar á landbúnaðarsvæðum.

Allt vatnasvið Hörgár er skilgreint sem fjarsvæði vatnsverndar. Innan fjarsvæðisins er skilgreindur landbúnaður á stórum hluta og þurfa því allar fyrirhugaðar framkvæmdir þar að fá umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra áður en í þær er ráðist, til þess að tryggja öryggi vatnsverndarsvæðis.

Um land jarða og lögbýla á landbúnaðarsvæðum gilda að öðru leyti ákvæði jarðalaga nr. 81/2004 og ábúðarlaga nr. 80/2004.

Ferðapjónusta á landbúnaðarsvæðum

Á bújörðum sem eru 10 ha eða stærri mega sérhæfðar byggingar fyrir aðra atvinnustarfsemi en landbúnað vera allt að 1.500 m² (samtals gömul hús og ný) þar sem aðstæður leyfa. Rekstur, sem krefst stærri bygginga verður hins vegar einungis heimilaður á svæðum sem skilgreind eru fyrir viðkomandi landnotkun á aðalskipulagsupprætti. Uppbygging sem hér hefur verið lýst er ekki heimil á bújörðum þar sem land er minna en 10 ha að óbreyttu aðalskipulagi. Almenn stærðarviðmiðun miðar að því að auðvelda minni háttar uppbyggingu og rekstur atvinnugreina sem styðja við hefðbundinn landbúnað og búsetu á svæðinu. Meginreglan er að önnur atvinnustarfsemi verði hluti bújarða en ekki á sjálfstæðum lóðum. Verði slík starfsemi skilin frá búrekstri krefst það formlegrar breytingar á aðalskipulagi.

Markmiðið er að gefa kost á nýtingu þess húsakosts sem fyrir er á viðkomandi bæjum með minni háttar viðbótum og breytingum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi, auðvelda bændum að skjóta fleiri stoðum undir búreksturinn og tryggja áframhaldandi nýtingu jarðanna. .

Landskipti

Markmiðið með þeirri aðferðafræði sem hér er kynnt til sögunnar er að sporna við myndun þéttrar íbúðarbyggðar í dreifbýlinu, vernda hefðbundið byggðarmynstur og yfirbragð byggðar í sveitinni. Við landskipti, þ.e. þegar bújörð er skipt upp, verða auk „bújarðarinnar“ (10-25 ha) til „smábýli“ (3-10 ha) og „íbúðarlóðir“ (0,5-3 ha). Með umsókn um landskipti til sveitarstjórnar skal fylgja framkvæmdaáætlun eða „rammaskipulag bújarðar“ þar sem m.a. koma fram upplýsingar um uppbyggingaráform, aðstæður og landkosti, flokkun landbúnaðarlandsins, fyrirhugað gatnakerfi/aðkomu, fjölda og stærðir jarða, spildna og lóða svo og tímaáætlun uppbyggingar. Við mat og afgreiðslu umsókna verður einkum litið til eftirtalinna þátta:

- Fyrirhuguð uppbygging stuðli að hagkvæmu byggðarmynstri sem ekki verður íþyngjandi í rekstri sveitarfélagsins til framtíðar.

- Gatnakerfi á jörðinni sé einfalt og tengingum við vega- og þjónustukerfi sveitarfélagsins verði ekki fjölgað.
- Ný hús verði ekki byggð á góðu landbúnaðarlandi sbr. ákvæði jarðalaga og flokkun landbúnaðarlands sbr. texta framar í landbúnaðarkaflanum.
- Ný hús rýri ekki eftirsóknarverð gildi umhverfisins, sem sóst er eftir með búsetu í sveitinni s.s. aðgengi að opnu landi, ósnertri náttúru, útsýni og búsetulandslagi.
- Ný hús hafi ekki neikvæð áhrif á útsýnisstaði, hvorki með því að loka eða takmarka aðgengi að þeim né skaða ásýnd áhugaverðra staða og svæða.
- Ný hús loki ekki almennum göngu- og reiðleiðum, hvorki fornum né nýjum.
- Ný íbúðarhús verði ekki sett á svæði sem áhugaverð eru til almennrar útivistar.
- Staðsetning bygginga taki mið af staðbundnum hefðum þar sem það á við og ný hús taki eftir því sem við á mið af byggingarhefð svæðisins.
- Ný hús skulu vera í samræmi við og styrkja búsetulandslag svæðisins.
- Ekki verði blandað í nábýli frístundabyggð og íbúðarbyggð.

3.2.2 Samfélagsþjónusta

MARKMIÐ:

Stuðlað verði að þjónustustarfsemi í dreifbýli til að renna styrkari stoðum undir byggð á svæðinu. Gert er ráð fyrir að starfsemi núverandi þjónustustofnana geti eflst og vaxið, eins og nánar verður skilgreint í deiliskipulagi.

LEIÐIR:

Bætt aðgengi að þjónustustofnunum til að auka nýtingu á einstökum stofnunum.

Betri nýting íþróttamannvirkis á Laugalandi með forgangi fyrir íbúa sveitarfélagsins

Margar þjónustustofnanir í dreifbýli eru háðar sérstökum skilyrðum í lögum eða samningum, s.s. sóknarkirkjur, félagsheimili, meðferðarheimili og skólar. Notkun á landi sem tilheyrir hlutaðeigandi stofnunum er háð samþykktu deiliskipulagi. Í Hörgársveit eru eftirfarandi þjónustustofnanir og eru þær táknaðar með appelsínugulum lit og númeri á skipulagsupprætti. Hér á eftir er yfirlit yfir staði í flokki þjónustustofnana í sveitarfélaginu og tilgreint er hverskonar starfsemi fer fram í þeim í dag sem ekki er bindandi umfram ákvæði skipulagslaga og skipulagsreglugerðar.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jörð
S-1	Hlíðarbær	Félagsheimili, byggt fyrst árið 1919, byggt tvisvar við, fyrst 1969 og svo 1975. Stærð lóðar 600 m ² .	Sólborgarhóll
S-2	Glæsibær	Kirkja, timburhús reist 1866. Stærð lóðar 0,1 ha.	Glæsibær
S-3	Laugaland	Grunnskóli, byggður 1961-1978, sundlaug byggð 1943-45 og íþróttahús 1992. Stærð lóðar 1,5 ha. Samkvæmt tillögu að deiliskipulagi er gert ráð fyrir nýjum byggingarreitum fyrir stækkun á þelamerkurskóla, tvö íbúðarhús og vallarhús.	Laugaland
S-4	Bægisá	Kirkja, timburhús reist 1858. Stærð lóðar 0,1 ha.	Ytri-Bægisá
S-5	Bakki	Kirkja, timburhús reist 1843. Stærð lóðar 0,1 ha.	Bakki
S-6	Hraun	Fræðasetur og minningarstofa um Jónas Hallgrímsson.	Hraun
S-7	Melar	Félagsheimili, byggt 1924 og viðbygging 1960. Stærð lóðar 0,3 ha.	Hallfríðarstaðir

S-8	Möðruvellir	Innan svæðis er kirkja, safnaðarheimili og leikhús sem er staðsett innan safnaðarheimilisins. Um er að ræða hús sem var upphaflega leikfimiðhús og pakkhús Möðruvallarskóla sem brann árið 1901 og eru einu eftirstandandi leifar um Möðruvallarskóla. Kirkja sú sem nú stendur á Möðruvöllum var reist á árunum 1865-1867 eftir kirkjubruna 1865. Stærð lóðar 0,4 ha.	Möðruvellir
-----	-------------	--	-------------



Mynd 3-4. Frá sundlauginni á Þelamörk.(Ljósmynd. Landmótun sf.)

3.2.3 Verslun- og þjónusta

MARKMIÐ:

Stuðlað verði að auknum atvinnutækifærum á sviði verslunar og þjónustu. Gert er ráð fyrir að svæðin geti eflst og þannig rennt styrkari stoðum undir byggð á svæðinu.

LEIÐIR:

Að leitað verði eftir nýjum tækifærum á sviði verslunar- og þjónustu vegna nálægðar við Akureyri.

Að fjölga gistinguþéttum innan svæðisins.

Hér á eftir er yfirlit yfir staði í flokki verslunar- og þjónustusvæða í sveitarfélaginu og tilgreint hverskonar starfsemi fer fram á þeim í dag sem ekki er bindandi umfram ákvæði skipulagslaga og skipulagsreglugerðar. Á uppdrætti fá verslunar- og þjónustusvæði gult tákn og númer.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jörð
VP-1	Lækjarvellir	Blönduð landnotkun athafnasvæðis og verslunar- og þjónustusvæðis. Svæðið er alls 17,5 ha að stærð og gert er ráð fyrir 21 lóð með nýtingarhlutfallinu 0,3-0,4. Innan svæðis geta m.a. risið stærri verslanir og þjónusta og einnig er gert ráð fyrir lóðum fyrir ýmiskonar athafnastarfsemi. Vísað er að öðru leyti í samþykkt deiliskipulag frá 2007.	Syðsta-Samtún, Mið-Samtún, Efsta-Samtún og Steinkot
V-2	Pétursborg og Fagravík	Ferðaðþjónusta með gistingu, 2 frístundahús hvert um sig 20 m ² . Stærð lóðar 1 ha. Samkvæmt deiliskipulagi frá 2004 er gert ráð fyrir 12 frístundahúsum á um 15 ha svæði við Fögruvík.	Pétursborg
V-3	Skjaldarvík	Ferðaðþjónusta í Skjaldarvík. Á svæðinu er rekin gisting, hestaleiga, verslun og veitingaðþjónusta. Stærð lóðar er um 1,6 ha.	Skjaldarvík
V-4	Engimýri	Ferðaðþjónusta. Gistiheimili og tjaldsvæði, hestaleiga, gistihús byggt 1991, stærð lóðar 1,5 ha.	Engimýri
V-5	Háls	Veitingaðþjónusta. Stærð lóðar óþekkt.	Háls

3.2.4 Athafnasvæði

MARKMIÐ:

Lögð verður áhersla á að skapa fyrirtækjum góðar umhverfisaðstæður. Bæta skilyrði fyrir úrvinnslu og framleiðslu á landbúnaðarafurðum og annarri matvælaframleiðslu eða tengdri starfsemi.

LEIÐIR:

Fjölbreytt framboð athafnalóða er fyrir mismunandi fyrirtæki.

Átak verði gert í að skapa aðstæður fyrir nýja atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu, bæði ný fyriræki, sem og flutning fyrirtækja úr öðrum sveitarfélögum

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jörð
AT-1	Moldhaugar	Svæðið er ætlað sem geymslusvæði fyrir vélar, bíla og tækjabúnað. Gert er ráð fyrir þremur skemmum á svæðinu samtals 1.000 m ² . Afleggjari verður lagður að bænum Skútum sem tengir svæðið við Hringveginn. Svæðið er alls 10 ha að stærð.	Skútar/Mold-haugar
AT-2	Dysnes	Blönduð landnotkun með iðnaðarsvæði, 60% athafnasvæði og 40% iðnaðarsvæði. Iðnaðarlóðir eru einkum ætlaðar undir iðnfyrirtæki/verksmiðjur sem henta á athafnasvæðum og hafa litla mengun í för með sér. Neysluvatn fyrir svæðið verður mögulega sótt í Hofsskarð eða Hörgáreyrar og svæðið mun tengjast Dalvíkurlínu með jarðstreng að spennistöð innan svæðisins. Fráveita verður skilgreind í deiliskipulagi. Huga skal í deiliskipulagi hvernig minnka má sjónræn áhrif af svæðinu. Nánari uppbygging verði skilgreind í deiliskipulagi. Svæðið er samtals um 34 ha.	Dysnes
AT-3	Arnarholt	Vinnslusvæði hitaveitunnar á Arnarnesi. Á svæðinu er borhola Norðurorku.	Arnarholt

3.2.5 Iðnaðarsvæði

MARKMIÐ:

Leita skal hagkvæmra leiða til að draga úr magni úrgangs til förgunar. Unnið verði að endurnýtingu og endurvinnslu þar sem það er mögulegt. Áhersla verður lögð á jarðgerð lífræns úrgangs.

LEIÐIR:

Sveitarfélagið finni hagkvæmustu lausn á förgun úrgangs.

Íbúum verði gert auðveldara fyrir með flokkun úrgangs.

Komið verði á flokkun úrgangs á heimilum og skapaðir möguleikar fyrir íbúanna að koma frá sér flokkuðum úrgangi.

Úrgangsstjórnun

Hörgársveit er aðili að Flokkun Eyjafjörður ehf, sem er í eigu sveitarfélaganna í Eyjafirði. Óflokkaður úrgangur frá heimilum er hirtur hálfsmánaðarlega og flokkaður úrgangur á fjögurra vikna fresti. Sérstakir gámar eru fyrir dýrahæ og annar lífrænan úrgangur frá landbúnaði. Reglulegar söfnunarferðir eru til að safna heyrulluplasti, timburúrgangi og brotamálmum. Fyrirtæki sjá sjálf um hirðingu og meðhöndlun úrgangs sem fellur til hjá þeim og greiða þann kostnað sem því fylgir. Úrgangur frá fyrirtækjum er talinn vera 60-65% af þeim úrgangi sem fellur til í sveitarfélaginu. Unnið er að gerð svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs í samræmi við lög 55/2003, þar sem ákveðið verður með hvaða hætti sveitarfélagið hyggst ná markmiðum um meðhöndlun úrgangs.

3.2.6 Hafnarsvæði

MARKMIÐ

Áhersla lögð á uppbyggingu hafnar á Dysnesi.

LEIÐIR

Gert verður ráð fyrir rúmu upplandi fyrir hafnarsvæðið fyrir mismunandi hafnsækna starfsemi.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jörð
H-1	Dysnes	Mörk hafnarsvæðis á landi liggi samsíða strandlínu, u.þ.b. 250 m frá henni. Starfsemi þar hefur ekki mengun í för með sér. Þar fyrir ofan verði blönduð landnotkun (60/40%) fyrir athafna- og iðnaðarstarfsemi. Hafnarsvæðið er um 52 ha og athafna- og iðnaðarsvæði um 34 ha að stærð. Neysluvatn fyrir svæðið verður mögulega sótt í Hofsskarð eða Hörgáreyrar og svæðið mun tengjast Dalvíkurlínu með jarðstreng að spennistöð innan svæðisins. Fráveita verður skilgreind í deiliskipulagi. Huga skal í deiliskipulagi hvernig minnka má sjónræn áhrif af svæðinu. Nánari uppbygging verði skilgreind í deiliskipulagi.	Gilsbakki / Syðri-Bakki

3.2.7 Efnistöku- og efnislosunarsvæði

MARKMIÐ:

Almennt er gert ráð fyrir sem fæstum en tiltölulega stórum efnistöku- og efnislosunarsvæðum. Nýting jarðefna skal vera með þeim hætti að hvorki verði spillt náttúruminum né gerðar óæskilegar breytingar á landslagi. Lögð skal áhersla á nýtingu náma sem náttúran getur viðhaldið, t.d. á áreyrum. Leiðir:

Við veitingu framkvæmdaleyfis verði sett skilyrði um skipulega nýtingu, góða umgengni og frágang að vinnslu lokinni.

Þær námur sem eru skilgreindar í aðalskipulaginu eru til mismunandi nota og uppfylla fyrirhugaðar þarfir á skipulagstímanum.

Í aðalskipulagi er gerð grein fyrir þeim svæðum þar sem fram fer og fyrirhuguð er efnistaka s.s. malarnám, sandnám og grjótnám. Öll efnistaka er skipulagsskyld, háð ákvæðum skipulagslaga nr. 123/2010, skipulagsreglugerð nr. 90/2013 og reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Samkv. 7. grein reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 skal það gefið

út á grundvelli deiliskipulags. Heimilt er þó að veita framkvæmdaleyfi á grundvelli aðalskipulags ef þar er gerð grein fyrir framkvæmdinni og fjallað á ítarlegan hátt um umfang, frágang, áhrif náunnar á umhverfið og annað það sem við á.

Aðalskipulagsáætlunin gerir ráð fyrir áframhaldandi efnistöku á þeim svæðum sem þegar eru nýtt enda í flestum tilvikum um að ræða efnistöku á áreyrum. Við efnistöku úr árfarvegum skal þess þó gætt að hafa sem minnst áhrif á lífríki ána og valda ekki landbroti.

Allar framkvæmdir í eða við veiðivötn (á eða stöðuvatn sem veiði er í eða mætti í vera ef fiskur væri ræktaður þar) í allt að 100 m frá bakka eru háðar leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006. Námuréttarhöfum er skylt að vinna áætlanir um efnistökusvæði þar sem m.a. er gerð grein fyrir áætluðu efnismagni, vinnslutíma og frágangi að efnisnámi loknu og sækja um framkvæmdaleyfi til sveitarstjórnar fyrir notkun þeirra sbr. ákvæði í skipulagslögum og lögum um náttúruvernd. Ekki liggur fyrir framkvæmdaleyfi fyrir allar námur sem merktar eru á aðalskipulagsuppdraetti. Frá 1. júlí 2008 hefur verið óheimilt að nýta gamlar námur án framkvæmdaleyfis óháð stærð þeirra.

Samkvæmt lögum um náttúruvernd skal efnistökusvæði ekki standa ónotað og ófrágengið lengur en þrjú ár og þarf því að sækja um framkvæmdaleyfi þegar áætlað er að hefja nýtingu að nýju. Sveitarstjórn gefur út framkvæmdaleyfi sbr. ákvæði skipulagslaga og reglugerðar um framkvæmdaleyfi og í samræmi við skipulagsáætlanir.

Eftirfarandi almennar reglur gilda um efnistöku í sveitarfélaginu:

- Áætlanir um efnistöku skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og taka mið af þeim verndarákvæðum sem þar eru sett fram, s.s. vegna hverfisverndar, svæða á náttúruminjasvæði, friðlýstra svæða skv. Náttúruverndarlögum og friðlýstra fornminja skv. Lögum um menningarminjar
- Taka skal tillit til þekktra fornminja. Efnistaka skal ekki fara nær friðlýstum fornminjum og öðrum merkjum minjum en 100 m og ekki nær öðrum minjum en 15 m.
- Taka skal tillit til jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga, sbr. kafla 3.3.3.
- Stuttar fjarlægðir frá nýtingarstað og minniháttar áhrif á umhverfið.
- Gerð er krafa um góða umgengni, skipulag vinnubrögð og snyrtilegan frágang að lokinni vinnslu.

Mat á umhverfisáhrifum. Þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m² (5 ha) svæði eða stærra eða er 150.000 m³ eða meiri eru háðar mati á umhverfisáhrifum framkvæmda sbr. lög nr. 106/2000 og falla skv. lögnum í flokk A. Efnistaka sem raskar 25.000 m² (2.5 ha) svæði eða stærra eða ef magn jarðefna er 50.000 m³ eða meira fellur í flokk B og ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar. Ennfremur ef um er að ræða efnistöku á verndarsvæðum.

Þar sem efnistaka er víða innan sveitarfélagsins innan grann- og fjarsvæði vatnsverndar þá þurfa allar fyrirhugaðar efnistökuframkvæmdir þar að fá umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra áður en í þær er ráðist, til þess að tryggja öryggi vatnsverndarsvæða.

Eftirfarandi yfirlit er yfir núverandi og áætluð efnistökusvæði í Hörgársveit. Ekki liggur fyrir vinnslutími né áætluð efnistaka á öllum efnistökusvæðum.

Nr.	Heiti	Lýsing	Staða/magn m ³	Jörð
E1	Spónsgerði	Möl og sandur	50.000	Spónsgerði
E2	Hörgá 1*	Árfarvegur og bakkar neðan við brú á Dalvíkurvegi	45.000	Hlaðir/Möðruvellir
E3	Björg	Setnáma, sethjalli frá ísaldarlokom	2.200.000	Björg
E4	Hörgá 2*	Árfarvegur milli Djúpárbakka og Laugaland	65.0000	Litli-Dunhagi, Stóri-Dunhagi, Grjótgarður, Djúpárþakki, Björg
E5	Moldhaugaháls	Grjótnáma ásamt lagersvæði alls um 17 ha	5.000.000 m ³	Skútar/Moldhaugar
E6	Hörgá 3*	Árfarvegur á móts við Auðbrekku	85.000	(Krossastaðir, Laugaland, Auðbrekka,

			Hólkot	
E7	Hörgá 4*	Árfarvegur á móts við Brakanda	15.000	(Fornhagi, Brakandi, Dagverðartunga, Skriða)
E8	Hörgá 5 *	Malarkeilur og árfarvegur Syðri-Tunguár og Ytri-Tunguár	75.000	Skriða, Fornhagi, Dagverðartunga
E9	Hörgá 6 *	Árfarvegur frá Steðja að vestumörkum Lönguhlíðar	400.000	Skriða, Langahlíð, Neðri-Rauðilækur, Neðri-Vindheimar, Ás, Skógar, Steðji
E10	Öxnadalsá 1*	Árfarvegur frá Neðstalandi og Hraunshöfða	55.000	Efstaland, Neðstaland, Skjaldarstaðir
E11	Öxnadalsá 2*	Árfarvegur á móts við Efstaland	55.000	Efstaland

***Sérákvæði vegna efnistöku úr Hörgá og þverám hennar.** Efnistaka verður skipulögð á afmörkuðum stöðum hverju sinni. Við efnistöku skal setja ströng skilyrði til varnar umhverfisspjöllum s.s. um viðhald vinnuvéla og meðferð olíu og spilliefna til að koma í veg fyrir mengun frá framkvæmdasvæðinu. Efnislager skal ekki vera á bökkum árinna heldur fluttur jafnóðum á öruggt efnisgeymslusvæði fjarri ánni.

- Efnistaka einungis á einum efnistökuastað í einu.
- Efnistaka aðeins heimil utan veiðitíma.

3.2.8 Umhverfisáhrif atvinnna

Í málaflokknum atvinnna eru sett fram markmið sem eiga að auka atvinnustig og fjölbreytni í atvinnulífi. Landbúnaður verður áfram undirstöðuatvinnugrein í sveitarfélaginu og hann styrktur með því að mikilvæg ræktunarland verði áfram nýtt til landbúnaðar.

Stefna aðalskipulags um samfélagsþjónustu og verslun og þjónustu er talin hafa jákvæð áhrif í för með sér möguleikar felast í uppbyggingu á verslun og þjónustu vegna nálægðar við Akureyri. Ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein í sveitarfélaginu og er rekin ferðaþjónusta á nokkur stöðum í sveitarfélaginu og gistirými er talsvert.

Hörgársveit býður upp á mikla möguleika á efnistöku. Stefnt er að því að hafa frekar fáa efnistökuastaði en þeir verði stærri fyrir vikið. Gert er ráð fyrir 11 efnistökusvæðum í Hörgársveit og eru 4 þeirra á skilgreindu fjarsvæði vatnsverndar. Námur þar sem efni er unnið úr sethjölum eða klapparholtum eru greinileg inngrip í landslag og hafa neikvæð áhrif á landslag.

Uppbygging á athafna og hafnarsvæði er talin hafa jákvæð áhrif á samfélagið. Tækifæri skapast með auknu framboði atvinnulóða og hafnarsvæði sem laðar getur að sér íbúa til svæðisins og stuðlað þannig að fjölgun í sveitarfélaginu. Neikvæð áhrif mun þó verða á landslag og ásynd og náttúrufar svæðisins og mögulega á menningarminjar sem eru innan svæðisins.

3.3 UMHVERFI

Meginmarkmið aðalskipulagsins hvað umhverfi varðar er að stuðla að hagkvæmri **nýtingu orku- og auðlinda**. Að stuðla að **varðveislu náttúru minja og sögum inja** og annarra umhverfislegra gæða sem styrkir m.a. ferðaþjónustu. Að standa vörð um vernd **grunnvatns** sem nytjavatns fyrir íbúa og fyrir atvinnustarfsemi. Að stuðla að **gróðurvernd og landgræðslu** og að landnýting verði í samræmi við landgæði og ástand lands. Að skráð verði þekkt **hættusvæði**, t.d. þar sem jarðskjálfta-, ofanflóða- eða annars konar flóðahætta er til staðar. Nánar verði unnið úr gögnum um hugsanlega náttúruvá síðar meir með gerð jarðfræðikorta. Sjá kafla 1.1.

3.3.1 Óbyggð svæði

MARKMIÐ:

Taka skal fyllsta tillit til umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiða við skipulag og framkvæmdir á óbyggðum svæðum. Á óbyggðum svæðum má reisa eftir atvikum og upplýsingaskilti, salerni, borð, bekki og hestagerði. Um er að ræða áningarstaði sem ekki eru merktir sérstaklega á aðalskipulagsupprátt. Heimilt er þó að byggja 20 m² þjónustuhús án þess að skilgreina svæðið sem verslunar- og þjónustusvæði í aðalskipulagi.

LEIÐIR:

Lögð skal áhersla á uppbyggingu þeirra þjónustukerfa sem koma ferðaþjónustu að gagni, s.s. merkingu á gönguleiðum.

Í aðalskipulaginu eru gönguleiðir skilgreindar á óbyggðum svæðum.

Meiri hluti sveitarfélagsins er í flokknum óbyggð svæði en allt land ofan 400 m er skilgreint í þessum flokki. Á þessum svæðum eru helstu vatnsverndarsvæðin í sveitarfélaginu.

3.3.2 Vatnsvernd

MARKMIÐ:

Staðið verði vörð um vernd grunnvatns sem nytjavatns fyrir íbúa og fyrir atvinnustarfsemi.

LEIÐIR:

Vatnsból verði afgirt og engar framkvæmdir sem gætu ógnað vatnsverndarsvæðum verði leyfðar á grannsvæðum eða fjarsvæðum þeirra.

Vatnsverndarsvæðum er skipt í 3 flokka; i) brunnsvæði, ii) grannsvæði og iii) fjarsvæði og er afmörkun þeirra sýnd á landnotkunaruppdrætti.

FLOKKUR I. BRUNNSVÆÐI

Brunnsvæði ná til vatnsbóla og næsta nágrennis þeirra. Verndarákvæði brunnsvæða eru þessi:

Svæðin skulu vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar.

Heilbrigðisnefnd getur krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 m frá vatnsbóli.

Tvö brunnsvæði er í Hörgársveit. Annað er staðsett á áreyrum Hörgár fyrir neðan Vaglir en hitt við rætur Reistarárþjalls.

FLOKKUR II. GRANNSVÆÐI

Utan við brunnsvæði taka við grannsvæði vatnsbóla sem eru aðrennslissvæði grunnvatns. Verndarákvæði grannsvæða eru þessi:

Á grannsvæðum er óheimilt að nota eða hafa birgðir af efnum, sem geta mengað grunnvatn. Hér er m.a. átt við olíu, bensín, og skyld efni, salt, eitrefni til útrýmingar skordýrum eða gróðri og önnur efni sem geta mengað grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn.

Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu.

Vegalagning, áburðarnotkun og önnur starfsemi skal vera undir ströngu eftirliti.

Grannsvæði vatnsverndar í Hörgársveit er sýnt á landnotkunaruppdrætti.¹

FLOKKUR III. FJARSVÆÐI

Fjarsvæði er á vatnasviði vatnsbóla en liggur utan þess lands sem telst til I. og II. flokks verndarsvæða. Verndarákvæði fjarsvæða eru þessi:


Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi skal gæta fyllstu varúðar í meðferð efna sem talin eru upp í II. flokki. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu.

Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhús og annarra mannvirkja.

Allt vatnasvið Hörgár er skilgreint sem fjarsvæði vatnsverndar. Innan fjarsvæðisins eru skilgreindir eftirfarandi landnotkunarflokkar; efnistökusvæði, landbúnaður, opið svæði til sérstakra nota og frístundabyggðarsvæði. Allar framkvæmdir á þeim svæðum þurfa frekari fyrirmæli Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra til þess að tryggja öryggi vatnsverndarsvæða.

Eina umtalsverða vatnasvæðið þar fyrir utan er í Reistarárþjalli. Neysluvatn fyrir Hjalteyri o.fl. kemur úr vatnsbóli ofarlega í fjallinu.

¹ Náttúrufræðistofnun Íslands, Verndarsvæði vatnsbóla í Hörgárbyggð, 1998



Mynd 3-4. Vatnsverndarsvæði í Hörgársveit.

3.3.3 Verndarsvæði vegna strandmengunar og mengunar í ám og vötnum

MARKMIÐ:

Að vatnsgæði verði ávallt til fyrirmyndar.

LEIÐIR:

Stefnt er að því að Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra í samráði við sveitarstjórn, flokki vatnasvæði í sveitarfélaginu og setji viðmiðunarmörk vegna gerlamengunar og notkunar áburðarefna.

Til þess að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns og til þess að vernda það gegn mengun frá mannlegri starfsemi skulu heilbrigðisnefndir flokka vatn í samræmi við 9. og 10. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um mengun vatns. Vatnasvæðum á að skipta í fimm flokka, A-E, í samræmi við reglugerð um mengun vatns.

Flokkur A: Ósnortið vatn

Flokkur B: Lítið snortið vatn

Flokkur C: Nokkuð snortið vatn

Flokkur D: Verulega snortið vatn

Flokkur E: Ófullnægjandi vatn

Framangreind flokkun á vatnasvæðum í sveitarfélaginu hefur ekki farið fram fyrir sveitarfélagið í heild sinni, en skv. úttekt sem gerð hefur verið á Hörgá² uppfyllir hún skilyrði um flokk A í 12 atriðum af 13, í einu tilviki er um að ræða flokk B.

Sjór við strandlengju Hörgársveitar telst síður viðkvæmur viðtaki miðað við skilgreiningu reglugerðar um fráveitur og skólp.³ Í samræmi við ákvæði reglugerðar um varnir gegn mengun vatns og skipulagsreglugerðar eru sett langtímamarkmið um ástand strandsvæða. Um vatnasvæði gilda eftirtalin ákvæði til varnar mengun:

- a. Stefnt er að því að strandlengjan verði í flokki A sbr. skilgreiningu í 9. og 10. greinum reglugerðar um varnir gegn mengun vatns með fyrirvara um þýnningarsvæði þar sem skolpi er veitt til sjávar. Miðað verði við að þýnningarsvæði nái ekki að strönd.
- b. Stefnt er að því að allar ár, lækir, vötn og tjarnir verði í flokki A, ósnortið vatn. Þessi svæði hafa öll verndargildi vegna fuglalífs og gróðurfars auk þess sem sum þeirra hafa ákveðið útivistargildi.
- c. Öll byggð í dreifbýli skal nota viðurkenndar rotþrær með tveggja þrepa hreinsibúnaði.
- d. Stefnt er að því að sveitarstjórn, í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit og Umhverfisstofnun, láti meta ástand vatnasvæða í sveitarfélaginu og setji viðmiðunarmörk vegna gerlamengunar og áburðarefna.

3.3.4 Strandsvæði

MARKMIÐ:

Nýting auðlinda haf- og strandsvæða grundvallist á heildarsýn á málefni hafsins, taki mið af varúðarreglunni og mótist af vistkerfisnálgun.

LEIÐIR:

Ákvarðanir um skipulag byggi á rannsóknum, tækni og þekkingu þar sem virðing fyrir náttúrunni sé höfð í fyrirrími.

Ákvarðanir um skipulag byggist á samstarfi og samráði ráðuneyta, stofnana, sveitarfélaga og hagsmunaaðila.

Strandsvæði eru svæði innan netlaga og meðfram sjó, ám eða vötnum þar sem aðgengi almennings er tryggt og mannvirkjagerð haldið í lágmarki.

Eftirtalin strandsvæði eru skilgreind í sveitarfélaginu:

- Strandsvæði utan Hörgárósa.
- Strandsvæði norðan Hjalteyrar að Arnarnesi.

² Flokkun vatna á Norðurlandi eystra, Eyjafjarðará, Glerá, Hörgá og Svarfaðardalsá. 2004.

³ Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024, drög september 2011.

Á strandsvæðum er heimilt að gera bílastæði og leggja göngustíga og aðstöðu fyrir útivistarfólk svo sem snyrtingar, upplýsingaskilti og áningarstaði. Ekki er heimilt að byggja gististaði á strandsvæðum.

3.3.5 Friðlýst svæði

MARKMIÐ:

Stuðlað verði að varðveislu friðlýstra svæða, annarra náttúruminja og umhverfislegra gæða almennt.

LEIÐIR:

Með tillögu að hverfisvernd svæða er stuðlað að samtengingu svæða sem eru á náttúruminjaskrá.

Jarðmyndanir og vistgerðir

Samkvæmt 37. gr. náttúruverndarlaga njóta ákveðnar jarðmyndanir og vistkerfi sérstakrar verndar og skal forðast að raska þeim eins og kostur er. Þau eru:

Eldvörp, gervigígar og eldhraun.

Stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að stærð eða stærri.

Mýrar og flóar, 3 ha að stærð eða stærri.

Fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðabreiður, 100 m² að stærð eða stærri.

Sjávarfitjar og leirur.

Ekki hefur verið gerð úttekt á jarðmyndunum og vistkerfum á svæðinu sem ákvæði 37. gr. náttúruverndarlaga taka til, eða þær verið kortlagðar. Skipulagsáætlunin er því sett fram með þeim annmörkum. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en framkvæmda- eða byggingarleyfi er veitt, sbr. 13. og 53. gr. skipulagslaga nr.123/2010, í þeim tilvikum sem framkvæmdir geta haft í för með sér röskun á ákveðnum jarðmyndunum og vistkerfum. Minnt er á að samkvæmt 38 gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd þarf leyfi Umhverfisstofnunar til framkvæmda þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum.

FS -1 Hraun í Öxnadal

Hinn 10. maí 2007 var að tillögu Hrauns í Öxnadal ehf., eigenda jarðarinnar Hrauns, með samþykki sveitarstjórnar Hörgárbyggðar og að fengnu álit Umhverfisstofnunar, ákveðið að friðlýsa megin hluta jarðarinnar Hrauns í Öxnadal sem fólkvangur í samræmi við 55. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Fólkvangurinn nær yfir 2.286 hektara jarðarinnar, en 77 hektarar af heimalandi jarðarinnar eru undanskildir friðlýsingunni.

Markmiðið með friðlýsingu hluta jarðarinnar Hrauns í Öxnadal er að vernda svæðið til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu. Verndargildi svæðisins byggir á því að landslag og náttúrufar, sérstaklega jarðmyndanir, eru mjög fjölbreytt og eru þar m.a. mikilvægar minjar um horfna búskaparhætti. Markmið friðlýsingarinnar er jafnframt að auðvelda umgengni og kynni af menningarminjum og bókmenntaerfi þjóðarinnar, en þar fæddist skáldið og náttúrufræðingurinn Jónas Hallgrímsson.

Mörk fólkvangsins eru sýnd á landnotkunarupprætti.

FS-2 Hverastrytur, á botni Eyjafjarðar norður af Arnarnesnöfum

Friðlýst sem náttúruvætti hinn 10. maí 2007. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda sérstæðar jarðmyndanir og lífríki, líffræðilega fjölbreytni og einstök náttúrufyrirbrigði sem felst í myndun hverastrytanna, efnasamsetningu, útliti og lögun, þ.m.t. örveruvistkerfi sem þar þrífst við óvenjulegar aðstæður. Hverastryturnar eru allt að 10 metra háar og standa á 25 - 45 metra dýpi. Verndargildi strýtanna felst einnig í fjölbreytileika þeirra og sérlega miklu lífríki sem hefur hátt vísinda-, fræðslu- og verndargildi.

Mörk náttúruvættisins eru sýnd á landnotkunarupprætti.

3.3.6 Önnur náttúruvernd

Markmið og leiðir sjá kafla 3.1.4.

SVÆÐI Á NÁTTÚRUMINJASKRÁ

Á náttúruminjaskrá eru svæði sem að mati Umhverfisstofnunar er æskilegt að friðlýsa skv. náttúruverndarlögum. Í töflu hér að neðan eru svæði á náttúruminjaskrá lýst nánar eins og þau birtast orðrétt í henni.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
ÖN-1	501	„Fjallendið milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar. (1) Hálendi milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar norðan þjóðvegur nr. 1 á Öxnadalshéiði. Á vestanverðum skaganum eru mörk miðuð við 200 m h.y.s, mörk ná víðast í sjó fram á norðanverðum skaganum og á austanverðum skaganum eru mörk í 150-250 m h.y.s. (2) Hálendur og hrikalegur skagi með djúpum dölum, stórbrotið land. Á hæstu fjöllum eru jöklar. Um hálendið liggja fornar leiðir milli byggða.“
ÖN-2	505	„Hraunsvatn og Vatnsdalur, (1) Svæðið nær yfir vatnasvið Vatnsdals auk Hraunshrauns og Hólahóla allt niður að brekkurótum milli Hrauns og Bessahlaða. (2) Fjölbreytt og fagurt land með stöðuvötnum, stórum framhlaupum og sérkennilegum klettadröngum, svo sem Hraundrangur.“
ÖN-3	506	„Hörgárósar, Eyjafjarðarsýslu. (1) Ósasvæði Hörgár ásamt Gáseyri neðan bæjanna Óss og Skipalóns með fjörum og grunnsævi. (2) Tjarnir, flæðimýrar og strandgróður. Mikið fuglalíf. Rústir forns verslunarstaðar“. Stærð svæðisins og afmörkun á aðalskipulagsuppdrætti er röng en unnið er að réttri afmörkun. Breyting á afmörkun verndarsvæðis er unnin í samráð við alla sem varðar málið, bæði heima fyrir og í stjórnsýslunni. Meðan ný mörk hafa ekki verið staðfest er afmörkun sbr. náttúruminjasrá UST sýnd.
ÖN-4	507	„Krossanesborgir, (1) Krossanesborgir, Krossaneshagi, Brávellir, Blómsturvellir, Pétursborg og Sílastaðatangi. Að sunnan afmarkast svæðið af útjaðri túna í Ytra-Krossanesi, að vestan af þjóðvegi og túnum í Dvergasteini, en Teigalæk og Efra-Lóni að norðan. (2) Sérkennilegt landslag, jökulminjar og votlendi. Hentugt útivistarsvæði í nágrenni þéttbýlis.2

Í náttúruminjasrá er ósamræmi á milli texta og uppdráttar á svæði 505 og 507. Sveitarstjórn mun óska eftir að mörkum verði breytt.

Gásir (506)

Gásir við Eyjafjörð er einstakur staður, 11 km norðan við Akureyri. Hvergi á Íslandi eru varðveittar jafnmiklar mannvistarleifar frá verslunarstað frá miðöldum. Gásir voru helsti verslunarstaður á Norðurlandi á miðöldum og er staðarins víða getið í fornritum frá 13. og 14. öld. Fornleifarannsóknir hafa sýnt fram á að verslun á staðnum hafi staðið allt fram á 16. öld og jafnvel þar til verslun hófst á Akureyri. Svæðið er á náttúruminjasrá og þar finnast m.a. plöntur á válista. Gásasvæðið hefur alþjóðlegt náttúruverndargildi vegna fuglalífsins auk þess sem þar eru plöntur á válista. Auk þess skartar það einni af fáum leirum í Eyjafirði. Mikið graslendi er á Gásasvæðinu, flæðimýrar, strandgróður og grunnsævi við ósa Hörgár. Við Hörgárósana vaxa auk sjaldgæfra tegunda eins og flæðalófóts og maríulykils flestar tegundir sem einkenna sjávarfitjar á Íslandi m.a. er á svæðinu en um 30 tegundir vatnafugla verpa þar. Fugla eins og grágæs, brandönd og stormmáf má sjá á Gásum. Hvergi á landinu eru til jafnmiklar minjar um verslun til forna eins og á Gásum og því eðlilegt að staðurinn hafi vakið athygli fornleifafræðinga. Árin 1907 og 1986 voru gerðar könnunarrannsóknir á Gásum sem sýndu að þar eru djúp og flókin mannvistarlög frá miðöldum.⁴ Á árunum 2001-2006 fóru þar fram umfangsmiklar fornleifarannsóknir og staðfesta þær niðurstöður fyrri rannsókna um þá starfsemi sem var á Gásum á miðöldum.

Á Gásum er gert ráð fyrir uppbyggingu í tengslum við miðaldakaupstaðinn. Á svæðinu verður reist tilgátuþorp sem er skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota. unnið verði að því að gera svæðið aðgengilegra og um leið skiljanlegra m.a. með göngustígum og fræðsluskiltum um náttúrufar, fornleifar og sögu Gása en einnig tengja Gásir öðrum sögustöðum í nágrenninu.

Tilgátuþorpið á að vera í samræmi við niðurstöður fornleifarannsókna, með það að leiðarljósi að gestir fái vitneskju um hvernig hífýlin á Gásum voru byggð og úr hverju. Á vissum tímum verða þar lifandi sýningar með fólki við störf og leik þar sem gesturinn getur upplifað staðinn með því að sjá, hlusta og taka þátt í því sem fram fer. Þetta svæði er skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði sbr. kafla 3.1.4.

⁴ Náttúruverndaráætlun 2004-2008.

3.3.7 Minjavernd

MARKMIÐ

Taka skal tillit til skráðra fornleifa áður en ráðist er í bygginga- eða framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir. Í skógræktaráætlunum verði tekið tillit til fornminja og ekki plantað nær þekktum fornminjum en 20 m sbr. kafla 3.3.8.

LEIÐIR:

Leitast skal við að merkja fornleifar fyrir umhverfisfræðslu og til að fyrirbyggja að þær verði skemmdar.


Markvisst verði unnið að því að nýta þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á Gásum til að kynna staðinn og koma honum á framfæri.

Ferðaþjónusta sem byggir á menningarminjum í sveitarfélaginu verði eflid.

Örnefnaskrár í sveitarfélaginu verði endurskoðaðar.

Merkingar á minjum í sveitarfélaginu verði bættar, t.d. verði sett upp merki við þjóðveginn sem vísi á merka staði, fjarlægð frá þeim o.s.frv.

Hér er fjallað um tvo flokka þjóðminjaverndarsvæða sem njóta verndar skv. þjóðminjalögum nr. 88/1989; (i) friðaðar og friðlýstar fornleifar og (ii) friðuð hús.



Mynd 3-5. Skýringaruppráttur yfir aðrar náttúruminjar skv. náttúruminjaskrá í Hörgársveit. Afmörkun svæðis nr. 505 á náttúruminjaskrá „Hraunsvatn og Vatnsdalur er í athugun hjá Umhverfisstofnun.

Friðlýstar fornleifar

Í sveitarfélaginu er fjöldi friðlýstra fornleifa. Fornleifarnar eru listaðar upp hér á eftir og auðkenndar á skipulagsuppdætti, eins og nákvæmni uppdætti leyfir. Auk þeirra er fjöldi annarra fornminja á svæðinu sem ekki eru staðsettar eða metnar á þessu skipulagsstigi, en vakin er athygli þeim helstu og þau vernduð í flokki hverfisverndar sbr. kafla 3.3.7. Í þjóðminjalögunum segir að til fornleifa teljist „*hvers kyns leifar forna mannvirkja og annarra staðbundinna minja, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á*“. Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, t.d. eru kirkjur reistar fyrir 1918 friðlýstar skv. lögum um menningarminjar.

Á deiliskipulagsstigi verða fornminjar staðsettar í nákvæmum mælikvarða en allar helstu framkvæmdir eru deiliskipulagsskyldar, s.s. svæði fyrir heilsársbyggð, frístundabyggð, iðnaðarstarfsemi o.fl. Á einstökum svæðum þar sem sérstakar aðstæður krefjast fari fram nákvæm skráning og kortlagning fornminja. Þá ber að leggja fram yfirlit yfir fornleifar í tengslum við skógræktaráætlanir sbr. kafla 3.3.8. Einnig eru stórfamkvæmdir umhverfismatsskyldar, s.s. vegagerð, háspennulínur, virkjanir og efnisnámur.

Í töflu hér á eftir er samantekt úr friðlýsingartexta. Númer minja eru skráningarnúmer í fornleifaskrá Minjastofnunar Íslands. Minjarnar eru taldar upp hér að neðan eftir þýlum eða afréttum og er orðrétt tilvísun í skrána sýnd með skáletri. Tilgreint er ef minjarnar eru þinglýstar. Friðlýstar fornminjar eru sýndar á landnotkunaruppdætti, svo langt sem þær hafa verið staðsettar og mælikvarði korts leyfir.


Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
MV-1	Gæsir/Gásir	a. Allar hinar fornu búðartóftir á Gáseyri. Sbr. Árb. 1901: 18; Árb. 1908: 3-8. b. Kirkjutóft og kirkjugarður, á dálítilli brún fyrir vestan grundina, sem búðartóftirnar eru á. Sbr. Árb. 1908: 5-8. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.
MV-2	Auðbrekka	<i>Steinker gamalt, stórt; höggvið út úr rauðleitu móbergi.</i> Sbr. Árb. 1924: 51. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.
MV-3	Fornhagi	"Kirkjutóft", er svo kallast, laut mikil í hól þann, er Kirkjuhóll heitir, niðri í túninu. Sbr. Árb. 1906: 20. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.
MV-4	Staðartunga	<i>Forntóftir þrjár, sem eru á móanum vestan megin við Yxnadalshlíða.</i> Sbr. Árb. 1906: 22. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.
MV-5	Öxnhóll	"Lögrjetta", er svo heitir, dálítill girðing nálægt landamærum Öxnhóls og Barkár. Sbr. Árb. 1906: 21. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.
MV-6	Búðarnes	<i>Búðartóftir þrjár fornar; þær eru í nesinu, sem Hörgá myndar þar.</i> Sbr. Árb. 1906: 21. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.
MV-7	Myrkárdalur	Rústarbrot forn, útundan gamalli uppgróinni skriðu. Sbr. Víga-Glúms sögu, 26. kap.; 68 Árb. 1906: 21. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.
MV-8	Bakki	<i>Leifar hins forna eyðibýlis Hofgerðis.</i> Sbr. Árb. 1906: 22. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.
MV-9	Gloppa	a. "Kofarúst skógarmanns", norðanmegin við Vaskárgljúfrið, og b. "dys skógarmannsins", sunnanmegin við það gljúfur. Sbr. Árb. 1906: 23. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.
MV-10	Syðri-Bakki	1. Rústir eyðibýlisins Mið-Bakka svo og leifar af túngarði umhverfis. 2. Tættur tvær sunnan undir Bjarnarhól á Bakkaásum. Skjal undirritað af MÞ 21.12.1983. Þinglýst 05.01.1984.

Friðuð hús

Eftirfarandi hús í sveitarfélaginu voru friðuð skv. aldursákvæðum 1. mgr. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
MV-11	Glæsibæjarkirkja í Kræklingahlíð	Timburhús reist 1866. Höfundur Þorsteinn Daníelsson forsmiður á Skipalóni. Kirkjan byggð upp úr Ósstofu í Hörgárdal sem Þorsteinn reisti 1858. Turn reistur 1929. Höfundur ókunnur.
MV-12	Lónsstofa á Skipalóni	Stokkbyggt timburhús reist 1824. Höfundur Þorsteinn Daníelsson forsmiður á Skipalóni. Í vörslu Þjóðminjasafns Íslands frá 1985.
MV-13	Smíðahús á Skipalóni	Timburhús reist 1843. Höfundur Þorsteinn Daníelsson forsmiður á Skipalóni. Í vörslu Þjóðminjasafns Íslands frá 1985.
MV-14	Ytri-Bægisáarkirkja	Timburhús reist 1858. Höfundur Sigurður Pétursson timburmaður á Akureyri.
MV-15	Bakkakirkja í Öxnadal	Timburhús reist 1843. Höfundur Þorsteinn Daníelsson forsmiður á Skipalóni. Forkirkja reist 1910. Höfundur ókunnur.
MV-16	Hofsstofa Hof í Hörgárdal	Byggingarár: 1828. Tegund friðunar: Aldursákvæði Lýsing Timburhús. Hönnuður Þorsteinn Daníelsson forsmiður á Skipalóni.
MV-17	Möðruvallakirkja (Möðruvallaklausturs-kirkja)	Byggingarár:1865. Timburhús. Hönnuður Jón Christinn Stephánsson forsmiður.

Samkvæmt 1. mgr. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 teljast öll hús og mannvirki sem verða orðin 100 ára eða eldri friðuð frá og með 1. janúar 2013. Í viðauka 7.1 eru listuð þau hús sem verða orðin 100 ára innan aðalskipulagstímabilsins, þ.e. fyrir árslok 2024.



Mynd 3-6. Fornleifar skv. aðalskráningu fyrir Hörgársveit

3.3.8 Hverfisverndarsvæði

MARKMIÐ:

Stuðlað verði að varðveislu náttúruminja, fornleifa og annarra söguminja, sem m.a. rennir styrkari stoðum undir ferðaþjónustu á svæðinu.

LEIÐIR:

Markvisst verði reynt að vernda náttúru- og þjóðminjar á svæðinu.

Í aðalskipulaginu hafa svæði og staðir verið skilgreindir sem hverfisverndarsvæði.

Markvisst verði unnið að því að nýta þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á Gásum til að kynna staðinn og koma honum á framfæri.

Ferðaþjónusta sem byggir á menningarminjum í sveitarfélaginu verði eflað.

Örnefnaskrár í sveitarfélaginu verði endurskoðaðar.

Merkingar á minjum í sveitarfélaginu verði bættar, t.d. verði sett upp merki við þjóðveginn sem vísi á merka staði, fjarlægð frá þeim o.s.frv.

Ræktunarminjum í sveitarfélaginu s.s. áveituskurðum, beðasléttum, túngörðum o.fl. verði haldið til haga.

Hverfisverndarsvæði er af tvennum toga, (i) hverfisverndarsvæði vegna náttúruverndar og (ii) hverfisverndarsvæði vegna fornleifa.

Hverfisvernd í Hörgársveit vegna náttúruminja.

Gerð er tillaga um eitt svæði sem fellur undir hverfisvernd í dreifbýli Hörgársveitar sem er Krossanesborgir frá Dvergasteini og umhverfi Lónsins, strandlengjan frá ósum Lónsins að Skjaldarvíkur.

HV1 Krossanesborgir og strandlengjan

Um er að ræða hverfisverndarsvæði í beinu framhaldi fólkvangsins í Krossanesborgum. Innan svæðisins er Lónið að sjó, aðliggjandi votlendi og klapparásar að landi Dvergasteins. Ennfremur strandlengjan frá Bjargi að syðri hluta Skjaldarvíkur. Svæðið er sérstakt vegna klettaborga eða klapparása og mikils og fjölbreytts fuglalífs. Sérkennilegt landslag, jökulminjar, votlendi og hentugt útivistarsvæði í nágrenni þéttbýlis. Hluti af svæði er á náttúruminjaskrá.

Hverfisverndarákvæði:

Hefðbundin landbúnaðarnytjar geta haldist eins og verið hefur.

Halda skal byggingaframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.

Stefnt er að því að settar verði verndar- og umgengnisreglur um hverfisverndaða svæðið sem tryggi varðveislu þess sem náttúruverndar- og útivistarsvæði.

Almennt er reiknað með að gönguleiðir séu einungis merktar með staurum eða vörðum. Yfir læki og votlendi er reiknað með einföldum trébrúm og yfir girðingar verða settar prílur.

Nr.	Heiti	Lýsing og hverfisverndarákvæði
HV-1	Krossanesborgir og strandlengjan	Svæðið er í beinu framhaldi af fólkvanginum í Krossanesborgum og meðfram Lóninu frá landamerku Dvergasteins að strandlengjunni frá Bjargi að syðri hluta Skjaldarvíkur.

Hverfisvernd vegna fornleifa

Auk friðlýstra fornleifa er fjöldi annarra fornminja á svæðinu. Skráning fornleifa í fyrrum sveitarfélögum Hörgársveitar lauk sumarið 2006. Samtals voru fornleifar skráðar á 59 jörðum og um 1000 minjastaðir í fyrrum Skriðuhreppi og Öxnadal. Í Glæsibæjarhreppi eru minjarnar um 750 og í Arnarneshreppi 691 minjar þannig að samtals eru þetta um 2.441 minjastaðir í sveitarfélaginu og ber þess að geta að þeir njóta allir friðhelgi samkvæmt lögum. Á grundvelli fornleifaskráningarinnar hafa verið valin 17 minjasvæði/staðir í sveitarfélaginu sem taldar eru sérlega áhugaverðar og gætu hentað til kynningar. Fjöldi annarra áhugaverðra minjastaða er þó að finna í sveitarfélaginu og í raun alltaf háð persónulegu mati hvaða minjar teljast áhugaverðari en aðrar.

Fyrir utan átta staka minjastaði er áherslan lögð á minjabyrpingar og menningarlandslag enda gildi þeirra fornleifa sem varðveist hafa í samhengi við lítt raskað landslag og aðrar fornleifar að jafnaði meira, sér í lagi til kynningar, heldur en stakstæðar fornleifar sem varðveist hafa úr samhengi við það landslag sem þær voru getnar í.

Góð leið til að varðveita minjastaði getur verið að kynna þá og gera aðgengilega almenningi og því getur vel farið saman kynning og fornleifavernd.

Hverfisverndarsvæðin eru merkt með hringlagatákni sem er staðsett þar sem merkir minjaststaðir og/eða margar minjar eru í þyrpingu. Þar sem menningarlandslag er samfelld verður að hafa, í huga að í nágrenni táknanna og á milli þeirra geta verið merkar minjar sem taka þarf tillit til og þar sem mörg slík tákn væri oftast best að vernda alveg svæðin á milli.

Ákvæði hverfisverndar eru þessi:

Deiliskráning fornleifa skal fara fram áður en ráðist er í bygginga- eða framkvæmdaleyfissskyldar framkvæmdir.

Halda skal byggingaframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.

Fylgjast þarf vel með skógrækt sem er í námunda við fornleifar og gæta þess að skógrækt fari aldrei nær minjum en 20 m. Einnig ber að forðast skógrækt í gömlum túnum þó að fornleifar séu ekki sýnilegar á yfirborði.

Hefðbundin landbúnaðarnytjar geta haldist eins og verið hefur.

Stefnt er að því að settar verði verndar- og umgengnisreglur um hverfisverndaða svæðið sem tryggi varðveislu þess sem minja- og útivistarsvæði.

Hverfisvernduðu svæðin verða merktar og fræðsluefni um þær komið á framfæri.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga um menningarminjar varðandi þekktar þjóðminjar.

Minjasvæði

Eyðibyggd í Hörgársveit er sá flokkur minja sem er hvað forvitnilegastur og fellur vel til kynningar. Stór hluti þeirra áhugaverðu minjastaða/minjastæða sem fjallað verður um hér á eftir er hluti af slíkri eyðibyggd. Hér verða fyrst nefnd 12 minjasvæði í sveitarfélaginu sem teljast hafa sérlega gott minjagildi og gætu hentað til kynningar fyrir almenning. Númer í svigum eru úr skrá Minjastofnunar Íslands.

Nr.	Heiti	Lýsing og hverfisverndarákvæði
HV-2	Rústir selja á Þorvaldsdal	Sunnarlega í Þorvaldsdal er að finna óraskaðar rústir tveggja selja, annars vegar eru rústir Fornhagasels (190:022) vestan megin á dalnum og hins vegar Auðbrekkusels (184:016) austanmegin. Þessar rústir eru sérlega áhugaverðar í ljósi annarra minja á norðanverðum Þorvaldsdal.
HV-3	Eyðibyggd á Barkárdal	Eyðibyggd á Barkárdal hefur varðveist vel og þar leynast fallegar og fjölbreytilegar minjar bæja, útihúsa, stekkja, selja, beitarhúsa, smalakofa, gamalla leiða og í raun flestar þær tegundir minja sem vænta má að finna í búlegri dalabyggð frá fyrri öldum. Kringlugerði (201:009) Hálskot (201:010) Bæjarhóllinn í Sörlatungu (198:001), Féeggstaðir , Baugasel og nánasta umhverfi.
HV-4	Hörgárdalsbotn	Í botni Hörgárdals eru talsverðar leifar eyðibygðar. Ásgerðarstaðasel (208:001). Eyðibýlin Nýibær (211:001), Einhamar (212:001) og Bás (213:001) Flögusel (209:001-011) og Framland (210:001-008).
HV-5	Minjar í úthögum Staðartungu	Staðartunga hefur sjálfsgott byggst snemma enda fannst þar kuml frá fyrstu öldum. Sunnan við bæinn er auðugt minjasvæði. Þar er býlið Skuggi (215:009), sunnar er Klausturhús (215:022), leifar býlisins Sandhóla (215:010), Saurbæjarsel (215:011) og Staðartungubeitarhús 215:029).
HV-6	Fornleifar á Myrkárdal	<i>Fornleifar á Myrkárdal eru heillegar og skemmtilegar. Kerlingastekkur (205:012), ýmsar minjar í heimatúni á Myrkárdalsbænum (205:001), tóft á Kofavelli (205:006). Á Stóragerði (204:001) sjást tóftir síðasta bæjarins ásamt fjölda útihúsatófta í túni (204:002, 204:003 og 204:009-012) og túngarði (204:004). Innar á Myrkárdal er Myrkársels (203b:001 og 002) ásamt leifum af seli frá Hallgerðarstöðum (203b:003), smalakofarústir (203b:004).</i>
HV-7	Rústir í utanverðum Öxnadal	Í utanverðum Öxnadal er enn talsverð byggð en þar leynast þó einnig umfangsmikil eyðibyggd sem lítið hefur verið raskað. Rústir bæjarhúsa, útihúsa og vallargarðs á Hraunshöfða (218:001-007), minjar í heimatúni Neðstalands (233:001-006). Rústir bæjarhúsa, útihúsa og vallargarðs á Miðhálsstöðum (216:001-003 og 007) sjást enn. Um allar þessar minjar gildir að þær eru mjög sjónrænar og aðgengilegar.

HV-8	Eyðibýggð í innanverðum Öxnadal og ofan við Háls	Eyðibýggð innanverðum Öxnadal er blómleg og hefur henni lítið verið raskað. Heimatún Bessahlaða er með vel varðveittum fornleifum (224:001-004, 009, 011, 013-016). Sel frá Varmavatnshólum (225:005) er umfangsmiklar selleifar. Heimatún Fagraness (228:001, 003, 009, 011-015) er að talsverðu leyti ósléttað. Þar sjást tóftir síðasta bæjarins auk útihúsa og vallargarðs. Þá eru selrústir frá Hálsi á gönguleið upp að Hraunsvatni s.s seltófta í hlíðinni ofan við Háls (222:007 og 010) við Selás. Þar eru tvær tóftaþyrpingar sem báðar eru fornlegar á að líta.
HV-9	Bakkasel	Jörðin Bakkasel er fyrir margra hluta sakir sérstæð jörð. Gamli bærinn og útihús (219B:001-006, 009-010, 015-017, 027, 029-030), Lurkasteinn (219b:011) er minnisvarði um þjóðtrú, skammt utan við Bakkaselsbæinn þá er smalabyrgi á Seldal (219b:019). Sunnan við Bakkasel eru mjög fornlegar rústir (219B:022). Útlit rústanna bendir helst til að þær séu mjög gamlar.
HV-10	Hraun	Sem dæmi um áhugaverða minjastaði í landi Hrauns má nefna Melagerði (221:012) og nokkuð áhugavert garðlag er við Hraunsvatn (221:030) þar sem Hraunsá fellur úr Hraunsvatni.
HV-11	Möðruvellir	1. Bæjarhóll og öskuhaugur á Möðruvöllum (068:001 og 068:025) eru merkir minjastaðir og þar leynast merkileg mannvistarlög undir sverði. 2. Gamla kirkjan og kirkjugarðurinn á Möðruvöllum (068:002) . Garðurinn er að mestu ósléttður og eru ekki mörg tré í eldri hluta hans. Garðurinn er einn örfárri við sóknarkirkjur landsins sem ekki hefur verið sléttður og er mikilvægt að hann fái að halda sér. 3. Á Möðruvöllum eru þrjár gamlar og merkar byggingar: kirkjan frá 1868 (068:002), stór og vönduð, svokallað Leikhús (068:007) frá 1881 og Stefánsfjós (068:006) frá 1902. Þær tvær síðastnefndu hafa tvímælalaust varðveislur- og kynningargildi, enda eru þær hvort tveggja sérstæðar og nátengdar sögu staðarins. 4. Túnið í kringum Möðruvelli hefur verið nokkuð slétt frá náttúrunnar hendi og hefur aðeins lítill hluti þess verið sléttður með vinnuvélum. 5. Fornar býlirústir Jaðars (068:022) sjást enn suðvestan við kirkjugarðinn á Möðruvöllum. Jaðar er talin meðal eyðikota sem voru í kringum Möðruvallaklaustur. 6. Tóftir Neskots (068:018) eru suðvestan undir Neskotshólum, sem er þyrping af malarhólum norðvestan við Möðruvallaengi. Þar eru fjórir rústahólar, fjórar tóftir og tvö garðlög. 7. Rjórnabú (068:024) var stofnað á Möðruvöllum 1903 og starfaði það til 1915. Grunnur búins sést enn vel og hefur tvímælalaust varðveislugildi.
HV-12	Rústhólar, tóft o.fl. í landi Óss	Norðarlega í landi Óss eru tveir fornlegir rústahólar og tóft (mögulega stekkur) innan gerðis (069:023) . Staðarins er ekki getið í ritheimildum, örnefnaskrá eða öðru, en umfang rústa bendir til að hann gæti verið lítið býli. Um 220 m norðaustur af staðnum eru þrjár fornlegar tóftir (069:021) , útihús af einhverju tagi, einnig óþekktar úr ritheimildum. Nálægð þeirra við hinar rústirnar gæti bent til þess að tengsl væru á milli þeirra. Svæðið er áhugavert minjasvæði, ekki síst í ljósi þess að það er nálægt landamerkjum Óss og Hvamms, en Hvammsmegin landamerkjanna er talsverð saga smærri býla (þótt hún nái skv. ritheimildum ekki mjög langt aftur).
HV-13	Kumlstaðir í landi Syðri-Bakka	Tveir kumlstaðir eru líklega í landi Syðri-Bakka og hefur hvorugur verið rannsakaður að fullu ennþá. Fyrst er að nefna Dysnes (071:009) þar sem þústir sem líkjast kumlum fundust vettvangsrannsókn en hafa aldrei verið rannsakaðar. Hins vegar er það Kumlholt (071:013) en þar leynast nokkrar þústir (hugsanlega allt að sex) í röð frá norðri til suðurs, og holur í þeim með sömu stefnu.
HV-14	Stekkur í landi Hvamms	Á og við Stekkjarhóla (Efri og Neðri) í landi Hvamms eru umtalsverðar minjar (088:019, 013, 021 og 024) og sumar þeirra mjög fornlegar. Örnefnið gefur til kynna að þarna hafi verið stekkur, en umfang minjanna getur hins vegar rennt stoðum undir það að þarna hafi einhverju sinni verið umfangsmeiri mannvist, jafnvel býli.

Minjastaðir

Auk minjasvæðanna í Hörgársveit sem þegar eru upptalinn má nefna 22 stakstæðar minjar á svæðinu sem teljast af einhverjum orsökum sérlega merkar og ástæða er til að huga að sérstaklega.

Nr.	Heiti	Lýsing og hverfisverndarákvæði
HV-15	Bæjarstæði Skipalóns	Við Skipalón standa tvö friðuð timburhús frá síðustu öld. (250:001-002). Auk þessa eru í námunda við bæinn leifar brunns, útihúsa, myndarlegs túngarðs og fleiri tóftir. Húsin eru nú í vörslu Þjóðminjasafns Íslands.
HV-16	Seltóftir í landi Tréstaða	Tóftir (252:007) þessar eru mjög greinilegar og í lítilli fjarlægð frá bæ og þjóðvegi.
HV-17	Vindheimaborg	Hringlaga fjárborg hátt upp í fjalli sem sést víða að. Borgin er haglega hlaðin úr þungum bergplötum er sú eina á þessu svæði og hefur því sérlega gott varðveislu- og kynningargildi.
HV-18	Skilaréttir í landi Fornhaga	Hlaðnar skilaréttir hafa gjarnan vikið á síðustu áratugum en þrátt fyrir það eru nokkrar stæðilegar skilaréttir eftir í Hörgársveit. Þverárrétt eldri (231:009) og Þorvaldsdalsrétt (190:010) í landi Fornhaga eru dæmi um stórar og fallegar réttir sem hafa mikið varðveislu- og jafnvel kynningargildi.
HV-19	Stekkjartóftir í landi Dagverðartungu og Ásgerðarstaða	Á skráningarsvæðinu voru fjölmargar skemmtilegar stekkjartóftir. Sem dæmi um slíkar tóftir má nefna Stekk í Stekkjarhvammi í landi Dagverðartungu (191:009) og stekkur í landi Ásgerðarstaða (207:009). Báðar stekkjartóftirnar eru dæmigerðar og skemmtilegt umhverfi þeirra hefur gott varðveislu- og kynningargildi og gætu auðveldlega þjónað því hlutverki að kynna forna búskaparhætti fyrir almenningi.
HV-20	Selrústir Bægisárdal	Við Bægisársel (238:008) eru 4-5 tóftir í dalsmynni Bægisárdal og á leiðinni upp að selinu frá Syðri-Bægisá eru nokkrar fornleifar sem vel mætti kynna gestum s.s. forn stekkjarrúst 022 og náthagi 023 .
HV-21	Djákna-steinninn á Myrká	Djárnasteinninn (203:028) á Myrká er samkvæmt munnmælum tengdur einni af frægustu þjóðsögum þessa lands, Djákninn á Myrká. Djárnasteinn og er nú fast utan við kirkjugarð, neðan við sálhliðið. Vegna þjóðsögunnar hefur steinninn ótvírætt varðveislu- og kynningargildi.
HV-22	Kuml eða smalabyrgi í landi Flögu	Í Flöguhóli (212:005) á að vera heygður bóndi frá Staðartungu, sem Þórólfur sterki Skólmsón í Flögu á að hafa drepð. Frásögnin er þjóðsagnakennd en á hólnum fundust hins vegar leifar sem ekki er hægt að útiloka að gætu verið kuml. Á báðum hóltoppunum eru ferhyrningslaga grjóthleðslur og ekki hægt að útiloka að þær séu grónar leifar af löngu útfloftum smalabyrgjum.
HV-23	Túngarður í Arnarnesi	Túngarðurinn í Arnarnesi (074:029) er mjög misgreinilegur. Umfang garðlagsins og þær leifar sem sjá má af loftmynd og á jörðu benda til að hluti garðlagsins kunni að vera talsvert forn en að túngarði hafi verið haldið við mjög lengi. Hann hefur mikið varðveislugildi.
HV-24	Tóftir og mannvirki við heimatúnið í Torfanesi	Heimatúnið í Torfnesi og þær tóftir og mannvirki sem þar leynast (079:022). Þessar leifar eru ungar, bærinn komst í byggð 1911, og er því rétt kominn inn á minjaskrá (þar sem miðað er við minjar 100 ára eða eldri). Þrátt fyrir þetta er minjasvæðið skemmtilegt og óhætt að mæla með varðveislu þess, sér í lagi þar sem saga bæjarins og ábúenda er þekkt og skemmtileg. Í túninu eru fimm tóftir ásamt lendingu í Byttuvík.
HV-25	Tóft í landi Ytri-Reistarár	Athyglisverð tóft fannst inni í skógarreit við Freyjulund, í landi Ytri-Reistarár (085:020). Tóftarinnar er ekki getið í heimildum. Hún er nærri landamerkjum Ytri- og Syðri-Reistarár. Tóftin er nokkuð sigin og fornleg með skálalagi en alveg er óvíst hvort hún var mannbústaður.
HV-26	Kartöflugarður í landi Syðri-Reistará	Stæðilegir og vel varðveittir kartöflugarðar í Garðakinn á Syðri-Reistará (086:007). Mjög gott og vel varðveitt dæmi um kálgarða frá 19. og 20. öld.
HV-27	Tóft og túngarður á landamerkjum Hvamms og Syðri-Reistarár	Skiptagerði (086:015) á landamerkjum Hvamms og Syðri-Reistarár var komið í eyði þegar Árni og Páll rita jarðabók sína 1712. Þar sjást enn vel varðveittar minjar, sex tóftir og túngarður.

HV-28	Hofstofan á Hofi	Hofstofan (090:001) á Hofi var byggð 1828 en hún er að mestu nýtt sem sumarhús. Húsið er járnklætt timburhús sem byggt var af Þorsteini Daníelssyni og er friðað.
HV-29	Tóftir Hofseis	Tóftir Hofseis (090:011) eru um 1300 m VNV við Hof. Á þessum stað eru tvær signar og fornlegar tóftir sem hafa varðveislu- og kynningargildi.
HV-30	Malargryfjuhóll og stekkir í landi Hofseis	Malargryfjuhóll (090:022) . Um 350 m frá bæ á Hofi er hóll og hafa tvisvar sinnum fundist svínshauskúpur sem samkvæmt örnefnaskrá voru með stórum vígtönnum. Aðeins hafa komið upp hauskúpur en ekki önnur bein, athyglisverður staður og bendir allt til að hann sé mjög forn. Nokkrir skemmtilegir stekkir og einn þeirra 090:032 er skammt frá þjóðvegi í Hofslandi, um 650 m norðan við bæ. Stekkurinn er fornleg tóft og að mörgu leyti dæmigerð stekkjartóft.
HV-31	Tóftir (094:006) í hvammi sunnan við Arnþjargarhól	Nokkrar fornlegar tóftir (094:006) eru í hvammi sunnan við Arnþjargarhól. Voru skráðar sem býlisrústir en ekki er ljóst um hlutverki þeirra, enda eru þær aðeins þekktar úr örnefnaskrá. Rústirnar eru engu að síður áhugaverðar en minna meira á skepnuhús og aðhöld.
HV-32	Heimilisrétt á Þrastarhóli	Leifar af heimilisrétt (095:029) sjást enn á Þrastarhóli, við Þrastarhólsá. Hún er einföld og hlaðin úr grjóti en á margan hátt dæmigerð fyrir réttir sem flestar eru horfnar á þessu svæði.
HV-33	Bæjarhóllinn á Hallgilsstöðum	Bæjarhóllinn á Hallgilsstöðum (096:001) er stór og mikill. Íbúðarhúsið á jörðinni brann 1928 og var þá byggt steinhús en föst búseta lagðist af 1976 og brann steinhúsið árið 1980. Engar byggingar eru því eftir á bæjarhólunum en þar eru nokkur stæðileg tré.
HV-34	Herminjar í Skeiðsmel	Um 40 m austan við þjóðveg, í Skeiðsmel stendur stakur braggi og átta bragga-grunnar eru umhverfis (097:006) . Kampurinn hét því skemmtilega nafni Pity-me-camp.
HV-35	Róðukot í landi Bjarga	Á Björgum eru leifar af koti sem nefnt er Róðukot (098:007) . Leiddar hafa verið að því getur að Róðukot séu Akrar hinir fornu. Bæjarins Akra í Hörgárdal er getið í Ljósvefningasögu og býli með því nafni er skráð meðal eigna Möðruvallaklausturs árið 1477.
HV-36	Hlaðinn skilarétt, Þorvaldsdalsrétt	Hlaðnar skilaréttir hafa gjarnan vikið á síðustu áratugum, ýmist vegna bygginga nýrra rétta, niðurrifs eða annars ágangs. Í Arnarneshreppi er hins vegar ein stæðileg skilarétt sem hefur því mikið varðveislugildi. Það er Þorvaldsdalsrétt (633:004) . Gildi réttarinnar er gott eitt og sér en staðsetning hennar, í miðjum Þorvaldsdal sem er í heild sinni einstakt minjasvæði, gerir það að verkum að hiklaust ber að varðveita hana og hún hefur talsvert kynningargildi í tengslum við aðrar minjar á svæðinu, bæði í Hörgársveit og í Dalvíkurbyggð. Þorvaldsdalur er allur undir hverfisvernd í Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 vegna sögu- og náttúru-minja.

Aðrir minjastaðir

Trjágarðurinn við Skriðu í Hörgárdal telst vera elsti trjágarðurinn á Íslandi og var hann gróðursettur um 1825 af Þorláki Hallgrímssyni og sonum hans, Birni og Jóni. Jón Kærnested hafði stundað nám í garðyrkju í Danmörku og skrifað lítið hefti sem kom út 1824 um garðyrkju þar sem meðal annars var fjallað um trjárækt. Jónas Hallgrímsson náttúrufræðingur og skáld segir frá í dagbók sinni þann 10. júlí 1839 að hann hafi séð nokkur allstór reynitré og að Þorlákur bóndi hafi gróðursett bjarkartrjáögöng sem döfnuðu þó nokkuð vel.

Reyniviðartrén eru upprunnin innan úr Eyjafirði og eru til sagnir allt aftur í kaþólskan sið um „hinn helga meið“ í Möðrufellsskriðu. Reyniviður var sóttur að Skriðu þegar Alþingisgarðurinn var gerður 1894 og einnig þegar Sigtryggur á Núpi hóf að gera garðinn Skríðu í Dýrafirði.

Ákvæði hverfisverndar eru þessi:

Halda skal í upphaflegt form og uppbyggingu garðsins

Breytingar eru mjög varasamar og skulu nauðsynlegar breytingar vera gerðar í samráði við fagaðila.

Hefðbundin landbúnaðarnytjar geta haldist eins og verið hefur.

Stefnt er að því að settar verði verndar- og umgengnisreglur um hið hverfisverndaða svæði sem tryggi varðveislu þess sem minja- og útivistarsvæði.

Hverfisverndaða svæðið verði merkt og fræðsluefni um það komið á framfæri.

Að öðru leyti gilda ákvæði þjóðminjalaga varðandi þekktar þjóðminjar.

Nr.	Heiti	Lýsing og hverfisverndarákvæði
H37	Skriða	Elsti trjágarðurinn á Íslandi og var hann gróðursettur um 1825 af Þorláki Hallgrímssyni og sonum hans, Birni og Jóni Kærnested.

3.3.9 Skógræktar- og landgræðslusvæði

MARKMIÐ:

Stefnt að eflingu skógræktar á svæðinu til viðarframleiðslu, útivistar, skjóls og landbóta. Á góðu landbúnaðarlandi er fyrst og fremst miðað við að stunda skógrækt og skjólbeltarækt til að skýla búpeningi og ræktun

LEIÐIR

Leitað verði eftir auknum ríkisframlögum til skógræktar.

Jarðeigendur verði hvattir til að taka þátt í Norðurlandsskógum. Eingöngu verði horft til svæða, sem skilgreinast ekki sem verðmætt landbúnaðarland.

Á svæðum sem hafa sérkenni og eiginleika sem skógrækt getur spiltt s.s. vegna náttúrufars, auðlinda, útivistargildis, fornleifa eða söguminja verði skógrækt takmörkuð eða óheimil. Hugað skal að því að trjá- og skógrækt spilli ekki útsýnisstöðum, byrgi ekki ásýnd fjalla og fossa eða valdi snjósöfnun á vegum. Gerð skal grein fyrir slíkum takmörkunum eftir því sem kostur er í aðalskipulagi.

Áætlanir um skógrækt á svæðum sem eru 3 ha eða stærri (aðrar en ræktun heimilisgarða, frístundalóða og minni skruðgarða) þar sem m. a. koma fram upplýsingar um afmörkun, tegundaval, tímaáætlanir og fornleifakönnun skulu lagðar fyrir sveitarstjórn til samþykktar.

Skógræktarsvæði sem skilgreind eru í skipulagsáætluninni eru skógræktarsvæði í atvinnuskyni á vegum Norðurlandsskógaverkefnisins og útivistarsvæði fyrir almenning eða svæði á vegum skógræktarfélaganna viðkomandi byggðarlags. Skógræktarreitir sem sýndir eru á skipulagsuppdraetti í tengslum við Norðurlandsskóga eru mörk samningsbundna reita og útlínur þeirra miðast oft við landamerki eða önnur skörp skil og endurspegla ekki endilega endanlegt form jaðra þessara svæða. Mikilvægt er að fella skógrækt að landslagi, að til verði lundir og rjóður, að útsýnisstaðir njóti sín og reynt verði að búa til birkiskóga og víðikjarr ásamt hinum ræktuðu skógum. Mikilvægt er að gljúfur og giljadrög fái að njóta sín og útsýnisstaðir og sjónlínur verði sem minnst skertar.

Skógrækt á landbúnaðarsvæðum

Skógræktarsvæði í atvinnuskyni eru sýnd á skipulagsuppdraetti en skipulagsáætlunin gerir bæði ráð fyrir skógrækt sem atvinnugrein á hefðbundnum landbúnaðarsvæðum og til skjóls, landbóta og útivistar. Þó skal miðað við að gott landbúnaðarland verði að jafnaði áfram nýtt fyrir hefðbundinn landbúnað og matvælaframleiðslu. Á góðu landbúnaðarlandi er fyrst og fremst miðað við að stunda skógrækt og skjólbeltarækt til að skýla ræktun og búpeningi. Stefnt er að því að rækta ekki skóg á því landi sem best hentar til búvöruframleiðslu. Þar sem skógrækt nær yfir 400 m hæð yfir sjávarmáli gilda sömu heimildir og takmarkanir fyrir skógrækt og á skilgreindum landbúnaðarsvæðum. Samkvæmt 10. gr. reglugerðar um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000 er þó óheimilt að rækta erlendar tegundir í yfir 500 m hæð yfir sjávarmáli.

Skógræktaráætlanir fyrir einstakar jarðir verða unnar samkvæmt þeim kröfum sem Norðurlandsskógaverkefnið gerir á hverjum tíma og við gerð skógræktaráætlana fyrir einstakar jarðir skal leitast við að tryggja fjölbreytni trjátegunda og að tillit sé tekið til sem flestra umhverfisþátta. Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 skal tilkynna um skógræktaráætlanir sem taka yfir 200 ha eða meira á hverju býli til Skipulagsstofnunar sem ákvarðar matsskyldu framkvæmdanna sem og landgræðsluáætlanir á verndarsvæðum en umrædda áætlanir falla í flokk B í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Landgræðslu- og skógræktaráætlanir eru framkvæmdaleyfis skyldar ef þær eru háðar ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum um tilkynningarskyldar framkvæmdir. Sveitarstjórn veitir framkvæmdaleyfi skv. skipulagslögum.

Norðurlandsskógar hafa á síðustu árum sent sveitarstjórn Hörgárveitar útlínur skógræktarsvæða þar sem sveitarstjórn getur gert athugasemdir. Á grundvelli nákvæmrar vettvangsskoðunar og skoðunar á fyrirliggjandi gögnum um forn- og

náttúruminjar er síðan unnin skógræktaráætlun í samráði við skógarbónda og getur því sveitarstjórn gert athugasemdir við fyrirhuguð samningsvæði.

Um skógrækt og landgræðslu á landbúnaðarsvæðum gilda að öðru leyti sérgreind markmið.

Stefnt er að því að vinna að endurheimt landgæða á landbúnaðarsvæðum. Beita skal beitarstýringu samhliða uppgræðslu ógróinna og vangróinna svæða sem og gróðurbótum með skógrækt og skjólbeltarækt eftir því sem við á.

Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og taka mið af þeim verndarákvæðum sem þar eru sett fram, s.s. vegna hverfisverndar, svæða á náttúruminjaskrá, friðlýstra svæða skv. náttúruverndarlögum og friðlýstra fornminja skv. þjóðminjalögum.


Taka skal tillit til þekktra fornminja, sbr. einnig kafla 4.2.2. Skógrækt skal ekki fara nær friðlýstum fornminjum og öðrum merkjum minjum en 20 m.

Taka skal tillit til jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar skv. 37. náttúruverndarlaga. Hafa skal í huga að kennileitum í landslagi og jarðmyndunum verði ekki spilt.

Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en farið er í skógrækt eða landgræðslu á þeim svæðum sem kveðið er á um í náttúruverndarlögum.

Eftirtaldar jarðir eru samningsbundnar Norðurlandsskógum.

Nr.	Heiti	Lýsing/stærð (ha)
SL-1	Ásláksstaðir	70
SL-2	Hraukbæjarkot	23
SL-3	Moldhaugar	19
SL-4	Glæsibær	283
SL-5	Dagverðareyri	72
SL-6	Dagverðartunga	22
SL-7	Steðji	41
SL-8	Skjaldarstaðir	41
SL-9	Gerði	35
SL-10	Myrkárbakki	23
SL-11	Flaga	40
SL-12	Hólar	90
SL-13	Syðri-Reistará	20
SL-14	Ásláksstaðir	56



Mynd 3-8. Skógræktarsvæði í Hörgársveit.

3.3.10 Náttúruvá

MARKMIÐ:

Þess verði gætt að íbúðarbyggð og frístundabyggð verði ekki skipulögð á hættusvæðum. Metin verði þörf á endurbótum vegakerfis vegna ofanflóðahættu, þ.m.t. hugsanlegan flutning á vegarstæðum Metin þörf á aðgerðum vegna landbrots af völdum sjávargangs.

LEIÐIR:

Spornað verði við landbroti af völdum sjávargangs á Gásum.

Hættusvæði vegna ofanflóða verði kortlögð enn frekar.

Flóðasvæði

Ágangur af völdum sjávar er einkum á svæðum sem standa lágt við sjó t.a.m. Gásar þar sem nokkuð er um landbrot. Ekki er gert ráð fyrir því að reistur verði sjóvarnargarður til að verjast landbroti við Gása en skoða þarf vandlega úrlausnir ef minjasvæði fer að stafa hætta af ágangi sjávar. Engin íbúðarbyggð er á hættusvæði vegna sjávarflóða. Hættusvæði vegna árflóða eru svæði við Hörgá, en helstu erfiðleikar vegna hennar eru sá flutningur sem hefur verið á árfarveginum nánast á hverju ári. Öxnadalur er einnig nokkuð virk við efnisflutninga, áin brýtur úr bökkum og má sérstaklega nefna Neðstalandshólma og víðar austanvert í bökkum.


Ofanflóð

Ekki hefur verið gerð heildstæð úttekt á hættu vegna ofanflóða í Hörgársveit en til eru drög frá 2011 sem Náttúrufræðisstofnun gerði sem aðalskipulagið byggir m.a. á.⁵ Svæðið er utan jarðskjálfta- og eldgosasvæða og settur er því fyrirvari um gerð staðbundins hættumats, samkvæmt lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum (nr. 49/1997) og reglugerð um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð staðbundins hættumats (nr. 495/2007). Við vinnslu nýs deiliskipulags og við útgáfu byggingar- og framkvæmdaleyfi þarf í hvert og eitt sinn að meta hvort þörf sé á staðbundnu hættumati Hörgárdal og í innanverðum Öxnadal er oft getið um stórar skriður og snjóflóð. Við nánari úttekt á þeirri samantekt má greina 5 svæði þar sem snjóflóð og skriðuföll hafa fallið í gegnum tíðina.

1. Innst í Öxnadal frá Bakkaseli að Fagranesi: Skriðuföll og snjóflóð.
2. Undan Landafjalli frá Steinshöfða að Miðlandi. Skriðuföll.
3. Myrkárdalur: Skriðuföll og snjóflóð.
4. Frá Barká að Lönguhlíð. Mestmegnis skriðuföll og stök snjóflóð.
5. Frá Skriðu að Brakanda: Skriðuföll og snjóflóð.
- 6.

Á svæðum 1, 3 og 4 eru ofanflóð mun tíðari en á svæðum 2, 5.

⁵ Brynjólfur Sveinsson o.fl. 2011.



Mynd 3-9. Skýringarmynd af þekktum ofanflóðasvæðum í Hörgársveit.


Jarðskjálftar og eldvirkni

Skjálftasvæðum Íslands hefur verið skipt niður í fimm hönnunarhröðunarsvæði þar sem talðar eru 10% líkur á jarðskjálfta af ákveðinni stærðargráðu á 50 ára tímabili. Hæsti áhættuflokkurinn hefur hönnunarhröðunina $g = 0,4$ (0,4g) en það er 40% af þyngdarhröðuninni. Næsti áhættuflokkur hefur hönnunarhröðunina 0,3g. Síðan koma 0,2g, 0,15g og að lokum 0,1g. Við hönnun á mannvirkjum er því notast við fyrrnefnda hönnunarhröðun hvers svæðis.

Hörgársveit flokkast í næstlægsta og lægsta áhættuflokk og ber að miða við hönnunarhröðunina 0,15 g -0,10 g og skal hönnun mannvirkja í sveitarfélaginu miðast við fyrrnefnda staðla.

Af stærstu skjálftum sem hafa orðið á svæðinu má nefna Dalvíkurskjálftann 1934 og skjálftann sem átti upptök sín í mynni Skagafjarðar árið 1963.

Skjálftahrinin sem kennd er við Dalvík (1934) var mjög mikil. Verulegar skemmdir urðu á mannvirkjum norðanvert við Eyjafjörð. Áhrif skjálftans voru þeim mun minni sem sunnar dró á Eyjafjarðarsvæðinu.



Mynd 3-10. Skipting Íslands í hönnunarhröðunarsvæði miðað við 50 ára meðalendurkomutíma. Heimild: Staðlaráð Íslands, Íslenskur staðall.

Sjávarflóð

Talsvert öldulag er við strönd Hjalteyrar og gera má ráð fyrir hækkandi sjávarstöðu á næstu árum vegna hlýnandi veðurfars jarðar og jarðlagahalla sem stöðugt dregur landið niður fyrir sjávarmál. Samkvæmt skýrslu Hafnamálastofnunar ríkisins frá 1983 lækkar landið um 4–5 mm á ári eða alls 40–50 cm á öld. Samhliða hækkandi sjávarstöðu eykst landbrot og æskilegt er að verja þau svæði sem verðmætust eru. Samkvæmt opinberum gögnum er spáð hækkandi sjávarstöðu. Sé miðað við hækkun meðalhita $+2^{\circ}\text{C}$ næstu 100 ár er spáð 0,4 m hækkun en allt að 0,9 m hækki meðalhiti um $+6^{\circ}\text{C}$.

Á Hjalteyri var gerð sjóvörn á um 120 m kafla norðan við bryggjuna árið 1999. Árið 2007 var gerður sjóvarnargarður norðan vitans og meðfram Hjalteyartjörn og árið 2011 var gerður 900 m langur garður á sunnanverðri eyrinni og frá meðfram tjörninni, frá þeim stað sem garðurinn frá 2007 endaði. Ekki er talin þörf á frekari vörnum á skipulagstímabilinu.

Aðrar náttúruhamfarir

Ekki er talin sérstök hættu á öðrum náttúruhamförum en áður er getið.

3.3.11 Umhverfisáhrif umhverfi

Helstu markmið sveitarfélagsins um umhverfi er að taka skal fyllsta tillit til umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiða við skipulag og framkvæmdir á óbyggðum svæðum. Stefnt er að því að auka möguleika fyrir heimamenn og ferðamenn til útivistar í sveitarfélaginu með merkingu og skilgreiningu göngu- og reiðleiða og uppbyggingu á áningarstöðum á óbyggðum svæðum.

Mörkuð er stefna um verndun og friðlýsingu einstakra svæða og varðveislu friðlýstra svæða, náttúruminja, þjóðminja og umhverfislegra gæða almennt. Tvö svæði eru friðlýst, þ.e. hluti jarðarinnar Hrauns í Öxnadal alls 22 km² að stærð, og Arnarnesstrýtur. Alls eru 3 svæði á náttúruminjaskrá innan Hörgársveitar sem ná yfir um 450 km² svæði, sem gerir um 50% af heildarstærð sveitarfélagsins. Stærsta svæðið er það sem nær yfir Fjalllendið milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar en einnig eru á skránni Hörgárósar og svæðið norðan Krossanesborga. Níu friðlýstar fornleifar eru innan Hörgársveitar og fimm hús eru friðuð. Auk þess er lögð til hverfisvernd á fjölmörgum stöðum innan sveitarfélagsins sem þá annars vegar vegna náttúruminja og hins vegar vegna fornminja.

Staðið verði vörð um vernd grunnvatns sem nytjavatns fyrir íbúa og fyrir atvinnustarfsemi. Vatnsverndarsvæði Hörgársveitar eru mjög viðtæk og þekja stóran hluta sveitarfélagsins. Allt vatnasvið Hörgár er skilgreint sem fjarsvæði vatnsverndar en auk þess er skilgreint vatnsverndarsvæði fyrir þéttbýlið á Hjalteyri í Reistararfjalli. Innan fjarsvæðisins eru skilgreindir eftirfarandi landnotkunarflokkar; efnistökusvæði, landbúnaður, opin svæði, afþreyingar- og ferðamannasvæði, íþróttasvæði og frístundabyggðarsvæði. Allar framkvæmdir á þeim svæðum þurfa frekari fyrirmæli Heilbrigðiseftirlits Norðurlands Eystra til þess að tryggja öryggi vatnsverndarsvæða. Alls ná vatnsverndarsvæðin yfir 710 km², þar af er fjarsvæði 700 km² og grannsvæði um 10 km² en þetta eru um 80% af heildarstærð sveitarfélagsins.

Fyrir verndarsvæði vegna mengunar í ám og vötnum er sett fram það markmið að vatnsgæði verði ávallt til fyrirmyndar og skal því markmið náð með flokkun vatnasvæða í sveitarfélaginu í samræmi við 9. og 10. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um mengun vatns. Stefna sveitarstjórnar er sú að þessi skilyrði verði uppfyllt. Mögulegir árekstrar geta skapast vegna efnistöku í sveitarfélaginu úr ám en sé farið eftir starfsreglum varðandi efnistöku þá er ekki talin sú hættu vera fyrir hendi að gæði vatns spillist.

Stefna um skógræktar- og landgræðslusvæði (sjá kafla 4.2.1.). Markmið um skógrækt á eftir að hafa talsvert jákvæð áhrif í sveitarfélaginu, svo fremi að þess verði gætt að komið verði í veg fyrir neikvæð áhrif skógræktar. Það er m.a. gert með því skilgreina friðlýst svæði við undirbúning skógræktar, s.s. svæði innan 20 m frá fornminjum, svæði innan 30 m frá miðlínu vega, svæði innan 5 m frá raflínum o.s.frv. Þetta á einnig við um önnur viðkvæm svæði, s.s. svæði á náttúruminjaskrá, jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum. Í framhaldi af þessu er minnt á 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda sem fara skal eftir. Í henni segir að öll ræktun útlendra tegunda er óheimil á friðlýstum svæðum, á jarðmyndunum og vistkerfum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 m y.s.

Skipulagsáætluninni er ætlað að skilgreina svæði þar sem talið er að náttúruvá sé til staðar. Snjóflóðahætta er víða undir bröttum fjallshlíðum en byggð er að mestu leyti utan hættusvæða. Formlegt hættumat Veðurstofu á þekktum flóðum liggur. Í kafla 1.2.2 er gert grein fyrir snjóflóðum og skriðuföllum í Hörgársveit.

3.4 SAMGÖNGUR OG GRUNNKERFI

Meginmarkmið aðalskipulagsins varðandi samgöngur er að leita hagkvæmstu lausna í **vegagerð** og stuðla að umferðar- og rekstraröryggi, samtengingu byggðar, m.a. vegna skólaaksturs og atvinnu utan býla. Að stuðla að **góðum samgöngum** í byggðarluginu. Sjá kafla 1.1.

3.4.1 Vegir

MARKMIÐ:

Leitað verði hagkvæmstu lausna í vegagerð og stuðlað að umferðar- og rekstraröryggi og samtengingu byggðar, m.a. vegna skólaaksturs og atvinnu utan býla. Tengivegir innan byggðarinnar verða endurbættir vegna skólaaksturs og vinnusóknar utan heimilis.

LEIÐIR:

Stuðlað verði að bættum samgöngum við nágrannabyggðalög.

Aukið verði öryggi vegfarenda á vegum. Sérstök áhersla er lögð á öruggari vegtengingar tengibrauta og fækkun heimtraða við Hringveginn vegna umferðaröryggis.

Tengivegir verði lagaðir og lagðir bundnu slitlagi.

Sett verði undirgöngur undir Hringveginn á mótis við Þelamerkurskóla.

Vegsamgöngur og tenging við nágrannabyggðalög er góð í sveitarfélaginu. Þjóðvegir á láglendi flokkast í stofnvegi og tengivegi. Safnvegum og einkavegum er ekki gerð sérstök skil í aðalskipulagi, en þeir helstu er sýndir til skýringar á skipulagsuppdraetti. Gönguleiðir á láglendi eru ekki auðkenndar sérstaklega, en fjallað er um helstu gönguleiðir ofan byggðar og á afrétti í kafla 3.4.2.

Skipulagsáætlunin staðfestir núverandi vegakerfi Vegagerðarinnar í sveitarfélaginu sem og þingsályktun um samgönguáætlun 2011 – 2022.

Stærð	Gildi	Tilvísun
Veghelgunarsvæði stofnvega	30 m til beggja hliða frá miðlínu	Vegalög
Veghelgunarsvæði tengivega	15 m til beggja hliða frá miðlínu	Vegalög
Veghelgunarsvæði gatnamóta	Beinar línur milli punkta á miðlínu vega 40 m frá skurðpunkti*	Vegalög
Mesta hljóðstig utan við húsvegg á jarðhæð og utan við opnanlega glugga	35-55 db**	Reglugerð nr. 933/1999 og 1000/2005**

Tafla 3-3. Helstu stærðir í gerð skipulags þar sem þjóðvegir koma við sögu. (Heimild: Vegagerðin 2007). * Veghaldari getur, ef sérstaklega stendur á fært út mörk þessi, allt að 150 m. ** Sjá nánar í reglugerð um hávaða nr. 933/1999 og reglugerð um kortlagningu hávaða og aðgerðaráætlanir.

Stofnvegir

Á skipulagsuppdrautum er auðkennt núverandi stofnvegakerfi og fyrirhugaðar breytingar á stofnvegum til loka skipulagstímabilsins skv. langtímaáætlun í vegamálum 2007-2018 og tillögum sveitarstjórnar. Í Hörgársveit eru eftirfarandi stofnvegir:

Vegnr.	Heiti	Lýsing
1	Hringvegur	Frá sýslumörkum á Öxnadalshéið, um Öxnadal, Þelamörk og Kræklingahlíð til Akureyrar. Samkvæmt samgönguáætlun 2007-2018 er gert ráð fyrir að Hringvegur verði breikkaður á milli Borgarnes og Akureyrar á tímabilinu 2011-2018. Sveitarstjórn hefur samþykkt að hringveginum verði hliðrar til austurs við Laugaland vegna umferðaröryggismála.
82	Ólafsfjarðarvegur	Af Hringvegi á Moldhaugahálsi um Hörgársveit. Ekki er gerð tillaga um breytingu á Ólafsfjarðarvegi (82) á skipulagstímanum.

Tengivegir

Eftirfarandi tengivegir eru í sveitarfélaginu:

Vegnr.	Heiti	Lýsing
815	Hörgárdalsvegur	Af Hringvegi hjá Hamri, um brú á Hörgá og norður Hörgárdal að vestan á Ólafsfjarðarveg. Tillagan gerir ráð fyrir uppbyggingu á Hörgárdalsvegi á milli frá Hólkoti að Skriðu.
816	Dagverðareyrarvegur	Af Hringvegi hjá Sólborgarhóli, um Dagverðareyri og Gásir á Ólafsfjarðarveg. Gert er ráð fyrir að vegur verði endurbyggður í sama vegstæði frá Hellulandi að Gásam.

Aðrir kostir í vegagerð

Hér ber helst að nefna uppbyggingu ferðamannaleiða sbr. tenging Lónsbakka við Akureyri og tenging við Gásir en markmiðið með þeim er að búa til ákveðnar hringleiðir innan sveitarfélagsins og tengja betur saman ferðamannastaði.

Gert er ráð fyrir undirgöngum fyrir riðandi, gangandi og hjólandi á sex stöðum, við Bægisá, á móts við Þelamerkurskóla, á landamarkjum Moldhauga og Skjaldarvíkur, við vegamót Ólafsfjarðarvegar og Hringvegar, á móts við Hof og Kambhól.

3.4.2 Göngu- og hjólaleiðir

MARKMIÐ:

Stuðlað verði að almennri útivist í Hörgársveit og stutt við uppbyggingu ferðapjónustu á svæðinu.

LEIÐIR:

Halda skal áfram merkingu gönguleiða í samstarfi við áhugamannafélög og aðila í ferðapjónustu.

Göngustígar verði útbúnir í skógræktarsvæðum í sveitarfélaginu.

Göng undir Hringveginn til að tengja Þelamerkurskóla við skógarreiti austan vegar.

Margar fornar þjóðleiðir eru í sveitarfélaginu og er í aðalskipulagi fyrst og fremst sýndar gönguleiðir sem tengjast yfir fjallgarða að nágrannasveitarfélögum sem og skilgreindar gönguleiðir meðfram Hörgá eða meðfram ströndinni frá Krossanesborgum að Gásum. Aðrar gönguleiðir t.a.m. meðfram gömlum þjóðvegum eða gegnum skógarlundi eru ekki sýndar á uppdrættir. Gert er ráð fyrir hjólaleið samsíða og sunnan við Hringveginn frá Lónsbakka við Þelamerkurskóla. Hjólaleiðin tengist undirgöngum norðan við Hlíðarbæ og við Þelamerkurskóla. Hjólaleið er skilgreind austan Ólafsfjarðarveggar að undirgöngum á mótis við Kambhól og þaðan vestan vegar til Dalvíkur. Undirgöng fyrir gangandi og hjólandi eru sýnd á uppdrætti og eru við Hof, við Þelamerkurskóla, við vegamót Hringveggar og Ólafsfjarðarveggar og á landamerkjum Moldhauga og Skjaldarvíkur.

Gönguleið	Lýsing
A	Gönguleið frá Fornhaga um Þorvaldsdal yfir í Dalvíkurbyggð
B	Gengið frá Skriðu um Skriðudal yfir í Skíðadal
C	Gengið frá Bugi inn Barkárdal að Tungnahryggssjökli
D	Gengið frá Gili upp á Hörgárdalsheiði
E	Gengið frá Bægisá upp Bægisárdal sem leið nemur niður Glerárdal
F	Gengið frá Laugalandi um Krossastaðaárgil að skíðasvæði í Hlíðarfjalli
G	Gönguleið meðfram Hörgá
H	Strandleið frá Krossanesborgum að Gásum
I	Hjólaleið vestan hringveggar frá Lónsbakka að undirgöngum við Þelamerkurskóla og austan Ólafsfjarðarveggar að undirgöngum á mótis við Kambhól og þaðan vestan vegar.

3.4.3 Reiðleiðir

MARKMIÐ:

Meginreiðleiðir verði greiðfærar og malarbornar þar sem þess gerist þörf. Þess verði gætt að umferð hestamanna valdi sem minnstum spjöllum á gróðurlendi og sögu- og náttúruminum.

LEIÐIR:

Reiðleiðir verði færðar frá þjóðvegum þar sem því verður við komið.

Byggt verði upp skilvirkt reiðstígakerfi í samvinnu við Vegagerðina og hestamannfélög.

Meginreiðstígar tengja saman byggð og heiðalönd, en eru jafnframt reiðleiðir milli byggða innan héraðsins. Margar þessara leiða eru mikið notaðar, bæði í atvinnuskyni og til almennrar útivistar. Nýjar reiðleiðir hafa verið skilgreindar í samvinnu við landeigendur, hestamannafélög á svæðinu, Vegagerðina og aðra hagsmunaaðila. Auk meginreiðstíga eru ýmsar aðrar reiðleiðir sem eru einungis sýndar til leiðbeiningar á skipulagsuppdrætti. Margar þessara leiða eru einungis færar hluta úr ári og sum staðar þarf að hafa samráð við landeigendur um notkun þeirra.


Samkvæmt „Leiðbeiningum um gerð og uppbyggingu reiðvega“, sem unnar hafa verið í samvinnu Landssambands hestamannafélaga og Vegagerðarinnar, eru reiðleiðir flokkaðar í þrjá meginflokka eftir hlutverki þeirra:

Stofnleiðir. Aðalleiðir sem liggja á milli sveitarfélaga tengja saman sveitir og þéttbýli annars vegar og hálendið hins vegar. Þetta eru aðalleiðir í byggð utan þéttbýlis.

Héraðsleiðir. Tengingar milli bæja og fornar leiðir, sem ekki þola mikla umferð. Yfirleitt aðeins gert ráð fyrir einstaklingsumferð.

Tengileiðir í næsta nágrenni við þéttbýli og annars staðar þar sem búast má við mikilli hestaumferð. Einnig leiðir milli hesthúshverfa.

Reiðleið	Lýsing
A	Frá Öxnadalsheiði meðfram Hringveginum til Akureyrar.
B	Frá Hólum um Kambskarð að Melgerðismelum í Eyjafjarðarsveit.
C	Frá undirgöngum á mótis við Bægisá meðfram Hörgárdalsvegi upp á Hörgárdalsheiði, þaðan að Hjaltadal í Skagafirði og að Öxnadalsheiði.
D	Frá Melum samsíða Þjóðvegi 815 og 813 að undirgöngum á mótis við Hof.
E	Frá Fornhaga um Þorvaldsdal að Dalvíkurbyggð.
F	Frá undirgöngum á landamerkjum Moldhauga og Skjaldarvíkur meðfram Dagverðareyrarvegi að reiðleið meðfram Dalvíkurvegi.
G	Frá undirgöngum á landamerkjum Moldhauga og Skjaldarvíkur meðfram Skjaldarvík að sveitarfélagsmörkum við Akureyri á mótis við Brávelli.
H	Frá undirgöngum á gatnamótum Hringvegar og Dalvíkurvegar og að Ósi.
I	Meðfram tengivegi um Galmaströnd að undirgöngum við Kambhól og þaðan að sveitarfélagsmörkum Dalvíkurbyggðar.



Tafla 3-4. Megin göngu- og reiðleiðir í Hörgársveit. Hjálaleiðir eru sýndar með bláum lit.

3.4.4 Grunnkerfi og helgunarsvæði

3.4.5 Vatnsveita

MARKMIÐ:

Stefnt er að því að öll byggð í sveitarfélaginu njóti nægjanlegs og góðs neysluvatns.

LEIÐIR:

Vatnsból verði afgirt og engar framkvæmdir sem gætur ógnað vatnsverndarsvæðum verði leyfðar á grannsvæðum eða fjarsvæðum þeirra.

Viðurkennd vatnsból eru á þeim bæjum þar sem er starfrækt eru mjólkurbú. Áætlunin skilgreinir ekki verndarsvæði vatnsbóla einstakra jarða í dreifbýli.

3.4.6 Hitaveita

MARKMIÐ:

Stefnt er að því að sem stærstu hluti byggðar í sveitarfélaginu njóti hitaveitu.

LEIÐIR:

Haldið verði áfram rannsóknum og möguleikum á að nýta jarðhita til hita upp húsnæði sem víðast í sveitarfélaginu.

Hluti sveitarfélagsins er tengdur hitaveitu Norðurorku.

Þar sem jarðhitarannsóknir hafa leitt í ljós að gjöfult jarðhitasvæði er á Arnarnesi við Hjalteyri er gert ráð fyrir frekari nýtingu á því í framtíðinni. Takmarkandi þáttur í nýtingu svæðisins er aðveituæðin sem lögð var 2003 og er flutningsgeta hennar nánast fullnýtt, sem krefst nýrrar aðveitulagnar. Einnig er jarðhitasvæði við Ytri-vík/Syðri-haga þar sem nýting fyrir Akureyri gæti komið til álita. Núverandi lögn frá Arnarnesi er lögð undir botn Hörgár á móts við Skipalón. Staðsetning lagnarinnar veldur áhættu í rekstri þar sem lögnin getur verið óaðgengileg til viðhalds vegna aðstæðna við áнна.

Norðurorka gerir því ráð fyrir að á gildistíma aðalskipulagsins verði lögð ný hitaveitulögn frá Arnarnesi á Hjalteyri til Akureyrar. Einnig er gert ráð fyrir að lögnin verði á seinni stigum framlengd frá Arnarnesi til norðurs að sveitarfélagsmörkum Dalvíkurbyggðar. Áætlað er að nýja lögnin verði að mestu í veghelgunarsvæði Ólafsfjarðarveggar og mögulega Bakkavegar þegar komið er norður fyrir Moldhaugaháls en óljósara er með lagnaleið frá Akureyri að dælustöð í Skjaldavík. Þverun Hörgár mun þá verða á brú sem auðveldar viðhald, eftirlit og eykur rekstraröryggi. Norðurorka mun þegar nánari tilhögun liggur fyrir sækja leyfi fyrir lögninni til hlutaðeigandi landeigenda og Vegagerðarinnar.

3.4.7 Fráveita

Viðurkenndar rotþrær eru við öll býli og frístundahús í sveitarfélaginu.

3.4.8 Rafveita

MARKMIÐ:

Stefnt er að því að öll byggð njóti raftengingar á hagstæðustu verði og að raforkumannvirki verði í sátt við samfélag og náttúru. Tryggt sé að markmið skipulagsreglugerðar nr 90/2013, um að skynsamleg og hagkvæm nýting lands og landsgæða sem tryggi vernd landslags, nátturu og menningarverðmæta og komi í veg fyrir umhverfisspjöll, séu höfð að leiðarljósi við skipulag slíkra mannvirkja. Einnig er það markmið, að tryggt sé að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn þó svo að hagsmunir heildarinnar verði hafðir að leiðarljósi. Mikilvægt er að slíkt skipulag/framkvæmd hafi sem jákvæðust áhrif á samfélagið í Hörgársveit.

LEIÐIR:

Að þrífösun rafmagns verði komið á í dreifbýli.

Um Hörgársveit liggja nú þegar, auk annarra raflína tvær stórar háspennulínur, annarsvegar Dalvíkurlína frá Akureyri til Dalvíkur með flutningsgetu að 132kv spennu. Hins vegar Rangárvallalína sem liggur frá Akureyri og til Varmahlíðar í Skagafirði einnig með flutningsgetu að 132kv spennu.

Almennt um legu og gerð raflína

Skýr vilji er fyrir flutningi á meiri raforku um sveitarfélagið að uppfylltum þeim skilyrðum að lega og gerð allra raflína taki mið af umhverfi, almennu öryggi og verndun góðs ræktunarlands. Stefna sveitarfélagsins er að flutningslínur raforku verði í

jörðu og að allar nýjar raflínur sem fyrirhugað verður að leggja á skipulagstímanum, fái skipulagslega umfjöllun og kalli á aðalskipulagsbreytingu innan Hörgársveitar.

Blöndulína 3

Samkvæmt ofangreindri stefnu sveitarfélagsins um raflínur þá er Blöndulína 3 ekki sýnd á skipulagsuppdrætti þar sem ekki eru forsendur á þessu stigi til þess að ganga frá legu hennar og gerð, sbr. gildandi svæðisskipulag Eyjafjarðar (sjá kafla 1.3). Þegar ákvörðun um lagningu Blöndulínu 3 hefur verið tekin í fullu samráði við sveitarstjórn og landeigendur og tryggt að gerð og lega hennar taki mið af umhverfi, almennu öryggi og verndun góðs ræktunarlands, verði aðalskipulagi breytt.

Helgunarsvæði raflína

Samkvæmt reglugerð 586/2004 skal tilgreina lágmarksfjarlægðir háspennulína til annarra mannvirkja sem og opinna svæða til sérstakra nota. Ræktun hávaxinna plöntutegunda innan helgunarsvæðis er óæskileg og skal eftirfarandi regla gilda um fjarlægð trjáa frá háspennulínunum. Fjarlægðin miðast við að hún sé hæð fullvaxinna trjáa sinnum 1,5. Reglugerðin vísar til íslenskra staðla sem ákvarða m.a. helgunarsvæði meðfram háspennulínunum þar sem ekki er heimilt að reisa nein mannvirki á. Við framkvæmdir og við skipulag nýrra svæða skal gera ráð fyrir eftirfarandi helgunarsvæði (byggingarbann) háspennulína:

66 kV línur 25 m.

132 kV 35-45 m.

220 kV 65-85 m.

Heiti línu	Lýsing
Rangárvallalína 1	Línuleið: Rangárvellir-Varmahlíð, spenna 132 kV.
Dalvíkurlína 1	Línuleið: Rangárvellir-Dalvík, spenna 66 kV. Byggt fyrir 132 kV.

3.4.9 Fjarskipti

MARKMIÐ:

Áframhaldandi uppbyggingu fjarskipta í sveitarfélaginu sem stuðlar að aukinni þjónustu við íbúa og styrkir atvinnustarfsemi. Unnið verði að því að koma á öruggu farsímasambandi í öllu sveitarfélaginu.

LEIÐIR:

Uppbygging háhraðanets í sveitarfélaginu.

Fjölgun senda fyrir farsíma í sveitarfélaginu.

Háhraðanet með ljósleiðara er í hluta sveitarfélagsins, í Arnarneshrepps-hluta hans, Lónsbakka, Kræklingahlíð og hluta Hörgárdals. Annars staðar er DSL-samband með símalínunum eða örbylgjusamband, hvorugt er nægilega afkastamikið fyrir þarfir heimila og búrekstrar.

Farsímasamband er víðast í sveitarfélaginu, en á nokkrum bæjum er það ófullnægjandi.

3.4.10 Umhverfisáhrif samgöngur

Meginmarkmið áætlunarinnar um samgöngur og veitur er að tryggja sem öruggastar samgöngur. Stefnt er að lagningu nýrra göngu- og reiðleiða, auk endurbóta og viðhalds á núverandi leiðum og þannig verði stuðlað að almennri útivist í sveitarfélaginu með góðu aðgengi að göngustígum. Stefnt er að lagningu nýrra reiðleiða, auk endurbóta og viðhalds á núverandi leiðum.

Stefnt er að því að öll byggð í sveitarfélaginu njóti nægjanlegs og góðs neysluvatns og skal það tryggt með því að vatnsból verði afgirt og engar framkvæmdir sem gætur ógnað vatnsverndarsvæðum verði leyfðar á grannsvæðum eða fjarsvæðum þeirra. Viðurkennd vatnsból eru á þeim bæjum þar sem er starfrækt eru mjólkurbú. Áætlunin skilgreinir ekki verndarsvæði vatnsbóla einstakra jarða í dreifbýli.

Stefnt er að því að sem stærstu hluti byggðar í sveitarfélaginu njóti hitaveitu og haldið verði áfram rannsóknunum og möguleikum á að nýta jarðhita til hita upp húsnæði sem víðast í sveitarfélaginu. Hluti sveitarfélagsins er tengdur hitaveitu Norðurorku.

Viðurkenndar rotþrær eru við alla bæi og sumarhús í sveitarfélaginu.

Stefnt er að því að öll byggð njóti raftengingar á sem hagstæðasta verði.

Á heildina litið kemur stefnumörkun aðalskipulags Hörgársveitar 2012-2024 sem snýr að samgöngum og veitum fyrst og fremst til með að hafa óveruleg áhrif á þá umhverfispætti sem metnir eru.

4 ÞÉTTBÝLI

Í Hörgársveit eru skilgreind tvö þéttbýli, annars vegar Lónsbakki, rétt norðan Lónsins, og hins vegar Hjalteyri, nyrst í sveitarfélaginu.

4.1 BYGGÐ

4.1.1 Íbúðarbyggð

MARKMIÐ:

Uppbygging íbúðarsvæða verði á hagkvæman hátt og nýti sem best þær grunnstoðir og þjónustukerfi sem fyrir eru. Stuðlað verði að góðum tengslum við miðlæg þjónustu- og útivistarsvæði.

LEIÐIR:


Komið verði til móts við mismunandi þarfir íbúa með fjölbreyttu framboði íbúðagerða og lóða.

Ný svæði fyrir íbúðarbyggð verði góðum tengslum við núverandi íbúðarbyggð og klárað verði að nýta auð svæði innan núverandi íbúðarbyggðar áður en uppbygging hefst á auðum svæðum.


Í þéttbýlunum, Lónsbakka og Hjalteyri, eru skilgreind svæði fyrir íbúðarbyggð sem eru u.þ.b. 16 ha að stærð.

Á þeim íbúðarsvæðum er æskilegt að hafa eftirfarandi töflu um nýtingarhlutfall eftir húsagerðum til viðmiðunar þegar unnið er deiliskipulag eða það endurskoðað:

Húsagerðir	íbúðir / ha	nýtingarhlutfall
Einbýlishús	10 – 15	0,2 - 0,4
Raðhús	15 – 25	0,4 - 0,6
Sambýlishús (2-5 íbúðir)	25 – 35	0,6 - 0,8



Mynd 4-1. Íbúaþróun í Arnarneshreppi og Hörgárbyggð til ársins 2010 og fyrir Hörgársveit árið 2015.



Mynd 4-2. Íbúaspá fyrir Hörgársveit.

Íbúaþróun


Sameiginlegur búafjöldi sl. 10 ára í Arnarneshreppi og Hörgárbyggð sem mynda nú sveitarfélagið Hörgársveit nokkurn veginn staðið í stað. Árið 2006 bjuggu samtals 571 í þessum tveimur sveitarfélögum en 1. janúar 2015 voru íbúar í Hörgársveit 567.

Íbúaspá

Framreikningar aðalskipulagsins byggja á stöðunni frá 2015 og þróun skv. tölum Hagstofunnar varðandi mannfjöldapróun. Mannfjöldaspá Hagstofunnar nær til ársins 2060 og er hún sett fram sem lágspá, miðspá og háspá. Þegar horft er til ársins 2024 þá gerir lágspáin ráð fyrir um 0,7% fjölgun, miðspáin 0,8 og háspáin fyrir 1% fjölgun. Vegna nálægðar við Akureyri þá er einnig sett fram spá sem gerir ráð fyrir 1-1,5% fjölgun í sveitarfélaginu. Spá þessi er ekki nákvæm þar sem aðrir hlutir eins og búferlaflutningar, aldursdreifing o.fl. geta breytt forsendum. Skekkjumörk geta líka verið nokkur sem aukast við árafjöldann. Miðað við þær spár sem lagðar eru fram má gera ráð fyrir að í lok skipulagstímabilsins að íbúum í sveitarfélaginu munu fjölga um 50-120 manns og íbúfjöldi verði á bilinu 620-690.

Aldursdreifing

Á þremur myndum hér á eftir má sjá aldursdreifinguna í sveitarfélaginu í heild sinni og svo á þéttbýlisstöðunum tveimur, Lónsbakka og Hjalteyri. Nokkuð stórt skarð má sjá á heildartölum í aldursþópunum 0-9 ára og 25-39 ára. Það sama má segja um þéttbýlistaðina tvo sem gefur til kynna að samfélagsgerðin er að breytast og samfélagið að eldast.



Mynd 4-3. Myndirnar sýna aldursdreifingu í Hörgársveit í heild sinni, á Lónsbakka og Hjalteyri.

Íbúðapörf

Miðað við gefnar forsendur íbúaspár sem gerir ráð fyrir 0,7-1,5% fjölgun íbúa í sveitarfélaginu þá er þörf fyrir u.þ.b. 20-50 íbúðir út skipulagstímabilið. Innan Lónsbakka er skilgreint svæði, mismundandi eftir þéttleika, fyrir 26-39 íbúðir. Á Hjalteyri eru skilgreindar 28 lóðir. Sjá umfjöllun hér á eftir. Þar sem gert er ráð fyrir að þörf sé á 20-55 íbúðum þá eru íbúðarsvæði vel yfir áætlaðri þörf til ársins 2022. Ásókn hefur verið í íbúðarhúsalóðir í sveitarfélaginu á undanförunum árum en vöntun á byggingarlandi í þéttbýli hefur hamlað því að hægt hefur verið að svara eftirspurninni og þ.a.l. gefið ranga mynd af íbúðapróun í sveitarfélaginu. Vegna nálægðar við Akureyri og hversu forsendur geta auðveldlega breyst t.a.m. vegna fjölgunar atvinnutækifæra og annarra þátta þá eru sýnd stærri svæði til skýringar en íbúaspár gera ráð fyrir.

Lónsbakki

Á Lónsbakka eru þrjár götur með 46 lóðum, Skógarhlíð, Birkihlíð og Lónsvegur, sem eru nær fullbyggðar. Í aðalskipulagi Hörgárbyggðar var gert ráð fyrir svæðum fyrir íbúðarbyggð suðvestan við núverandi íbúðarbyggð. Nýtt byggingarsvæði er samtals 5 ha að stærð og þar er rými fyrir um 50-75 íbúðir eins og kemur fram í töflu hér á eftir miðað við þéttleikann 10-15 íbúðir á ha.

Ný svæði	Stærð í ha	Fjöldi lóða
Svæði A til 2024	2,6	26-39
Svæði B eftir 2024	2,4	24-36

Hjalteyri

Á Hjalteyri er íbúðarbyggð er skilgreint íbúðarsvæði um 10 ha með um 18 íbúðum. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi fyrir Hjalteyri eru skilgreindar 23-25 nýjar lóðir fyrir íbúðarhús. Gert er ráð fyrir 15 nýjum lóðum við Möllersgötu, 4 við Kveldúlfsgötu og 4-6 niður á Eyrinni.

Svæði	Reitur	Fjöldi lóða	Stærð lóða
Möllersgata	ÍB1	15	800-1000 m ²
Kveldúlfsgata	ÍB1	4	800-1000 m ²
Eyrin	ÍB2	4-6	500-600 m ²
Samtals		23-25	

4.1.2 Frístundabyggð

MARKMIÐ

Stefnt er að eflingu frístundabyggðar og ferðamennsku, m.a. í þeim tilgangi að skapa fólki fjölbreytta aðstöðu á svæðinu og lengja dvalartíma þess. Gætt verði umhverfissjónarmiða við skipulagningu nýrra svæða fyrir frístundabyggð. Frístundabyggð verður ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna náttúrufars, náttúruauðlinda, sögu eða almenns útivistargildis.

LEIÐIR:

Skipulagt verði svæði undir frístundabyggð á Hjalteyri norðan við núverandi íbúðarbyggð.

Frístundahús verði í samræmi við gildandi deiliskipulag.

Á frístundasvæðum skulu lóðir að jafnaði vera á stærðarbilinu ½ - 2 ha, nýtingarhlutfall skal miðast við 0,03 þó þannig að byggingar verði ekki stærri en 150 m².

Huga skal að náttúrfari áður en deiliskipulagsvinna hefst til að koma í veg fyrir að mikilvægar jarðmyndanir og gróðursvæði verði fyrir áhrifum vegna framkvæmda.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
F1	Grímsstaðabyggð	Á svæðinu er heimilt að gera ráð fyrir byggð frístundahúsa. Hönnun byggðarinnar skal miða að því að byggðin falli vel að landslagi, s.s. með staðsetningu húsa, hæðarsetningu, formi bygginga og efnis- og litavali. Stærð svæðis 4,5 ha. Í deiliskipulagi sem samþykkt var 2011 er gert ráð fyrir 10 húsum á svæðinu.

4.1.3 Íþróttasvæði

MARKMIÐ

Skapa aðstæður fyrir alla aldurshópa til heilsuræktar, íþróttar og tómstundarstarfs og útivistar.

Að allir íbúar hafi aðgang að góðum útivistarsvæðum í göngufæri frá heimilum sínum.

LEIÐIR

Að boðið verði upp á fjölbreytta aðstöðu til útivistar og íþróttaiðkunar í góðum tengslum við íbúa.

Börnum og unglingum sé gert kleift að stunda íþróttar og tómstundastarf við sitt hæfi óháð búsetu.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
ÍB-1	Sparkvöllur	Sparkvöllur norðan við leikskólann Álfastein. Stærð svæðis 1,5 ha.

4.1.4 Afþreyingar og ferðamannasvæði

MARKMIÐ

Að auka þjónustu og afþreyingu fyrir ferðamenn á svæðinu.

LEIÐIR

Að fjölga gistingualeikum innan svæðisins.

Á Hjalteyri er eitt svæði skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
AF-1	Brekka	Á svæðinu er fyrirhugað tjald- og hjólhýsasvæði ásamt þeim möguleika að vera með torgsöluhús og léttu afþreyingu sem hægt er að koma upp á sumrin. Nánari ákvæði verða sett í deiliskipulagi. Stærð svæðis 3 ha.

4.1.5 Opin svæði

MARKMIÐ:

Aukin áhersla verði lögð á vistlegt umhverfi og trjárækt innan þéttbýlisins til skjólmyndunar og fegrunar.

LEIÐIR:

Uppbygging opinna svæða á Lónsbakka á Hjalteyri og aukin trjárækt til skjólmyndunar og fegrunar.

Umhverfi byggðarinnar á Hjalteyri og Lónsbakka er skilgreint sem opið svæði og ætlað fyrir almenna útivist með tilheyrandi aðstöðu svo sem stígum, áningarstöðum og ræktunarsvæðum. Lýsing á starfsemi á einstökum svæðum er samkvæmt núverandi notkun. Heildarstærð opinna svæði á Lónsbakka eru 11 ha og á Hjalteyri 47 ha og innan þeirra eru afmörkuð núverandi skógræktar- og leiksvæði.

Lónsbakki:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
O1	Skógur	Sunnan við leikskólann Álfastein. Stærð svæðis 1,9 ha.

Hjalteyri:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
O1	Skógræktarsvæði	Skógrækt og útivistarsvæði innan byggðar á Hjalteyri. Á svæðinu er gert ráð fyrir áframhaldandi skógrækt til skjóls sem og gerð stíga og áningastaða.

4.1.6 Umhverfisáhrif byggðar

Sjá kafla 3.1.7 og umfjöllun í umhverfisskýrslu.

4.2 ATVINNA

4.2.1 Verslun og þjónusta

MARKMIÐ:

Lögð er áhersla á að gott framboð á verslunar- og þjónustulóðum.

LEIÐIR:

Gefið er eðlilegt svigrúm fyrir þróun á núverandi verslunar- og þjónustustarfsemi og nýjar eru dreifðar um þéttbýlið.

Á skipulagsuppdætti fær verslunar- og þjónustusvæði gulan lit. Þar er fyrst og fremst gert ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi. Eftirfarandi svæði á Lónsbakka og á Hjalteyri eru skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði. Nýtingarhlutfall á verslunar- og þjónustusvæðum skal almennt vera að meðaltali um 0,2-0,6:

Lónsbakki

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
VP-1	Lónsá	Gistiheimili, stærð lóðar 1 ha
VP-2	Húsasmiðjureitur	Verslun Húsasmiðjunnar, Blómavals og timbursala, stærð lóðar 2,3 ha
VP-3	Lífland	Ýmis þjónusta í tengslum við landbúnað, stærð lóðar 1,0 ha

Hjalteyri

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
VP-1	Hjalteyrarvegur	Verslunar- og þjónustulóð, stærð 0,5 ha. Uppbygging samkvæmt deiliskipulagi.
VP-2	Gamli grunnskóli	Á svæðinu er ferðaþjónusta, gisting og veitingar. Stærð svæðis 0,8 ha.

4.2.2 Samfélagsþjónusta**MARKMIÐ:**

Skóla- og leikskólar verði í góðum tengslum við íbúðahverfi og nýtist þannig sem útivistarsvæði. Félagsleg þjónusta verði sem mest miðsvæðis og aðgengileg öllum íbúum.

LEIÐIR:

Öruggar gönguleiðir og bætt aðgengi verði að þjónustustofnunum.

Nýtingarhlutfall á verslunar- og þjónustusvæðum skal almennt vera að meðaltali um 0,2-0,6.

Lónsbakki

Á Lónsbakka er ekki starfræktur grunnskóli en skólabíll gengur á milli Lónsbakka og belamerkurskóli þar sem grunnskólinn í sveitarfélaginu er starfræktur. Á Lónsbakka er leikskóli sem tekur 32 börn og er hann staðsettur norðan við þéttbýlið. Á skipulagsuppdætti fá svæði fyrir þjónustustofnanir appelsínugulan lit. Eftirtalin svæði fyrir þjónustustofnanir eru á Lónsbakka:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
S-1	Leikskóli	Leikskólinn Álfasteinn, stærð lóðar 0,5 ha

4.2.3 Athafnasvæði**MARKMIÐ:**

Lögð verður áhersla á að skapa fyrirtækjum góðar umhverfisaðstæður.

LEIÐIR:

Fjölbreytt framboð athafnalóða fyrir mismunandi fyrirtæki.

Að lækka raforkukostnað atvinnufyrirtækja.

Athafnasvæði eru sýnd með ljósgráum lit. Á Lónsbakka er athafnasvæði vestan og austan Hringvegarins. Nýtingarhlutfall á athafnasvæðum skal almennt vera að meðaltali um 0,3 - 0,6.

Hjalteyri

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
AT-1	Verksmiðjan á Hjalteyri	Gert er ráð fyrir athafnastarfsemi, s.s. verkstæðum, minniháttar fiskvinnslu, lagerhúsnæði, skrifstofum o.fl. Stærð svæðis 2,5 ha.

4.2.4 Iðnaðarsvæði

MARKMIÐ:

Tryggt verði eðlilegt svigrúm fyrir þróun núverandi iðnaðarstarfsemi. Iðnaður verði efldur í sveitarfélaginu.

LEIÐIR:

Lögð er áhersla á að gott framboð á rúmum iðnaðarlóðum, m.a. til að nýta tækifæri sem tengjast sérstöðu svæðisins.

Að lækka flutningskostnað með því að lækka álögur hins opinbera á flutningastarfsemi.

Að lækka raforkukostnað atvinnufyrirtækja.

Iðnaðarsvæðin eru sýnd sem dökkgráum lit. Á Lónsbakka er eitt iðnaðarsvæði. Nýtingarhlutfall á iðnaðarsvæðum skal almennt vera að meðaltali um 0,2 - 0,5.

Eftirfarandi er yfirlit yfir iðnaðarsvæði:

Lónsbakki

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
I1	Sláturhús á Lónsbakka	Sláturhús B. Jensen, stærð lóðar 0,3 ha

Hjalteyri

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
I1	Arnarholt	Veitustöð fyrir heitt vatn, stærð lóðar 0,3 ha
I2	Skrugga	Veitustöð fyrir kaltvatn.

4.2.5 Hafnarsvæði

MARKMIÐ:

Tryggt verði eðlilegt svigrúm fyrir þróun smábátahafnar.

LEIÐIR:

Lögð er áhersla á að gott framboð á lóðum undir hafnsækna starfsemi og uppbyggingu verbúða.

Innan hafnarsvæða er unnt að gera óverulegar breytingar á hafnarbakka, bryggjum og landfyllingum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi svo fremur að það rúmist innan viðkomandi landnotkunarafmörkunar fyrir hafnarsvæðið, en gera skal grein fyrir slíkum breytingum í deiliskipulagi. Ekki er gert ráð fyrir stækkun smábátahafnarinnar á skipulagstímabilinu. Umfjöllun um varnargarða er í kafla 3.3.5. Hafnarsvæðin eru sýnd með blágráum lit. Nýtingarhlutfall á hafnarsvæðum skal almennt vera að 0.2 – 0.6.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
H1	Höfnin á Hjalteyri	Smábátahöfn. Svigrúm verði fyrir nýbyggingar sem falla að nýtingu svæðisins fyrir hafnsækna starfsemi. Stuðlað verði að aðlaðandi ásynd mannvirkja og vönduðum umhverfisfrágangi. Stærð svæðis 1,5 ha.

4.2.6 Umhverfisáhrif atvinnu

Sjá umfjöllun í kafla 3.2.8 og í umhverfisskýrslu.

4.3 NÁTTÚRA OG VERNDARSVÆÐI

4.3.1 Óbyggð svæði

MARKMIÐ:

Unnið verði að því að nýta sem best útivistarmöguleika sem nágrenni Lónsbakka og Hjalteyrar býður upp á.

LEIÐIR:

Áfram verði unnið að áætlunum um skógrækt og uppgræðslu í nágrenni Lónsbakka og Hjalteyrar.

Gönguleiðarkerfi skv. tillögu í aðalskipulagi verði byggt upp.

Lónsbakki og Hjalteyri er umlukin opnum svæðum sem eru áhugaverð til ræktunar og útivistar. Samkvæmt skipulagslögum þá er ekki neinn landnotkunarflokkur sem nær til almennra útivistarsvæða og því eru slík svæði skilgreind hér sem óbyggð svæði. Hér er um að ræða öll opin svæði innan byggðarinnar og í næsta nágrenni hennar sem ekki eru skilgreind sem opin svæði til sérstakra nota.

4.3.2 Náttúruverndarsvæði

Engin friðlýst svæði eða svæði á náttúruminjaskrá eru innan þéttbýlismarka Lónsbakka eða Hjalteyrar.

4.3.3 Þjóðminjavernd

Hér er fjallað um tvo flokka þjóðminjaverndarsvæða sem njóta verndar skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012: (i) friðaðar og friðlýstar fornleifar og (ii) friðuð hús.

Friðlýstar fornleifar

Engar friðlýstar fornleifar, innan þéttbýlismarka Lónsbakka og Hjalteyrar, eru á skrá Minjaverndar Íslands um friðlýstar fornleifar.

4.3.4 Hverfisverndarsvæði

MARKMIÐ:

Stuðlað verði að varðveislu náttúruminja, fornleifa og annarra söguminja, sem m.a. rennir styrkari stoðum undir ferðaþjónustu á svæðinu.

LEIÐIR:

Í aðalskipulaginu eru svæði og staðir skilgreind sem hverfisverndarsvæði.

Hverfisvernd

Hverfisverndarsvæði á Hjalteyri er vegna vegna náttúruverndar. Nokkrir staðir eru friðaðir ýmist vegna minja eða náttúru en eins og gefur að skilja eru saga og náttúra samtvinnuð í bænum. Hverfisverndarákvæði:

Halda skal byggingaframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.

Stefnt er að því að settar verði verndar- og umgengnisreglur um hverfisverndaða svæðið sem tryggi varðveislu þess sem náttúruverndar- og útivistarsvæði.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
HV-1	Hjalteyri og Hjalteyrartjörn	Hjalteyrartjörn er sjávarlón sem lokast hefur frá sjónum með malarriði, sem sjórinn hefur myndað með tilfærslu efnis úr nöfunum rétt fyrir utan. Síðan hefur lón lokast inni á bak við rífið, þ.e. Hjalteyrartjörn. Tjörnin mun vera alldjúp og þar var áður fyrir nokkur silungsveiði. Fjölbreytt fuglalíf er í tengslum við svæðið. Innan hverfisverndarsvæðisins eru einnig minjar.

4.3.5 Umhverfisáhrif náttúra og verndarsvæði

Sjá kafla 3.3.10 og umfjöllun í umhverfisskýrslu.

4.4 SAMGÖNGUR OG VEITUR

4.4.1 Vegir

MARKMIÐ:

Lögð skal áhersla á heilsteypt umferðarkerfi sem tengir íbúða- og atvinnuhverfi saman á skilvirkan og öruggan hátt.


LEIÐIR:

Skipulag nýrra hverfa taki mið af því að stytta ökuleiðir, ásamt því að staðsetja þjónustu og atvinnutækifæri eins nálægt íbúum og hægt er.

Hugað verði sérstaklega að göngu- og hjólréiðastígum með það að leiðarljósi að þeir tengist atvinnu- og útivistarsvæðum.

Flokkun gatnakerfis miðast við hefðbundna flokkun gatna í stofnvegi, tengivegi, safngötur og húsagötur. Samkvæmt skipulagsreglugerð er einungis gerð grein fyrir stofnbrautum og tengibrautum á skipulagsupprætti. Safngötur og húsagötur eru teknar saman undir samheitinu „aðrar götur“ og eru einungis sýndar til skýringar á upprætti. Um veghelgunarsvæði sjá kafla 4.3.1.

Samkvæmt umferðartölum frá Vegagerðinni frá árinu 2000 til 2006 þá hefur árdagsumferð um Hringveg á milli Dagverðareyruvegs og Hlíðarbrautar aukist um 23% eða frá því að vera 2.552 bílar á dag árið 2000 í það að vera 3.180 bílar á dag árið 2010. Er þá miðað við árdagsumferð sem er meðaltalsumferð á dag yfir árið. Búast má við aukinni umferð um Hringveg miðað við umferðarspár Vegagerðarinnar á þjóðvegum landsins með auknum ferðamannastraumi, íbúafjölda og aukinni bílæign á skipulagstímanum en sú spá gerir ráð fyrir 1-2% árlega umferðaraukningu.⁶



Mynd 4-4. Árleg umferðaraukning um þjóðveg 1 um Moldhaugaháls.

Hávaðamæling hefur ekki verið gerð enda uppfylla umferðartölur ekki bráðabirgðaákvæði reglugerðar um hávaða nr. 933/1999, um það að gerð skuli hávaðakort fyrir þéttbýlissvæði og vegi þar sem umferð er meiri en þrjár milljónir ökutækja á ári (og að gerð slíks korts skuli vera lokið eigi síðar en 30 júní 2012). Sé miðað við að árleg aukning sé um 2% ári þá mun umferð á þessu svæði vera í kringum 2,5 milljónir bifreiða árið 2045. Þegar að því kemur að Hringvegur verði breikkaður verður gerð krafa um að hljóðvarnir miðist við að uppfylla kröfur fyrir mismunandi landnotkun í samræmi við ákvæði reglugerða sem gilda á þeim tíma þegar til uppbyggingar kemur.

Stofnvegir

Hringvegurinn liggur í gegnum Lónsbakka. Ekki er gert ráð fyrir flutningi vegarins, en huga þarf að öryggi gangandi vegfarenda. Gert er ráð fyrir breikkun Hringvegar á samgönguáætlun til 2018.

⁶ Vegagerðin 2012.

Tengivegir

Hugmyndir eru um nýja tengingu frá Hringveginum á móts við Lónsbakka sem jafnframt er tenging við Akureyrarbæ um nýja götu sem liggur í gegnum athafnasvæði vestan Hringvegarins. Gatan mun fara um lóð Berghóls II og því er gert ráð fyrir því að það hús verði flutt til að koma fyrir nýju vegstæði. Aðalskipulagstillagan tekur ekki afstöðu til þess hvernig vegtengingar eru útfærðar, en vegna aðstæðna er ekki mögulegt að hafa núverandi gatnamót á sama stað til framtíðar og er hugmynd þessi ekki sýnd í aðalskipulaginu.

Göngustígar

Stofnstígar eru sýndir á þéttbýlisupprætti og eru þeir auðkenndir með rauðgulum lit. Gönguleiðir eru sýndar til skýringar.

Hjólástígar

Hjólreiðastígar er sýndur meðfram Hringvegi á þéttbýlisupprætti og er hann auðkenndur með bláum lit.

Reiðstígar

Stofnkerfi reiðleiða eru sýndar á þéttbýlisupprætti og eru þær auðkenndar með brúnum lit.

4.4.2 Rafveita

MARKMIÐ

Að flutningskerfi raforku anni ávallt eftirspurn eftir raforku.

LEIÐIR

Jarðstrengir taki við af loftlínunum.

Dreifikerfi Rarik í sveitarfélaginu tengis tengivirki Landsnets á Rangárvöllum á Akureyri.

4.4.3 Hitaveita

MARKMIÐ:

Stefnt er að því að sem flest heimili í sveitarfélaginu njóti hitaveitu.

LEIÐIR:

Dreifikerfi hitaveitu hjá Norðurorku verði stækkað.

Vísað er í þéttbýlisupprætti til að sjá legu stofnæða hitaveitu í þéttbýlinu.

Unnið er að rannsóknum á jarðhitasvæðinu á Laugareyri í Hörgárdal með hugsanlega virkjun þess í huga.

4.4.4 Vatnsveita

MARKMIÐ:

Lónsbakki og Hjalteyri njóti nægjanlegs og góðs neysluvatns.

LEIÐIR:

Sveitarstjórn vinni markvisst að auka við þjónustu vatnsveitunnar.

Lónsbakki er tengdur vatnsveitu Norðurorku og samningur er við Norðurorku um að þjónusta Lónsbakka með heitt og kalt vatn. Vísað er í þéttbýlisupprætti til að sjá legu stofnæða í þéttbýlinu.

4.4.5 Fráveita

MARKMIÐ:

Frárennslismál þéttbýlanna séu ætíð í góðu lagi.

LEIÐIR:

Rotþrær með ozon-hreinsivirkjum eru á Lónsbakka

Meginhluti húsa á Hjalteyri er tengdur rotþró, en nokkur húsanna eru tengd útrás beint í sjó sem nær 45 m frá landi.

Miðað við núverandi magn fráveituvatns, áætlaða aukningu þess á næstu árum og þær endurbætur sem verið er gera á fráveitukerfinu mun það uppfylla kröfur Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra.

Vísað er í þéttbýlisuppdrátt til að sjá legu stofnæða fráveitu í þéttbýlinu.

4.4.6 Umhverfisáhrif grunnkerfi

Sjá kafla 3.4.8 og umfjöllun í umhverfisskýrslu.

5 HEIMILDIR

5.1 RITAÐAR HEIMILDIR:

Aðalskipulag Arnarneshrepps 117-2017.

Aðalskipulag Hörgárbyggðar 2006-2026.

Alþingi 2010: Skipulaglög. 123/2010..

Alþingi 2006: Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 **Byggðasafn Skagfirðinga 2009:**

Alþingi 1999: Náttúruverndarlög nr. 44/1999

Byggðastofnun 1999: Byggðir á Íslandi, aðgerðir í byggðamálum, 42 bls.

Byggðastofnun 1999: Byggðir á Íslandi, aðgerðir í byggðamálum, 42 bls.

Byggðastofnun 2001: Byggðarlög í sókn og vörn, Svæðisbundin greining á styrk, veikleika, ógnunum og tækifærum byggðarlaga á Íslandi, 188 bls.

Ferðamálaráð Íslands 2002: Auðlindin Ísland, 56 bls.

Félagsmálaráðuneytið 2005: Lokatillögur nefndar um sameiningu sveitarfélaga, 63 bls.

Fornleifastofnun Íslands 2004: Fornleifaskráning í Hörgárbyggð

Fornleifastofnun Íslands 2008: Fornleifaskráning í Arnarneshreppi

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra 2004 og Háskólasetrið í Hveragerði: Flokkun vatna á Norðurlandi eystra, Eyjafjarðará, Glerá, Hörgá og Svarfaðardalsá.

Húsafriðunarnefnd ríkisins 2000: Skrá yfir friðuð hús, lög reglugerðir og samþykktir, 133 bls.

Náttúrufræðistofnun 2011: Könnun á ofanflóðaaðstæðum í Öxnadal og Hörgárdal. Brynjólfur Sveinsson, Sveinn Brynjólfsson og Halldór G. Pétursson,

Náttúruverndarráð 1996: Náttúruminjaskrá. Skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar. Reykjavík, 7. útgáfa, 64 bls.

Samgönguráðuneytið 2001: Samgönguáætlun 2003-2014. Tillaga stýrihóps.

Samgönguráðuneytið 2002: Þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005.

Samgönguráðuneytið 2003: Þingsályktun um samgönguáætlun 2003-2006.

Samgöngur á nýrri öld.

Siglingastofnun Íslands 2004: Yfirlitsskýrsla um sjóvarnir árið 2004, 121 bls.

Skipulagsstofnun 2003: Leiðbeiningar um gerð Aðalskipulags

Skipulagsstofnun 2005: Leiðbeiningar um flokkun umhverfispátta, viðmið og vægi umhverfisáhrifa.

Svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998-2018

Vegagerðin 2002: Námur, efnistaka og frágangur.

Vegagerðin 2007: Vegir og skipulag, leiðbeiningar Vegagerðarinnar fyrir sveitarfélög og skipulagshöfunda

Vaxtarsamningur Eyjafjarðar 2004-2207

Veiðimálastofnun 2005: Lax- og silungsveiðin 2004, 29 bls

5.2 VEFSÍÐUR:

Byggðarannsóknarstofnun Íslands: www.brsi.is

Flugmálastjórn Íslands: www.caa.is

Frjálsa alfræðiritið: <http://is.wikipedia.org>

Hagstofa Íslands: www.hagstofan.is

Húsafriðunarnefnd ríkisins: www.hfrn.is

Landsvirkjun: www.lv.is

Landnet: www.landsnet.is

Nordic Adventure Travel: www.nat.is

Orkustofnun: www.os.is

Siglingastofnun Íslands: www.sigling.is

Skipulagsstofnun: www.skipulag.is

Norðurlandskógar: www.nls.is

Umhverfisstofnun: www.ust.is

Veðurstofa Íslands: www.vedur.is

Vegagerð ríkisins: www.vegagerdin.is

Norðurlandsvefurinn: www.nordurland.is

6 VIÐAUKI 2

6.1 FRÍÐUÐ HÚS Á GILDISSTÍMA AÐALSKIPULAGINS SKV. LÖGUM UM MENNINGARMINJAR NR.80/2012

Heiti	notkun	byggingarefni	bygg.ár
Fornhagi	íbúðareign	st/hlaðið	1924
Fornhagi	íbúðareign	st/hlaðið	1924
Þúfnavellir II	einbýli	timbur	1895
Öxnhóll	skúr	st/timbur	1920

Bakkakirkja	kirkja	timbur	1843
Hraun	hesthús	timbur	1884
Syðri-Bægisá	íbúð	hlaðið	1923

Berghóll II	íbúðareign	timbur	1908
Berghóll II	íbúðareign	timbur	1908
Berghóll II	íbúðareign	timbur	1908

Bægisáarkirkja	kirkja	timbur	1857
Efri-Rauðilækur	geymsla	timbur	1882
Glæsibæjarkirkja	kirkja	timbur	1866
Grjótgarður	fjárhús		1860

Hlíðarbær	samkomustaður	steypt	1919
Hraukbæjarkot	geymsla	timbur	1890
Hraukbæjarkot	geymsla	timbur	1900
Krossastaðir	hlaða	st/timbur	1920
Krossastaðir	einbýli	timbur	1895
Krossastaðir	íbúð/viðbygging	timbur	1920
Skipalón	safn	timbur	1843
Skipalón	einbýli	timbur	1824

Hjalteyri	hjalteyrarviti/skúr	timbur	1920
Hjalteyri hótél	einbýlishús	timbur	1912
Hjalteyri/Bræðraborg	bræðraborg	steypt	1918
Hjalteyri/Templarinn	sumarbústaður	timbur	1905
Knútshús	íbúð	st/timbur	1885
Knútshús	íbúð	st/timbur	1885
Möllershús	einbýlishús	timbur	1908
Sigurðarhús	einbýlishús	timbur	1907
Verlunarlóðin	sumarbústaður	timbur	1918
Verslunarlóðin	íbúð	st/timbur	1900
Verslunarlóðin	friðrikshús	timbur	1901

Bragholt	geymsla	timbur	1906
----------	---------	--------	------

Freyjulundur	einbýlishús	steypt	1912
Hof land	geymsla	timbur	1820
Hofteigur	geymsla	steypt	1917
Hvammur	hlaða	st/timbur	1910
Möðruvallakirkja	kirkja	timbur	1867
Möðruvellir 2	hesthús	st/timbur	1897
Möðruvellir lóð	leikhús	timbur	1880
Þrastarhóll land	geymsla	timbur	1900